

**KLASSÍSKAR BAÐFATABOMBUR**
LITIÐ UM ÖXL **32**

## Umhverfið er okkar leikvöllur

**Íslenskir strákar iðka „Free Running"-íþróttina**
MYNDAÞÁTTUR **40**









# FRÉTTABLAÐIÐ
HELGARÚTGÁFA
FRÍTT

6. júní 2009 — 133. tölublað — 9. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000



**HELGARVIÐTAL** 28



**Harpa Magnúsdóttir er undirlautinant í bandaríska hernum**

**RANNSÓKNIR** 30

**Hefur gert merkilegar uppgötvanir um háfjallaveiki**

**TÓNLIST** 56

**Gagnagrunnur tonlist.is margfaldast að stærð**





**SETJA SVIP Á MIÐBORGINA** Leikur Íslands og Hollands í undankeppni fyrir heimsmeistaramótið í knattspyrnu fer fram í kvöld en undanfarna daga hafa stuðningsmenn hollenska landsliðsins sett litríkan svip á miðborg Reykjavíkur. Þessir herramenn höfðu gert góð kaup í sölubás í Austurstræti í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**TVÖ SÉRBLÖÐ Í DAG**




# Lögum verði breytt um Seðlabankann

**Heilbrigðisráðherra útilokar ekki að lögum um Seðlabanka verði breytt. Bankinn eigi ekki að ganga gegn þjóðarhag. Hann hefur ekki gert upp hug sinn um hvað geti komið í stað ESB-aðildar, en segir stjórnina ætla að sitja í tólf ár.**

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson heilbrigðisráðherra efast um að Seðlabanki Íslands eigi að vera sjálfstæð stofnun áfram.

Hann segir í helgarviðtali við Fréttablaðið að bankinn ætti að hafa hagsmuni alls samfélagsins undir. „Ef bankinn rís ekki undir því að axla samfélagslega ábyrgð sína, hvers vegna er hann þá ekki færður aftur undir lýðræðislegt ákvörðunarvald?" spyr hann. Sjálfstæði Seðlabankans segir Ögmundur hluta af peningahyggju liðinna áratuga. „Þessi tími er á enda runninn. Auðvitað á Seðlabankinn, eins og allar aðrar stofnanir í lýðræðissamfélagi, að vera háður þeim sem huga að almannahag."

Um hvort til standi að breyta lögum um bankann á kjörtímabilinu, segir Ögmundur: „Ég held að þegar við tölum um þetta kjörtímabil, eigum við aldrei að segja aldrei um neitt. Allt hlýtur að vera í stöðugri endurskoðun, lög um Seðlabankann líka. Ef hann er farinn að ganga gegn þjóðarhag, þá hljótum við að taka hans starfsemi til endurskoðunar. Það er sem betur fer ekki bannað með lögum að breyta lögum."

Spurður hvernig eigi að skapa stöðugleika í efnahagsmálum utan ESB, og þá sérstaklega í gjaldmiðlamálum, segir hann að þetta þurfi að íhuga vel. „Ég hef ekki komist að niðurstöðu í því. En ég vil að við skoðum alla kosti."

Gagnrýni á ríkisstjórnina, um skort á gagnsæi og fleira, eigi að taka alvarlega. Stjórnin sé þó rétt að byrja. „Það er heilmikill tími til stefnu því við ætlum að sitja hérna næstu tólf árin." - kóþ / sjá 24 og 25

Stefán Karl og Laddi:

## Saman í mynd

**FÓLK Þorsteinn Gunnar Bjarnason kvikmyndaleikstjóri gæti varla óskað sér betri byrjun á ferlinum. Í fyrstu kvikmynd Þorsteins í fullri lengd leikur Þórhallur Sigurðsson (Laddi) aðalhlutverkið og mótleikari hans er Stefán Karl Stefánsson.** - fgg / sjá síðu 66










## SPURNING DAGSINS



*Jóhannes, fór pungurinn eitthvað illa í stelpurnar?*

Þær eru sennilega vanar honum aðeins ferskari.

Fyrirsætur úr raunveruleikaþættinum Britain´s Next Top Model fóru á Fjörukrána og þar var fyrir þær lagt að borða hrútspunga og annan þorramat. Reyndist það þeim hin þyngsta þraut. Jóhannes Viðar Bjarnason er eigandi Fjörukrárinnar.

Maður fannst látinn eftir að hafa verið handtekinn fyrir að ganga berserksgang:

# Fyrirfór sér í fangaklefanum

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri sem lögreglan handtók í vesturbæ Reykjavíkur í fyrrinótt fannst látinn í fangaklefa sínum á ellefta tímanum í gærmorgun. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins virðist sem maðurinn hafi hengt sig með teppi.



GEIR JÓN ÞÓRISSON

Maðurinn var færður í fangageymslu á fimmta tímanum eftir að hafa gengið berserksgang í húsi við Framnesveg. Nágrannar höfðu tilkynnt að hann væri með háreysti um miðja nótt og þegar lögregla kom á staðinn hafði hann lent í útistöðum við nágrannana.




**LÖGREGLUSTÖÐIN HVERFISGÖTU** Komið var að manninum látnum í klefa sínum skömmu fyrir klukkan ellefu í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Maðurinn streittist á móti við handtöku og ógnaði meðal annars lögregluþjónunum með hnífi. Maðurinn, sem hefur margoft komið við sögu lögreglu, var í annarlegu ástandi.

Að sögn Geirs Jóns Þórissonar yfirlögregluþjóns kveða starfsreglur á um það að fangaverðir skuli líta til með hverjum fanga á minnst tuttugu mínútna fresti. Nú verði þetta andlát rannsakað og kannað hvort ekki hafi verið eðlilega að öllu staðið.

Engar öryggismyndavélar eru í fangaklefum. Geir Jón segir það helgast af því að Persónuvernd hafi lagst gegn því. - sh

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps:

# Niðurgreiðum ekki strætó

**SVEITARSTJÓRNIR „Námsmenn af landsbyggðinni eyða hverri krónu á höfuðborgarsvæðinu í húsaleigu og kaup á annarri þjónustu og því ekki nema sanngjarnt að þeir njóti sömu kjara hjá höfuðborgarsveitarfélögunum og þeirra eigin íbúar,“ segir í svari til Stúdentaráðs Háskóla Íslands frá sveitarstjórn Mýrdalshrepps sem kveðst ekki telja eðlilegt að hreppurinn niðurgreiði rekstur almenningssamgangna í höfuðborginni.**

**„Meginhluti menntastofnana Íslendinga er á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélögin þar hagnast á því að fá unga fólkið okkar til sín í nám,“ segja Mýrdælingar.** - gar

Samningar um Icesave:

# Óttast að þeir semji af sér

**EFNAHAGSMÁL** „Samningurinn verður sennilega undirritaður í kvöld eða nótt, ég er samt að vona ekki,“ sagði Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins í gærkvöldi. Hann segir samninginn afar slæman. „Reyndar hafa breskir sem og íslenskir lögfræðingar haldið því fram að íslenska ríkinu beri ekki að axla þessa ábyrgð en þarna erum við að afsala okkur þeim möguleika. En síðan eru vextirnir alltof háir, 5,5 prósent. Alveg á svo eftir að koma í ljós hvaða áhrif þetta hefur á lánshæfismat ríkisins og síðan gjaldmiðilinn,“ og telur í því samhengi vert að hafa í huga að milljarðarnir 640 séu reiknaðir út frá gengi Seðlabankans. „Ef gengið fellur þá hækkar þessi upphæð allverulega.“ - jse



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

## SVEITARSTJÓRNARMÁL

### Vill opna Græna lónið

Kona að nafni Siiri Christine Graupne hefur óskað eftir lóð í Hafnarfirði og samstarfi við bæinn um rekstur á sjálfbæru húsi. Verkefnið ber enska heitið The Green lagoon – the center for sustainable living, eða Græna lónið – miðstöð fyrir sjálfbæran lífsstíl.

### Nöfn hringtorga

Bæjaryfirvöld á Akranesi munu innan skamms auglýsa samkeppni um nöfn á hringtorg bæjarins.

### Tólf afgirtar landnámshænur

Kona ein í Mýrdalshreppi hefur fengið heimild sveitarstjórnar til að halda 12 íslenskar landnámshænur við gistiheimilið Norður-Vík með því skilyrði að hænurnar verði á afmörkuðu og afgirtu svæði.

# Vextir af Icesave-láni 35 milljarðar á ári

**Ríkið ábyrgist um 640 milljarða lán vegna Icesave. Ekki þarf að byrja að borga fyrr en eftir sjö ár. Samningamenn töldu sig komna á endastöð í viðræðunum. Stjórnarandstaðan gagnrýndi harðlega að fá ekki að fjalla um málið á Alþingi.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslenska ríkið mun ábyrgjast um 640 milljarða króna skuld til Breta vegna Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi, samkvæmt samkomulagi sem náðst hefur við bresk yfirvöld. Lánið mun bera 5,5 prósenta vexti á ári, en hvorki þarf að greiða afborganir né vexti næstu sjö ár.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra fékk fullt umboð ríkisstjórnarinnar í gær til að leiða málið til lykta.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins töldu fulltrúar í samninganefnd ríkisins sig með þessu tilboði vera komna á endastöð í viðræðunum. Annaðhvort yrði því tekið eða viðræðunum yrði slitið.

Stjórnvöld vonast til að á þessum sjö árum takist að selja eignir Landsbankans upp í skuldirnar. Jóhanna Sigurðardóttir segir erlend matsfyrirtæki telja að eignirnar geti dugað fyrir 95 prósentum skuldarinnar, en svartsýnustu spár geri ráð fyrir að fjórðungur skuldarinnar lendi á Íslendingum. Ekki fékkst uppgefið í gær hvort það mat tekur aðeins tillit til upphaflegs höfuðstóls lánsins eða vaxta einnig.

Það er tryggingasjóður innstæðueigenda sem tekur lánið, en vegna ríkisábyrgðarinnar þarf Alþingi að samþykkja lántökuna.

Að árunum sjö liðnum skal lánið greidast upp á næstu átta árum. Árlegir vextir munu í upphafi nema ríflega 35 milljörðum króna, en hafa ber í huga að þeir lækka með höfuðstólnum komi til þess að eignir verði seldar upp í skuldina á lánstímanum eins og líklegt er.



**Á ALÞINGI** Hart hefur verið tekist á um Icesave og fleiri mál á Alþingi síðustu daga. Hefur þar reynt á þol Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra og Steingríms J. Sigfússon fjármálaráðherra til svara. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Svavar Gestsson, formaður samninganefndarinnar, kynnti utanríkismálanefnd og þingflokkum þessa tillögu að samkomulagi í gærmorgun.

Stjórnarandstaðan deildi hart á ríkisstjórnina vegna málsins á Alþingi lungann úr gærdeginum. Hún krafðist þess að fallið yrði frá hefðbundinni dagskrá og fundi slitið svo ekki væri að taka málið til umræðu á þinginu.

Steingrímur svaraði því til að Alþingi hefði fyrr á árinu veitt framkvæmdavaldinu umboð til að semja um málið, en að sjálfsögðu kæmi málið inn á borð þingsins þegar rætt yrði um ríkisábyrgðina og afstaða tekin til hennar.

Stjórnarandstæðingum var mjög heitt í hamsi og þeir létu þung orð falla í garð stjórnarliða. Sérstaklega var það gagnrýnt að á kynningarfundi um samningaviðræðurnar fyrir þingflokkum fyrr um daginn hafi trúnaður verið áskilinn um efni viðræðnanna, en á sama tíma hefðu ráðherrar tjáð sig um efni þeirra í fjölmiðlum. Talað var um trúnaðarbrest, ógeðfellt leynimakk og pukur, blekkingar og landráð.

stigur@frettabladid.is

Fjármálaráðherra um banka:

# Vonandi stutt í eigendastefnu

**EFNAHAGSMÁL** „Eignarhalds- og eigendastefnumálin eru hér í vinnslu og þess vonandi skammt að bíða að stefnumótun og reglur þar að lútandi verði birtar,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Formaður viðskiptanefndar, Álfheiður Ingadóttir, hefur krafist þess að staðið verði við stjórnarsáttmála og mótuð eigendastefna. Nýlegar mannaráðningar bankanna, án þess að stöðurnar hafi verið auglýstar, hafa komist í hámæli.

„Bönkunum er ætlað að ástunda góða stjórnsýslu og viðhafa gagnsæi og fagleg vinnubrögð,“ segir Steingrímur. „En fyrir einstakar ákvarðanir verða bankastjórar og bankaráð að svara.“ - kóp

Flugvélin sem týndist:

# Brakið ekki úr vél Air France

**PARÍS, AP Brakið sem fannst um 650 kílómetra norðaustur af Brasilíu á þriðjudag mun ekki vera úr flugvél Air France sem hvarf á leið sinni frá Brasilíu til Frakklands á mánudag. Dominique Bussereau, samgönguráðherra Frakklands, gaf út yfirlýsingu þess efnis í gær.**

**Allt leikur því enn á huldu um afdrif vélarinnar. Bussereau sagðist harma þá yfirlýsingu brasilískra leitarsveita, sem gefin var út á fimmtudag, að víst væri að brakið sem fannst væri úr vélinni. Hann hvatti til ítrustu varkárni í öllum yfirlýsingum um málið.**

**Enn er leitað á sjó og úr lofti að flugvélinni.** - kg






Hnífstunga á Akureyri um kvöldmatarleytið í gær:

# Gripið til hnífs í drykkjudeilu

**LÖGREGLUMÁL** Maður á miðjum aldri var stunginn í öxlina í íbúð að Hafnarstræti á Akureyri um klukkan rúmlega sex í gærdag. Að sögn Gunnars Jóhannssonar, lögreglufulltrúa lögreglunnar á Akureyri, sat maðurinn að sumbli ásamt öðrum karli og konu þegar til deilna kom með fyrrgreindum afleiðingum. Hann er þó ekki talinn alvarlega slasaður.

Bæði árásarmaðurinn og fórnarlambið hlupu út á götu eftir árásina og mátti sjá blóðslettur um strætið.

Lögreglan lokaði götunni og bað íbúa í húsinu, þar sem atvikið átti sér stað, að halda sig inni meðan lögreglan var að átta sig á því hvað gerst hefði. Árásarmaðurinn var síðan tekinn höndum og farið með hann niður á lögreglustöð. Hann reyndist hins vegar ekki vera í ástandi til að standa í yfirheyrslum svo þær voru látnar bíða uns hann væri búinn að sofa úr sér. Að sögn Gunnars er maðurinn 49 ára gamall og hefur oft komið við sögu lögreglunnar fyrir óreglusakir. Konan var einnig óviðræðuhæf vegna ölvunar og var því einnig látinn sofa úr sér á lögreglustöð. - jse



**UMMERKI UM HNÍFSTUNGUNA** Fórnarlambið hljóp alblóðugt út á götu eftir árásina í gær. Það gerði árásarmaður einnig en náðist fljótlega. MYND/ÖRLYGUR HNEFILL

# TAX FREE!

Laugardag til sunnudags

# TAX FREE!



## AÐEINS UM HELGINA

**sumarblóm og trjáplöntur**

án vsk

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

# SUMARBLÓM OG TRJÁPLÖNTUR

## AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT

**GEGN FÍFLUM, ILLGRESI OG SKORDÝRUM**

**NÚNA!** TAX FREE LÍKA AF STJÚPUSPRENGJU




**Casoron**
Til varnar illgresi í trjábeðum, heimkeyrslum og stéttum
2.990 kr

**Úðabrúsi**
5 ltr
1.795 kr

**Decis**
Gegn skordýrum á trjám og runnum
1.990 kr

**Dicopur**
Gegn fíflum og illgresi í grasflötum
2.990 kr

10 stk Stjúpur 639 kr ~~799~~

20 stk Stjúpur 1199 kr ~~1499~~

30 stk Stjúpur 1599 kr ~~1999~~

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

## GENGIÐ 05.06.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,24 | 122,82 |
| Sterlingspund | 196,59 | 197,55 |
| Evra | 173,24 | 174,2 |
| Dönsk króna | 23,257 | 23,393 |
| Norsk króna | 19,28 | 19,394 |
| Sænsk króna | 15,827 | 15,919 |
| Japanskt jen | 1,2615 | 1,2689 |
| SDR | 173,24 | 174,2 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

210,2287

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Örflögumerkingar auka líkur á að fólk endurheimti týnda ketti:

# Kettir snúa heim úr áralangri útlegð

**DÝRAHALD** Örflögumerkingar á köttum, sem krafist er í samþykkt um kattahald í Reykjavíkurborg frá árinu 2005, hefur gefið afar góða raun og hafa fjölmargir kattaeigendur endurheimt ferfætlingana eftir langa útlegð.

„Þess eru dæmi að kettir hafi komist til eigenda sinna eftir að hafa verið týndir í tvö ár,“ segir Ómar Dabney, rekstrarfulltrúi meindýravarna Reykjavíkurborgar.

„Við heyrðum af einu slíku tilfelli fyrir nokkru en þá urðu miklir fagnaðarfundir þegar högni kom í leitirnar eftir að hafa verið týndur í tvö ár. Þetta er ekki einsdæmi og sýnir okkur það að þessar merkingar eru að virka og í raun mættu margir kattaeigendur taka sig verulega á.“



**ÓMAR DABNEY MEÐ KÖTTINN SINN** Sé þér annt um köttinn þinn skaltu láta í hann örmerki segir Ómar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Örmerki er kubbur sem dýralæknir kemur fyrir undir húð á herðakambi kattar. Umhverfissvið heldur skrá yfir merkta ketti og þangað verða eigendur að tilkynna númer örmerkisins og nafn eiganda. Ekki lýkur útlegð kattanna alltaf jafnvel og hjá þessum tiltekna högna en Ómar segir það mikilvægt fyrir kattaeigendur að vita um afdrif katta sinna hver sem þau eru. Nóg er að gera hjá meindýraeyði nú í sumarbyrjun, til dæmis var tilkynnt um mink á vappi hjá Rafstöðvarhúsinu við Elliðaár í gær og vonast Ómar til að sá muni fyrr en síðar komast í búr. - jse

Gripinn með amfetamín:

# Ofbeldismaður aftur fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Norðlendingur um fimmtugt, Hans Alfreð Kristjánsson, hefur játað á sig fíkniefnabrot, en hann var gripinn með lítilræði af amfetamíni á Café Amor á Akureyri.

Hans Alfreð hlaut þriggja ára fangelsisdóm árið 2007 fyrir að stinga fyrrverandi unnustu sína með hnífi í brennandi húsi. Þá var hann líka ákærður fyrir að hafa reynt að stinga mann sem hún var með, láta undir höfuð leggjast að bjarga þeim úr brennandi húsinu, ógna lögreglu með hnífi og hella bensíni yfir sömu konu með það að augnamiði að kveikja í henni, en var sýknaður af því öllu. - sh

Dómstóll í Þýskalandi:

# Nauðungarvinna verði bætt

**ÞÝSKALAND, AP** Dómstóll í Þýskalandi úrskurðaði á miðvikudag að tveir gyðingar, sem unnu nauðungarvinnu í fangabúðum í Póllandi í seinni heimsstyrjöldinni, eigi rétt á að fá bætur. Dómstóllinn taldi að þar sem mennirnir fengu mat og annað fyrir vinnu sína hafi þýska ríkið borið ábyrgð á þeim. Því eigi þeir rétt á bótum.

Dómurinn gæti haft mikla þýðingu fyrir þúsundir fórnarlamba sem neydd voru til að vinna í gettóum og afkomendur þeirra. Talið er að bótagreiðslur ríkisins gætu orðið allt að milljarði evra. - þeb

Fíkniefnasmygl í rannsókn:

# Framlengja gæsluvarðhald

**FÍKNIEFNAMÁL Lögreglan hefur farið fram á að gæsluvarðhaldi yfir manni, sem handtekinn var þann 22. maí síðastliðinn grunaður um aðild að fíkniefnasmygli, verði framlengt til 12. júní.**

**Þetta kom fram í kvöldfréttum stöðvar 2 í gær. Maðurinn er á þrítugsaldri og hefur nú verið í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni í tvær vikur. Hann er grunaður um að eiga aðild að innflutningi á um fimm kílóum af hörðum fíkniefnum, samkvæmt heimildum fréttastofunnar.** - jse

## GJÖF

### BUGL fær tugi milljóna

Kvenfélagið Hringurinn hefur gefið barna- og unglingageðdeild Landspítalans, BUGL, gjöf sem nemur tugum milljóna króna til framkvæmda við húsnæði deildarinnar. Gjöfin var afhent á göngudeild BUGL í gær.

# Rýr kvóti næstu ár

**Hafrannsóknastofnun leggur til að þorskveiðikvótinn verði 150 þúsund tonn á næsta fiskveiðiári. Bíða verður í þrjú til fjögur ár uns hægt verði að heimila mun meiri kvóta en það. Kemur ekki á óvart segir LÍÚ þótt vel gefi á miðum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun (Hafró) leggur til að þorskkvótinn á næsta fiskveiðiári verði 150 þúsund tonn. Það er tíu þúsund tonnum minna en á yfirstandandi fiskveiðiári. Þó ber þess að geta að upphaflega var úthlutað 130 þúsund tonnum í fyrra og þar með farið eftir ráðleggingum Hafró en síðan var 30 þúsund tonnum bætt við. Útlit er fyrir að þess verði að bíða í þrjú til fjögur ár uns hægt verði að úthluta verulega meiri afla en nú.



JÓHANN SIGURJÓNSSON



FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON

Einnig leggur stofnunin til að verulega verði dregið úr veiðum á ufsa og ýsu. Þar að auki er útlitið ekki gott fyrir loðnuvertíð næsta vetur en hins vegar mun betra fyrir veturinn þar á eftir.

Í skýrslu stofnunarinnar sem kynnt var fjölmiðlum í gær segir að heildarafli úr íslenska þorskstofninum árið 2008 hefði verið 147 þúsund tonn sem sé lægsti ársafli í hartnær 70 ár. „Þessi litli afli helgast náttúrlega af því að við erum að skera niður til að byggja upp til framtíðar,“ segir Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafró. „Hefðum við veitt af sama sóknarþunga og við gerðum fyrir nokkrum árum þá gætum við auðveldlega veitt 250 þúsund tonn en þá værum við heldur ekki að ná markmiðum okkar um uppbyggingu á hrygningarstofni þorsks og að ná þeirri aldursbreidd í stofninum sem við teljum algjörlega nauðsynlega til að auka líkurnar á nýliðun í framtíðinni.“ Hafró hefur frá árinu 2007 miðað við 20 prósenta veiðihlutfall og hefur ný ríkisstjórn staðfest þá nýtingarstefnu til næstu fimm ára.

Jóhann segir enn fremur að árangurinn af uppbyggingunni komi í ljós eftir þrjú, fjögur ár eða þar til hægt verður að veiða úr þorskárganginum 2008.

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands íslenskra útgerðarmanna (LÍÚ), segir að þótt sjómenn hafi fundið fyrir góðu fiskiríi upp á síðkastið komi þessi niðurstaða þeim ekki á óvart. „Við vorum búnir að sjá það eftir togararallið að við ættum von á einhverju á þessa leið,“ segir hann. Hann segir enn fremur að ljóst mætti vera að dregið verði úr ýsuveiðum en þær hafa verið meiri en nokkru sinni undanfarin ár. „En almennt eru sjómenn þeirrar skoðunar að ástand stofnanna sé mun betra en þessi gögn Hafró gefa til kynna,“ segir hann.

jse@frettabladid.is



**SÁ GULI KOMINN Í ÍS** Aflaklær verða að bíða uns þorskárgangi 2008 vex fiskur um hrygg en þá verður hægt að úthluta mun meiri kvóta.

**TILLÖGUR HAFRÓ**

| | 2008 | 2009 |
|---|---|---|
| Þorskur | 130 | 150 |
| Ýsa | 83 | 57 |
| Ufsi | 50 | 35 |

Tölur í þúsundum tonna

Samkynhneigt mörgæsapar:

# Tóku að sér og ala upp unga

**ÞÝSKALAND Tvær samkynhneigðar mörgæsir hafa komið unga á legg og ala hann nú upp í dýragarðinum í Bremerhaven í Þýskalandi.**

**Mörgæsirnar eru báðar karlkyns og pöruðu sig saman fyrir nokkru, að sögn starfsfólks dýragarðsins. Þegar líffræðilegir foreldrar, annað mörgæsapar í dýragarðinum, höfnuðu eggi sínu kom starfsfólkið egginu fyrir hjá karlmörgæsunum tveim sem tóku það að sér og nú er unginn orðinn fjögurra vikna gamall og dafnar vel.** - þeb

Ung kona í Chile:

# Með töskur úr kókaíni í flug

**CHILE, AP** Ung kona var handtekin í Chile fyrr í vikunni fyrir fíkniefnasmygl. Konan ætlaði að fara um borð í flugvél á leið frá Chile til Spánar með tvær ferðatöskur, sem voru gerðar úr kókaíni.

Haft var eftir lögreglumanni á Santiago-flugvelli að eiturlyfin hafi ekki verið falin í töskunum heldur hafi töskurnar sjálfar verið gerðar úr blöndu af kókaíni og fleiri efnum. Með réttum aðferðum hefði svo verið hægt að aðskilja kókaínið frá hinum efnunum. - þeb

## DÓMSTÓLAR

### Stal sex dekkjaumgöngum

Tæplega tvítugur Akureyringur hefur verið ákærður fyrir ýmis afbrot. Honum er gefið að sök að hafa stolið samtals sex dekkjaumgöngum úr gámi í eigu Brimborgar, torfæruhjóli og geisladiski, haft í vörslu sinni rúm 20 grömm af amfetamíni og selt um fimm grömm, og borið á sér hníf með 9,5 sentimetra löngu blaði.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

**BEST Á SUÐURLANDI**

Í dag verður hægviðri eða hafgola á landinu. Upp úr hádegi verður víða komið bjartviðri vestan til á Suðurlandi og suðvestanlands. Annars staðar verður þungbúnara og sýnu þungbúnast Norðaustan- og Austanlands og jafnvel kann að dropa þar og á Suðausturlandi.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 25° |
| Amsterdam | 16° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 19° |
| Billund | 16° |
| Eindhoven | 16° |
| Frankfurt | 13° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 17° |
| New York | 16° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 17° |
| París | 20° |
| Róm | 26° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.




Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

## KJÖRKASSINN



*Er verið að gera of mikið mál úr skuldavanda heimililanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 20,6% |
| Nei | 79,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu?*

Segðu þína skoðun á vísir.is vísir

Tveir karlmenn og tvær konur í gæsluvarðhaldi vegna líkamsárásar:

# Er með mikla áverka á höfði

**LÖGREGLUMÁL** Tveir karlmenn og tvær konur voru í gær úrskurðuð í gæsluvarðhald til 15. júní vegna rannsóknar lögreglu á líkamsárás í heimahúsi við Grettisgötu á fimmtudag. Fórnarlambið, karlmaður um þrítugt, liggur enn þungt haldið á gjörgæsludeild, en var þó ekki lengur talið í lífshættu í gær. Maðurinn var einkum með alvarlega áverka á höfði, þar á meðal í andliti, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Sex manns voru upphaflega handteknir vegna málsins; konurnar tvær og fjórir karlmenn. Tveimur mannanna var sleppt eftir skýrslutökur þar sem ljóst þótti að þeir hefðu einungis haft óbeina aðkomu að málinu, meðal annars með því að hringja á sjúkrabíl.

Átökin áttu sér stað í húsi við Grettisgötu fyrri hluta dags á fimmtudag. Þegar lögregla kom á staðinn reyndist maður þar lífshættulega slasaður og var hann þegar fluttur á Landspítala til aðhlynningar.

Fólkið sem um ræðir hefur flest eða allt verið búsett í húsinu á Grettisgötu í lengri eða skemmri tíma og verið á vinnumarkaði hér. Maðurinn sem slasaðist er frá Litháen, svo og fjórmenningarnir sem sitja inni. Þrír þeirra hafa kært úrskurðinn til Hæstaréttar.



**GRETTISGATA** Þarna átti ofbeldisverkið sér stað.

Uppbygging hjá HB Granda:

# Aðstaða batnar á Vopnafirði

**SJÁVARÚTVEGUR** Vopnfirðingar eiga von á flutningaskipi á vegum HB Granda sem inniheldur nýjan löndunarkrana fyrir fiskimjölsverksmiðjuna á staðnum. Er um að ræða einn lið í uppbyggingu uppsjávarvinnslu fyrirtækisins á staðnum. Nú stendur fyrir dyrum flutningur á tíu mjölturnum frá Reykjavíkurhöfn til Vopnafjarðar.

Einnig er von á flutningaskipi sem sækir ýmiss konar afurðir til útflutnings, þar á meðal síldar- og loðnuafurðir sem fluttar verða til Póllands og Litháens þar sem mikil eftirspurn er, að sögn Jóns Helgasonar, sölustjóra uppsjávarafurða HB Granda. - shá

# Garðabær stendur langbest að vígi

**Tap á hvern íbúa í Reykjavík nam 598.091 krónu í fyrra. Neikvæð staða borgarinnar nam 71,5 milljörðum. Hver íbúi skuldar 1,3 milljónir. Garðabær á 773 milljónum meira en hann skuldar. Metin eru sex helstu sveitarfélögin.**

**FJÁRHAGUR** Tap á hvern íbúa í Reykjavík nam um 598.091 krónu á árinu 2008. Skuldir á hvern íbúa eru 1,3 milljónir á íbúa ef tekinn er mismunur á skuldum og eigin fé.

Garðabær er í betri stöðu. Neikvæð staða bæjarins nam 38,9 milljónum á árinu 2008, sem samsvarar aukningu um 3.756 krónur á hvern íbúa. Hins vegar er hlutfall af eigin fé og skuldum jákvætt upp á tæpar 773 milljónir. Það þýðir að hver íbúi „á inni“ 74.582 krónur.

Reykjanesbær er í svipaðri stöðu og Reykjavík. Neikvæð skuldastaða er rúmlega átta milljarðar á árinu 2008, sem nemur um 572.234 krónur á hvern íbúa. Skuldir á hvern íbúa nema um einni milljón.

Kópavogur stendur betur að vígi. Tap bæjarins var um 9,6 milljarðar á árinu 2008 sem þýðir 320.937 krónur á hvern íbúa. Bærinn skuldar hins vegar um 23,5 milljarða sem þýðir 783.961 króna á íbúa.

Á Akureyri var tap um 288.752 krónur á íbúa á árinu 2008. Akureyri skuldar um 18 milljarða, sem gerir rúmlega eina milljón á íbúa.

Í Árborg er staðan mjög svipuð og á Akureyri og í Reykjanesbæ. Þar eru skuldir á hvern íbúa 913.300 krónur.

Ekki var hægt að reikna út skuldastöðu á hvern íbúa í Hafnarfirði. Ástæðan er sú að ekki er enn ljóst hvernig ársreikningurinn verður þar sem hann hefur hvorki verið samþykktur af skoðunarmönnum né ræddur af bæjarstjórn.

Við íbúatölur í útreikningum er miðað við tölur Hagstofu Íslands frá 1. janúar 2009. Í öllum skuldatölum er gert ráð fyrir mismuninum á eigin fé og skuldum.

vidirp@frettabladid.is

### SKULDIR Á HVERN ÍBÚA

Skuldir eru reiknaðar sem mismunur á heildarskuldbindingum og eigin fé.




### TAP Á HVERN ÍBÚA Á ÁRINU 2008




### O.C. Á HAUSINN FYRIR 59 ÞÚSUND Á ÍBÚA

Gjaldkeri Appelsínusýslunnar í Kaliforníu (Orange County) var ákærður árið 1994 vegna afleiðusamninga sem leiddu til 1,5 milljarða dollara taps, sem nemur um 183 milljörðum króna. Í desember 1994 lýsti svo Orange County yfir gjaldþroti og var þá stærsta gjaldþrot í sögu Bandaríkjanna.

Í Orange County búa um þrjár milljónir. Tap á hvern íbúa var því um 59 þúsund krónur. Það er töluvert minna en í tölum íslenskra sveitarfélaga.

Álftanesbær í skuld:

# Hver íbúi skuldar um milljón

**STJÓRNSÝSLA Skuldir Álftanesbæjar eru um 2,6 milljarðar króna. Það þýðir 1.048 þúsund krónur á hvern íbúa. Eigið fé sveitarfélagsins er neikvætt um 126 milljónir. Þetta kemur fram í óbirtum ársreikningi Álftaness.**

**„Þetta er skelfileg staða,“ segir Kristinn Guðlaugsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. Kristín Fjóla Bergþórsdóttir, forseti bæjarstjórnar, segir aðalskýringuna á tapinu vera efnahagshrunið.**

**„Við sitjum, eins og flest önnur sveitarfélög, uppi með gífurlega hækkun erlendra lána. Tæplega þriðjungur lánanna var í erlendri mynt og þau hafa hækkað um 500-600 milljónir,“ segir Kristín.**

**Tap sveitarfélagsins var 832 milljónir króna á árinu 2008.** - vsp

Sparnaður í Vesturbyggð:

# Hærri gjöld og minni þjónusta

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Vesturbyggðar hefur kynnt aðgerðir til að spara í rekstri sveitarfélagsins.

Meðal annars á að leggja af skólamáltíðir í núverandi mynd, segja upp húsaleigustyrkjum og hætta að greiða laun vegna fjarveru í háskólanámi.

Þá á að spara níu prósent í kennaralaunum, ekki gera nýja samninga við leiðbeinendur í kennaranámi, hækka gjaldskrá í íþróttamiðstöðum og gjald í sund,. Skera á niður í starfsmannahaldi leikskóla og hækka gjöld þar um fjórðung, hækka allar almennar gjaldskrár um 5 prósent, fækka sorphirðudögum og láta þá starfsmenn sem hafa farsíma frá bænum sjálfir greiða notkun yfir 7 þúsund krónur á mánuði. - gar

Útboði Marel lauk í gær:

# Spáir betri tíð síðar á árinu

**VIÐSKIPTI** „Þetta gerir okkur kleift að nýta betur þau tækifæri sem verða til þegar staðan í alþjóðlegu efnahagslífi batnar,“ segir Theo Hoen, forstjóri Marel Food Systems. Hann segir margt benda til að það geti orðið á seinni hluta ársins. „Við erum komin í mjög góða stöðu,“ segir hann.



**THEO HOEN**

Fyrirtækið lauk í gær hlutafjárútboði og tók öllum tilboðum, að stærstum hluta frá lífeyrissjóðum. Verðið var 54 krónur á hlut og nam söluandvirðið því rúmum 1,4 milljörðum króna. Það svarar til 8,3 milljóna evra, líkt og fram kemur í tilkynningu.

Þetta var fyrsta hlutafjárútboð hjá skráðu félagi hér. Hálfur mánuður er síðan fyrirtækið tryggði langtímafjármögnun og lengdi í gjalddögum lána. - jab

Veiði erlendra skipa 2009:

# Veiði færeyskra skipa minni nú en árið 2008

**SJÁVARÚTVEGSMÁL Færeysk skip hafa veitt 628 tonn af botnfiski við Ísland á þessu ári og er þorskaflinn þar af 167 tonn. Færeysk skip hafa leyfi til að veiða 1.200 tonn af þorski í landhelginni.**

**Það sem af er árinu er afli færeyskra skipa mun minni en á sama tíma í fyrra en þá höfðu þau landað 1.070 tonnum af botnfiski. Þorskaflinn var þá rúm 250 tonn.**

**Áætlaður afli norskra línuveiðiskipa í apríl er 336 tonn. Í aflanum var mest um keilu eða 174 tonn og lönguaflinn var 123 tonn. Þorskaflinn var hins vegar aðeins rúmlega þrettán tonn.** - shá




Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs spáir fjölgun lítilla og meðalstórra fyrirtækja:

# Lítil fyrirtæki burðarásarnir

**VIÐSKIPTI** „Það er mjög líklegt að litlum fyrirtækjum muni fjölga á næstunni,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.

Viðskiptaráð kynnti í gær skýrslu um stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja hér á landi. Þar kemur fram að 99 prósent fyrirtækja landsins eru lítil og meðalstór. Þótt þau eru smá eru þau mörg og samanlögð einn stærsti vinnuveitandi landsins og þar með burðarás í íslensku atvinnulífi.

Lítil og meðalstór fyrirtæki hér eru á bilinu 25 til 27 þúsund talsins. Þar af eru örfyrirtæki langflest, eða 22 til 23 þúsund. Hjá örfyrirtæki starfa allt að tíu starfsmenn en allt að 250 hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Í skýrslunni kemur fram að helmingur launafólks vinni hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum, eða allt að 130 þúsund manns.

Viðskiptaráð hélt málþing í tilefni útgáfunnar undir yfirskriftinni „Margt smátt gerir eitt stórt“. Þar fluttu erindi auk Finns þau Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra, Bogi Örn Hilmarsson, framkvæmdastjóri Skjals, Eiríkur Hilmarsson, einn eigenda Kaffitárs, og Christina Sommer, forseti samtaka lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Evrópu. - jab



**FRÁ MÁLÞINGINU** Fjöldi gesta var málþingi Viðskiptaráðs sem haldið var í tilefni af útgáfu skýrslu ráðsins um stöðu lítilla og smárra fyrirtækja hér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# TAX FREE

## ÖLL REIÐHJÓL ÁN VIRÐISAUKASKATTS

laugardag og sunnudag

RALEIGH

**Raleigh hjólin hafa verið framleidd frá 1887 og í dag er Raleigh stærsta reiðhjólafyrirtæki í heimi**

- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum

www.crosscycle.com
CROSS

**Cross hjólin eru nútímaleg hönnun og framleidd í Evrópu undir ströngu gæðaeftirliti**

- Tvöfaldar álgjarðir
- Kenda gæðadekk
- Bremsur með vatnsraufum
- Álstell með innbrenndum lit




24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 7. júní 2009.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir fjölveiðiskipið sem strandaði úti fyrir Sandgerði aðfaranótt fimmtudags?*

2 *Hvaða frægi frasi birtist á forsíðu bókar Guðna Th. Jóhannessonar, Hrunsins?*

3 *Einn nýliði er í nýjum landsliðshópi Guðmundar Guðmundssonar í handbolta. Hver er það?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 66

Útibússtjóri í Landsbankanum í Austurstræti rekinn:

# Lét kaupa hlutabréf fyrir sig

**VIÐSKIPTI** Guðmundi Inga Haukssyni, öðrum útibússtjóra í aðalútibúi Landsbankans, hefur verið sagt upp störfum. Guðmundur varð uppvís að brotum á starfsreglum bankans, að því er fram kemur í tilkynningu frá bankanum. Guðmundur var annar tveggja útibússtjóra í aðalútibúi bankans í Austurstræti. Hann hafði umsjón með þeim fyrirtækjum sem eru í viðskiptum við útibúið. Hann hafði verið útibússtjóri frá árinu 2003. Áður en hann hóf störf hjá Landsbankanum vann hann í Búnaðarbankanum.

Heimildir herma að útibússtjórinn hafi fyrir fjórum árum fengið þriðja aðila til þess að kaupa fyrir sig hlutabréf. Meðal þess sem rannsaka eigi sé hvort hann hafi stundað innherjaviðskipti.



**GUÐMUNDUR INGI HAUKSSON**

Í tilkynningu frá bankanum kemur fram að máli útibússtjórans verði vísað til Fjármálaeftirlitsins og efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra til frekari rannsókna. Samkvæmt upplýsingum frá bæði efnahagsbrotadeild og Fjármálaeftirlitinu hefur málið ekki enn komið inn á borð þar. **- þeb**



**LANDSBANKINN Í AUSTURSTRÆTI** Guðmundur var annar tveggja útibússtjóra í aðalútibúi Landsbankans í Austurstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Atorka í greiðslustöðvun:

# Atorka fer í greiðslustöðvun

**VIÐSKIPTI Atorka hefur óskað eftir greiðslustöðvun, að því er fram kemur í kauphallartilkynningu.**

**Félagið segir þetta gert til að setja fjárhagslega endurskipulagningu í lögformlegt ferli þar sem tryggðir séu jafnir hagsmunir lánardrottna. „Stjórn og stjórnendur Atorku stefna að því að leggja fram endanlegar tillögur og samninga við lánardrottna á næstu vikum.“ Fram kemur markaðsverð eigna Atorku hafi lækkað umtalsvert vegna samdráttar í efnahagslífinu. Undirliggjandi rekstur félaganna sé þó í flestum tilvikum stöðugur.** **- óká**


**Nýtt, aðgengilegt rit um eitt stærsta viðfangsefni íslenskra stjórnmála nú um stundir**




**Inni eða úti? Aðildarviðræður við Evrópusambandið**

**Í bókinni er mörgum spurningum sem brenna á landanum svarað:**
Hvernig fara aðildarviðræður fram?
Hver er samningsstaða Íslands?
Hvað er hægt að læra af aðildarsamningum annarra þjóða?

*„Skyldulesning fyrir alla þá sem hafa áhuga á málefnalegri umræðu um Evrópusambandið og aðild Íslands að því.“*
Benedikt Jóhannesson, ritstjóri Vísbendingar

HÁSKÓLI ÍSLANDS
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI




**HOON OG HUTTON** Varnarmálaráðherrann John Hutton og samgönguráðherrann Geoff Hoon sögðu báðir af sér embætti í gær. Þeir bættust þannig í hóp þingmanna og ráðherra Verkamannaflokksins sem sagt hafa af sér á síðustu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Uppstokkun í Bretlandi

**Enn fleiri ráðherrar hafa sagt af sér í kjölfar ósigurs Verkamannaflokksins í bresku sveitastjórnarkosningum. Viðamiklar breytingar gerðar á ríkisstjórn.**

**BRETLAND** Breski forsætisráðherrann Gordon Brown ætlar ekki að segja af sér embætti. Sex ráðherrar hafa hætt í ríkisstjórn hans á síðustu dögum. John Hutton varnarmálaráðherra og Geoff Hoon samgönguráðherra sögðu báðir af sér í gær. Afsagnir þeirra í gær komu í kjölfar afsagnar James Purnell atvinnumálaráðherra á fimmtudagskvöld. Áður höfðu Hazel Blears sveitarstjórnarráðherra og Jacqui Smith innanríkisráðherra sagt af sér ráðherradómi. Paul Murphy, ráðherra gagnvart Wales, hefur einnig sagt af sér.

Við afsögn sína hvatti Purnell forsætisráðherrann til að segja af sér embætti. Hann segir nauðsynlegt að hleypa nýju fólki að til að forðast algjöran ósigur Verkamannaflokksins í næstu kosningum. Hutton og Hoon lýstu hins vegar báðir yfir stuðningi við Brown. Nokkrir þingmenn og svokallaðir undirráðherrar hafa einnig sagt af sér á undanförnum dögum. Þeirra á meðal var Evrópuráðherrann Caroline Flint, sem sagði í afsagnarbréfi sínu að Brown hefði komið fram við hana og fleiri konur eins og skraut.

Verkamannaflokkurinn tapaði fylgi í sveitarstjórnarkosningunum sem fram fóru á fimmtudag. Flokkurinn missti meirihluta í þónokkrum héröðum, en bæði Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndir demókratar bættu við sig fylgi. Kosið var til Evrópuþingsins við sama tækifæri, en úrslit úr þeim kosningum verða ekki gerð opinber fyrr en á sunnudagskvöld.

Í kjölfar kosninganna gerði Gordon Brown forsætisráðherra viðamiklar breytingar á ríkisstjórn sinni, eins og búist hafði verið við. Alistair Darling fjármálaráðherra hélt embætti sínu, þrátt fyrir að hafa sætt mikillar gagnrýni undanfarið. Brown sagði á blaðamannafundi í gær að ósigurinn í kosningunum væri vissulega slæmur en hann og ríkisstjórn hans væru staðráðin í að halda áfram að þjóna þjóðinni fyrst og fremst.

**kjartan@frettabladid.is**
**thorunn@frettabladid.is**





**SIGLINGASTOFNUN BÝÐUR ÞÉR Á LISTAHÁTIÐ**

Listahátíð í Reykjavík stendur í sumar fyrir myndlistarsýningum undir yfirskriftinni „**Brennið þið vitar**“ í fjórum vitum sem Siglingastofnun lagði í té, einum í hverjum landshluta. Sýningarnar verða opnar fram yfir verslunarmannahelgi á fimmtudögum til sunnudaga kl. 14-18. Aðgangur ókeypis.

Siglingastofnun Íslands hvetur landsmenn til að heimsækja vitana í sumar og njóta menningar og náttúru í leiðarljósum sjófarenda.




Í hinni veglegu handbók: „**Vitar á Íslandi — Leiðarljós á landsins ströndum 1878-2002**“ er saga íslensku vitaþjónustunnar frá upphafi rakin í máli og myndum.

**Vitar á Íslandi** kostar aðeins 4.700 kr., fæst hjá Siglingastofnun Íslands og í bókabúðum Máls og menningar og Pennans-Eymundsson.

FYRIRMYNDARSTOFNUN 2009
SIGLINGASTOFNUN
BRENNIÐ ÞIÐ, VITAR
2009 LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK


Dýrar gjaldeyrisfærslur frá löndum utan EES:

# Taka allt að fjórðungi

**FJÁRMÁL** Dæmi eru um að erlendir milliliðir taki allt að fjórðung í þóknun vegna gjaldeyrissendinga til landsins, komi þær frá löndum utan EES-svæðisins.

„Íslenskir bankar geta ekki haft áhrif á þetta, jafnvel þótt þeir hafi gert samninga við erlendu bankana um millifærsluna,“ segir Már Másson hjá Íslandsbanka. Innlendir bankar geti hins vegar haft áhrif á greiðslur sem sendar eru frá landinu, og í þeim tilfellum hefur Íslandsbanki hingað til tekið kostnað erlenda bankans á sig.

Dæmi, sem blaðið hefur skoðað, sýnir að af fjörutíu evra greiðslu frá Afríku stóðu 28,74 evrur eftir þegar lagt hafði verið inn á innlendan gjaldeyrisreikning. Þar af hafði erlendi milliliðurinn, Deutsche Bank, tekið tíu evrur.



**MÁR MÁSSON**

Tekið skal fram að annað gildir um greiðslur innan EES-svæðisins. Þar má banki ekki taka meira fyrir færslu milli landa en sem samsvarar kostnað hans af innlendri millifærslu. **- kóþ**




Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is



**HEILÖG ATHÖFN** Indverskur hindúi baðar sig í ánni Ganges í Allahabad á Indlandi. Hindúar halda um þessar mundir upp á hátíðina Ganga Dussehra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekkert bendir til þess að Sirreyju Maríu Alexandersdóttur hafi verið veittir áverkar:

# Dó úr kulda í dúfnakofanum

**LÖGREGLUMÁL** Sirrey María Alexandersdóttir, konan sem fannst látin í dúfnakofa í Hafnarfirði í byrjun febrúar, dó úr kulda. Þetta er niðurstaða krufningar á líkinu. Rannsókn málsins er senn lokið.

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn staðfesti við Fréttablaðið að krufningarskýrslan sýndi fram á að ofkæling væri orsök dauða Sirreyjar. Samkvæmt heimildum blaðsins er ekkert sem bendir til þess að henni hafi verið veittir áverkar. Á líki hennar fundust smávægilegir áverkar, en þeir eru ekki taldir eiga þátt í andlátinu.

Sambýlismaður Sirreyjar, sem sat í gæsluvarðhaldi um tíma vegna málsins, hefur enn stöðu sakbornings í málinu. Rannsókn hefur beinst að því hver aðdragandi andlátsins var og hvort maðurinn hafi átt þátt í dauða Sirreyjar með því að skilja hana eftir fáklædda í fimbulkulda við kofann.

Sirrey fannst nakin með lambhúshettu á höfði í kofanum. Úlpa hennar fannst fyrir utan kofann. Talið var mögulegt að hún hefði sjálf komist inn með því að brjóta rúðu.

Rannsókn málsins er á lokastigi, að sögn Friðriks Smára, og verður það í kjölfarið sent til ákærumeðferðar. - sh



**DÚFNAKOFINN** Kofinn þar sem Sirrey fannst er í eigu Skrautdúfnafélags Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vildu stöðva flugvél Ramses:

# Ákærðir fyrir að ógna öryggi

**DÓMSMÁL Tveir menn, Haukur Hilmarsson og Bandaríkjamaðurinn Jason Thomas Slade, hafa verið ákærðir fyrir almannahættubrot. Þeir hlupu inn á flugbrautina Charlie við Leifsstöð í júlí í fyrra og tóku sér stöðu fyrir framan flugvél á leið til Ítalíu sem í var pólitíski flóttamaðurinn Paul Ramses.**

**Í ákæru eru Haukur og Jason sagðir hafa með háttsemi sinni raskað öryggi loftfara.**

**Bæði Haukur og Jason hafa hlotið dóma hérlendis fyrir þátttöku í mótmælaaðgerðum samtakanna Saving Iceland.** - sh

Braust inn í hús í Hveragerði:

# Lalli í tíu mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Lárus Björn Svavarsson, betur þekktur sem Lalli Johns, hefur verið dæmdur í tíu mánaða fangelsi fyrir innbrot í Hveragerði.

Lalli braust inn og rótaði í skartgripaskúffu í svefnherbergi. Þegar húsmóðirin reyndi að komast inn í herbergið varnaði Lalli henni inngöngu. Lalli játaði við yfirheyrslur að hafa farið inn í húsið í óleyfi, en neitaði að hafa ætlað að stela nokkru eða að hafa hindrað konuna.

Lalli á að baki afbrotaferil aftur til ársins 1969, og hefur 39 sinnum hlotið refsingu fyrir þjófnað. - sh



**LALLI JOHNS**

Upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar:

# Byggt á fyrra starfsleyfi

**UMHVERFISMÁL** „Tillaga Umhverfisstofnunar um starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands til ársins 2025 er byggð á grunni fyrra starfsleyfis svo og eftirlitsferðum starfsmanna stofnunarinnar á urðunarsvæðið.“

Þetta segir Kristinn Már Ársælsson, upplýsingafulltrúi Umhverfisstofnunar, spurður um forsendur tillögunnar. Hvað varðar brot á gildandi deiliskipulagi segir Kristinn Már þann þátt á hendi sveitarfélagsins. Hins vegar geti fólk beint athugasemdum sem lúta að því að ekki sé hreinlega pláss fyrir meira sorp á svæðinu í Kirkjuferjuhjáleigu til stofnunarinnar.



**KRISTINN MÁR ÁRSÆLSSON**

„Það er venjan í gerð tillagna að starfsleyfum fyrir sorpstöðvar að þau séu til sextán ára,“ útskýrir hann. „Þess vegna er tímalengdin þessi.“

Spurður um hvort athugasemdir hafi borist við tillöguna segir Kristinn Már svo ekki vera. Á borgarafundinum þar sem hún var kynnt íbúum fyrr í vikunni hafi komið fram athugasemdir. En þær verði að vera skriflegar og berast Umhverfisstofnun fyrir 12. júní næstkomandi.

„Borgarafundurinn var haldinn til að fá fram viðbrögð við tillögunni. Við bregðumst við skriflegum athugasemdum ef og þegar þær berast.“ - jss



**MENGUN OG SÝKINGARHÆTTA** Íbúar í nágrenni Kirkjuferjuhjáleigu kvarta undan mengun, fnyk og umferðarþunga af völdum sorpurðunarinnar. Þeir óttast að fuglager sem vomir yfir haugunum beri sýkingar, svo sem salmonellu, í búfénað þeirra.

# Hart barist gegn sorpinu

**Tillaga um að Sorpstöð Suðurlands fái að halda áfram að urða sorp í landi Kirkjuferjuhjáleigu næstu sextán árin hefur vakið harða andstöðu íbúa.**

**UMHVERFISMÁL** Tillaga Umhverfisstofnunar um framlengt starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands, sem kveður á um að sorp verði urðað í landi Kirkjuferjuhjáleigu næstu sextán árin, hefur vakið harða andstöðu íbúa í nágrenni stöðvarinnar. Umrædd tillaga var kynnt á borgarafundi fyrr í vikunni.

Íbúar segja gildandi deiliskipulag hafa verið þverbrotið á þeim tíma sem sorpstöðin hefur verið starfrækt á staðnum.

„Þeir voru búnir að teikna nýtt skipulag þar sem gert var ráð fyrir að urðunarhaugarnir yrðu umtalsvert hærri en gildandi deiliskipulag kvað á um. Samþykkt hæð í skipulaginu var fjórir metrar yfir landhæð og metri í þekjulag þar sem hæst væri. Nú eru haugarnir komnir í að minnsta kosti tíu metra hæð yfir landhæð. Þetta nýja skipulag var því eins og að fá leyfi fyrir að byggja einbýlishús, byggja svo blokk, teikna hana að byggingu lokinni og fá svo teikningarnar samþykktar,“ segir Kristbjörg Eyvindsdóttir í Auðsholtshjáleigu sem er í nágrenni urðunarstaðarins. Kristbjörg kærði til úrskurðarnefndar skipulagsmála, sem felldi úr gildi hið nýja deiliskipulag bæjarstjórnarinnar þar sem ekki mætti byggja það á deiliskipulagi sem þegar hefði verið brotið nema að uppfylltum vissum skilyrðum.

Sveitarfélagið hafði samþykkt að urðun á staðnum yrði hætt 1. desember 2008. Síðan var veitt eins árs undanþága. Tillagan um framlengt starfsleyfi sem kynnt var á borgarafundinum nú í vikunni kom því eins og þruma úr heiðskíru lofti. Samkvæmt því má urða þrjátíu þúsund tonn af sorpi á ári, samtals 480 þúsund tonn á sextán árum.

„Deiliskipulagið frá 1993, sem sorpstöðin á að starfa eftir, en reyndar er búið að þverbrjóta, rúmar ekki einu sinni það magn sem þegar er búið að setja á svæðið, hvað þá 480 þúsund tonn til viðbótar,“ segir Kristbjörg. „Það er með ólíkindum að Umhverfisstofnun ætli sér að setja starfsleyfi á starfsemi sem hefur enga möguleika á að taka við þessu magni.“

Kristbjörg segir mikla sjón- og lyktarmengun, auk foks frá urðunarstaðnum, sem er á bökkum Ölfusár, auk þess sem vatnasvæði sé upp í Sogið og Hvítá. Rannsóknir á áhrifum mengunar séu engar. Ekki hafi farið fram tilskilið umhverfismat áður en starfsemin hófst. jss@frettabladid.is


# Þemavika KFUM og KFUK á Íslandi

8. – 12. júní í húsi KFUM og KFUK
Holtavegi 28

## Áhugaverð námskeið fyrir ungt fólk

### Mánudagur

**11.30 – 14.00** Kristni 101
Námskeiðið er í fimm hlutum og verður farið yfir grundvallaratriði kristinnar trúar. Boðið verður upp á léttar veitingar á námskeiðinu.

**14.00 – 16.00** Táknmálsnámskeið
Farið verður yfir stafrófið og nokkur algeng orð.

### Þriðjudagur

**11.30 – 14.00** Kristni 101

**14.00 – 16.00** Á framandi slóðum!
Íslenskir kristniboðar segja frá spennandi starfi útí hinum stóra heimi og sletta á framandi tungu.

### Miðvikudagur

**11.30 – 14.00** Kristni 101

**14.00 – 16.00** Nældu í þig!
Kennt verður að gera nælur og skart á einfaldan og ódýran hátt.

### Fimmtudagur

**11.30 – 14.00** Kristni 101

**14.00 – 16.00** Að sníða sér stakk!
Fyrri hluti saumanámskeið, hvernig á að búa til snið og sauma eftir því. Námskeiðið er í tveimur hlutum.

### Föstudagur

**11.30 – 14.00** Kristni 101

**14.00 – 16.00** Að sníða sér stakk!
Seinni hluti saumanámskeið, hvernig á að búa til snið og sauma eftir því.

*Frekari upplýsingar eru veittar í síma 5888899.*




Norræna ráðherranefndin styrkir Íslendinga:

# Námsmenn fá styrki

**MENNTUN** Ungum, íslenskum námsmönnum standa nú til boða framfærslustyrkir til dvalar á hinum Norðurlöndunum. Í tilkynningu frá menntamálaráðuneytinu kemur fram að menntamálaráðherrar og samstarfsráðherrar Norðurlandanna hafi nýlega samþykkt að veita hluta af ráðstöfunarfé Norrænu ráðherranefndarinnar til slíkra styrkja.

Tilgangurinn er að létta námsmönnum róðurinn vegna áfalla sem stafa af fjármálakreppunni og atvinnuleysi sem henni fylgir. Til ráðstöfunar eru 5,5 milljónir danskra króna á árunum 2009 og 2010. - kg


Úthýstu vandræðunum og settu tölvu-, net- og símkerfið í Vist
• Afritun gagna, þjónusta og vöktun allan sólarhringinn
• Fastar og fyrirsjáanlegar mánaðargreiðslur auka hagræði
• Fagleg ráðgjöf við skipulagningu fjarskipta- og upplýsingatækni fyrirtækisins
• Öll þjónusta við síma, net og tölvukerfi hjá einum og sama aðila
Komdu með öll kerfi fyrirtækisins í Vist og losaðu þig um leið við áhyggjur og óþarfa kostnað.
800 4000 • siminn.is
Það er Síminn
[SPARAÐU
TÍMA OG FJÁRMUNI Í VIST]



**KJARNORKULAUS FRAMTÍÐ** Aðgerðasinnar úr röðum grænfriðunga blésu upp risavaxna blöðru í miðborg Madrid, höfuðborgar Spánar, í gær til að krefjast framtíðar án kjarnorku. Gjörningurinn fór fram vegna Alþjóða umhverfisdagsins. NORDICPHOTOS/AFP

Athafnamenn frá Íslandi og Noregi standa að félögum sem sóttu um sérleyfi:

# Røkke og Jón Helgi leita Drekaolíu

**IÐNAÐUR** Tveir af þekktustu athafnamönnum Íslands og Noregs standa að fyrirtækjunum tveimur sem sóttu um sérleyfi til rannsóknar og vinnslu kolvetnis á Drekasvæðinu. Þetta eru þeir Kjell Inge Røkke, sem stendur að Aker Exploration, og Jón Helgi Guðmundsson, einn aðaleigenda Norvik, sem er einn af stærstu hluthöfunum í Sagex í gegnum Lindir Resources.

Íslendingar eiga samanlagt fimmtung í Sagex. Lindir Resources, í eigu Straumborgar, félags Jóns Helga og fjölskyldu, á stærsta íslenska hlutinn í Sagex, tæp tólf prósent. Redsquare Invest, félag í eigu Jóns Snorrasonar, á rúm fjögur. Aðrir Íslendingar eiga tæp sex prósent.



JÓN HELGI GUÐMUNDSSON



KJELL INGE RØKKE

Norska félagið Xegas er stærsti hluthafinn í Sagex með átján prósenta hlut en það er í eigu tveggja helstu stjórnenda Sagex. Bandaríski fjárfestingarsjóðurinn Spindrift Wellington er svo þriðji stærsti hluthafinn með tæp tíu prósent.

Gunnlaugur Jónsson, framkvæmdastjóri Straumborgar, segir varnarsigur fyrir stjórnvöld að tvö olíufélög skyldu sækja um leyfi. „En ekkert stórkostlegt þegar vonast var eftir fimm til tíu umsóknum. Ástæðan er augljóslega sú að ástandið í heiminum er það erfitt að olíufélög hafa úr nægu að velja, jafnvel svæðum sem eru betur könnuð en hér og þar sem kostar minna að sækja olíuna."

Gunnlaugur bendir á að líkurnar á olíufundi við hverja borun sé einungis 10 til 20 prósent. - ghs

Nýjar tölur um menntamál:

# Grunnskólum fækkar um 22

**MENNTAMÁL Samkvæmt nýjum tölum Hagstofunnar hefur grunnskólum fækkað um 22 frá skólaárinu 1998-1999. Fækkunin er mest áberandi meðal skóla sem höfðu fimmtíu nemendur eða færri.**

**Skólaárið 2008-2009 voru að meðaltali 18,3 nemendur í bekk. Einnig hefur nemendum fækkað miðað við kennara og er hlutfallið nú 9,3 nemendur á hvern kennara. Sjö til 15 ára fá kennslu í 7.320 klukkustundir á níu árum í grunnskóla, en það eru færri stundir en á hinum Norðurlöndunum, að Danmörku undanskilinni. Mestur tími kennara fer í að kenna íslensku og stærðfræði.** - hds





**Framfærslustyrkir til íslenskra námsmanna á Norðurlöndum**

Norræna ráðherranefndin og menntamálaráðuneytið hafa falið Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins að auglýsa eftir umsóknum frá íslenskum námsmönnum á Norðurlöndum um framfærslustyrki í 1-3 mánuði. Styrkirnir eru ætlaðir námsmönnum sem eru í fjárhagsvanda vegna atvinnuleysis yfir sumarmánuðina og eiga hvorki möguleika á námslánafyrirgreiðslu né rétt á atvinnuleysisbótum vegna búsetuskilyrða.

Skilyrði umsóknar:

- Umsækjandi er íslenskur ríkisborgari í lánshæfu námi á Norðurlöndunum, skv. úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.
- Umsækjandi fær ekki námslán fyrir meira en 60 ECTS einingum á námsárinu.
- Umsækjandi er ekki í lánshæfu sumarnámi.
- Umsækjandi er án atvinnu og á ekki rétt á atvinnuleysisbótum hvorki á Íslandi né á hinum Norðurlöndunum.

Umsóknarfrestur er til 22. júní 2009 en um takmarkaðan fjölda styrkja er að ræða.

Umsóknareyðublöð, leiðbeiningar og nánari upplýsingar er að finna á http://www.ask.hi.is og í síma 525-5855

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

norden
Norræna ráðherranefndin




**Í REYKJAVÍK** Fjármálastjóri borgarinnar segir að þjónusta vegna láns Reykjavíkurborgar frá lífeyrissjóðum hafi ekki verið útboðsskyld. Slík viðskipti borgarinnar séu á höndum margra fyrirtækja. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Spurt út í viðskipti borgarinnar og MP

**Borgarfulltrúi VG spyr hvers vegna millilið hafi þurft vegna milljarðaláns borgarinnar frá lífeyrissjóðum. Hagstætt segir fjármálastjóri borgarinnar.**

**STJÓRNMÁL** „Ég er hissa á að þessu skuli enn ekki hafa verið svarað – það ætti að vera einfalt að fletta þessu upp," segir Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi Vinstri grænna, sem á borgarstjórnarfundi á þriðjudag óskaði eftir upplýsingum um millilið í fimm milljarða króna láni borgarinnar hjá lífeyrissjóðum.

„Af þessu tilefni er ekki úr vegi að spyrja borgarstjóra að því hvernig að lántökunni var staðið. Er það rétt að til verksins hafi verið fenginn milliliður sem þegið hafi tugi milljóna króna í þóknun?" spurði Þorleifur á borgarstjórnarfundinum. „Sé svo, óska ég eindregið eftir að vita, hvaða ástæða var til þess að borgin gat ekki milliliðalaust fengið umrætt lán hjá lífeyrissjóðum landsmanna og sloppið þannig við umtalsverð fjárútlát."

Fyrirspurn Þorleifs hefur ekki enn verið svarað. Hins vegar liggur fyrir að það er fyrirtækið MP verðbréf sem hefur milligöngu um viðskiptin.

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, segir að rætt hafi verið við ráðgjafa borgarinnar og þreifað fyrir sér með þóknanir áður en samstarfið við MP hafi verið ákveðið. Fjármálaviðskipti borgarinnar séu dreifð á marga aðila og að venjan hafi ekki verið sú að bjóða út verkefni á borð við þetta sem reyndar feli í sér mikla umsýslu með stórum skuldabréfaflokki til 45 ára í Kauphöllinni. Í viðskiptum eins og um ræði sé nauðsynlegt að vera í samstarfi við fyrirtæki sem eigi aðild að Kauphöll Íslands.



ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON



BIRGIR BJÖRN SIGURJÓNSSON

„Ef við hefðum verið í beinum samningum við lífeyrissjóðina þá hefði verið líka um að ræða einhvers konar þinglýsingargjöld eða stimpilgjöld á gerningum vegna veðs. Ef það hefði verið niðurstaðan hefði það verið margfaldur þessi kostnaður. Það er okkar mat að alveg sama hvort horft er á vaxtakjörin sjálf eða umsýslugjöld eða annað kostnað sem tengdur er þessari lántöku þá séum við bara í mjög hagstæðu máli," segir Birgir sem kveður það af og frá að MP sé í þessu máli í einhverri sjálftöku á peningum hjá borgarsjóði.

Aðspurður segir Birgir það ekki hafa tíkðast hjá borginni að bjóða út verkefni eins og þessi. „Við höfum ekki heldur boðið út alla fjármálaþjónustuna við okkur. Ef það væri, að við byðum út alla fjármálaþjónustu við borgina; eftirlit með erlendum lánum og innlendum lánum, skuldabréfaútboð og -útgáfu og hvað sem væri – þá auðvitað væri það útboðsskylt. En við höfum verið með þetta miklu meira í smábútum og reynt að semja eins vel um hvert og eitt og við höfum getað," segir fjármálastjóri Reykjavíkurborgar.

gar@frettabladid.is

Neytendur: Hvað kostar gasið?

# Byko býður best



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is



Nú er grilltíminn og ekkert slegið af því þótt það sé kreppa. Flestir eru komnir með gaskúta við grillin sín og þeim þarf að skipta út reglulega. Hvað skyldi það nú kosta? Til að kanna hver býður best er ekkert annað að gera en að hringja á þá staði sem bjóða upp á áfyllingar. Ég spurði hvað það kostaði að skila tómum 10 kílóa gaskúti inn og fá annan fullan í staðinn. Niðurstöðurnar eru eftirfarandi:

Byko – 3.400 kr.
Olís – 4.660 kr.
N1 – 4.662 kr.
Shell – 4.959 kr.

Íslensk ættleiðing:

# Tugir hjóna að falla á tíma

**FÉLAGSMÁL** Íslensk ættleiðing og Foreldrafélag ættleiddra barna hafa lagt til við dómsmálaráðherra að aldurshámark verði fellt úr reglugerð um ættleiðingar og miðað verði við aldurshámark upprunaríkisins, segir í nýju fréttariti Íslenskrar ættleiðingar.

Eins og staðan er í dag eru tugir íslenskra hjóna sem vilja ættleiða barn að falla á tíma vegna innlends aldurshámarks. Núverandi hámark er 45 ár, en er í flestum löndum hærra. Nokkur ár getur tekið að bíða eftir að ættleiðing barns gangi í gegn og ef það gerist ekki fyrir 45 ára aldur missa hjónin möguleikann á ættleiðingu.

Ísland er þekkt fyrir góðar lífslíkur og háan meðalaldur og því ætti aldur ekki að vera svo mikil fyrirstaða, segir í ritinu.

„Með nýjum ráðherra skynjum við aukinn áhuga í dómsmálaráðuneytinu á ættleiðingarmálum. Við bindum því miklar vonir við að á þeim bæ verði skilningur á vanda þeirra sem eru að missa möguleika sína vegna þröngra aldursmarka á Íslandi,“ segir í ritinu. - hds



**BÖRN** Reynt er að bregðast við vandamálinu svo bið margra hjóna verði ekki að engu.

Vísindamenn hissa:

# Fundu óvænt risastórt eldfjall

**JAKARTA, AP** Vísindamenn hafa við rannsóknir á eðli flóðbylgja uppgötvað risavaxið neðansjávareldfjall undan vesturströnd Indónesíu. Fjallið er um 4.600 metrar á hæð og fimmtíu kílómetrar að þvermáli. „Þetta var algjörlega óvænt,“ sagði einn vísindamannanna í gær.

Ekki er vitað hvort eldfjallið er virkt, en vísindamaðurinn sagði að ef svo væri og það gysi væri það „mjög, mjög hættulegt“.

Fjallið er um 330 kílómetra vestur af eynni Súmötru og tindur þess er um 1.380 metra undir yfirborði sjávar. - sh



**BLAÐAMANNAFUNDUR** Guy Bonomo,, faðir annars franska námsmannsins sem myrtur var í Bretlandi í fyrra, ræðir við fjölmiðla eftir að dómur var upp kveðinn í gær. FRÆETTABLAÐIÐ/AP

Morð á frönskum stúdentum:

# Fangelsisyfirvöld gerðu mistök

**BRETLAND, AP** Fangelsismálayfirvöld í Bretlandi hafa viðurkennt að hafa gert mistök sem áttu hlut í því að tveir franskir námsmenn voru myrtir á hrottalegan hátt í London í fyrra. Annar morðingjanna var á skilorði og átti að vera undir miklu eftirliti. Tveir breskir menn voru í gær fundnir sekir um morðin hrottalegu.

Gabriel Ferez og Laurent Bonomo fundust látnir í íbúð sinni í London fyrir um ári. Þeir höfðu verið bundnir og pyntaðir og stungnir 244 sinnum. Morðingjarnir tveir höfðu upphaflega ætlað að ræna mennina. - þeb

110 ára afmælishátíð KR:

# Endurbyggður „Stýró“ vígður

**HÁTÍÐAHÖLD** Gervigraslagður sparkvöllur við Öldugötu í Reykjavík, við hlið gamla Stýrimannaskólaskólans og síðar Vesturbæjarskólans, verður vígður klukkan tólf á hádegi í dag. Vígsla hins endurbyggða „Stýró“, eins og svæðið var lengi kallað, helst í hendur við hátíðarhöld vegna 110 ára afmælis KR.

Hátíðin hefst klukkan 13.30 með skrúðgöngu frá Melaskóla að KR-svæðinu. Hjá KR-heimilinu verða leiktæki, grill og veitingar seldar.

Einnig verður gestum boðið upp á kynslóðaleik í knattspyrnu. Þar munu lið skipuð landsliðsmönnum og Íslands- og bikarmeisturum KR í gegnum tíðina takast á. - kg

SJÓMANNA FÉLAG ÍSLANDS

Sjómannafélag Íslands sendir sjómönnum, sjómannsfjölskildum og landsmönnum öllum óskir um gleðilegan sjómannadag. Megi gæfa og fengsæld fylgja okkur öllum um ókomin ár í þeim ólgusjó sem nú stendur yfir

**Baráttukveðjur**
**Sjómannafélag Íslands**
Netfang sjomenn.Is ALLTAF Á VAKTINNI



Pyttipanna 245,-



Ókeypis brunch




Emil og Lína koma í heimsókn



© Inter IKEA Systems B.V. 2009

Útigrill - ókeypis pylsur og gos



Hoppukastalar



Sumarblómamarkaður



Kjötbollur 10 stk. 295,-



Ókeypis andlitsmálun



Kryddbakaður lax 330,-



Prúttmarkaður í Umbúðalaust



Ókeypis myndataka



Ókeypis íspinnar fyrir börnin



Í tilefni af þjóðhátíðardegi Svía 6. júní höldum við

# IKEA FESTIVAL

helgina 6.-7. júní



## Dagskrá helgarinnar

### Verslunin opin kl. 9:30-19

- Sumarblómamarkaður
- Útigrill – ókeypis pylsur og gos kl. 11–17
- Ókeypis íspinnar fyrir börnin kl. 11-17
- Hoppukastalar kl. 11-17
- Prúttmarkaður í Umbúðalaust
- Andlitsmálun kl. 11-17
- Ókeypis myndataka kl. 11-17
- Landsliðskokkur bakar kl. 11-17
- Emil og Lína koma í heimsókn kl. 13-17

### Veitingastaður opinn kl. 9-18:30

- Ókeypis brunch kl. 9-11
- 50% afsláttur af sænskum réttum; kjötbollum, laxi og pyttipanna
- IKEA tertan og kaffi 250,-

IKEA®

www.IKEA.is




## Costa del Sol
Frá 49.990 kr.
Sértilboð með og án fæðis
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herb./stúdíó/íbúð í viku. Stökktu tilboð 9. júní. Brottför 16. júní kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 20.000. Aukalega fyrir hálft fæði í viku kr. 20.000 fyrir fullorðna og kr. 10.000 fyrir börn.
Nánar www.heimsferdir.is
2. júní - UPPSELT
9. júní - 12 sæti laus
16. júní - 19 sæti laus
23. júní - 24 sæti laus

## Mallorca
Frá 64.990 kr.
2 vikur á verði 1
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herb./stúdíó/íbúð í 2 vikur. Stökktu tilboð 10. júní. Brottför 24. júní kr. 5.000 aukalega.
Nánar www.heimsferdir.is
3. júní - UPPSELT
10. júní - 11 sæti laus
24. júní - 26 sæti laus

## Salou
Frá 79.990 kr.
Með „öllu inniföldu"
Netverð á mann, m.v. 2-4 í herb./stúdíó/íbúð með „öllu inniföldu" í viku. Stökktu tilboð 12. júní. Brottför 19. júní kr. 10.000 aukalega. Vikuferð með hálfu fæði frá kr. 84.990. Vikuferð með „öllu inniföldu" frá kr. 94.990. Aukavika kr. 35.000.
Nánar www.heimsferdir.is
5. júní - UPPSELT
12. júní - 11 sæti laus
19. júní - 17 sæti laus

## Bodrum — Tyrklandi
Frá 79.990 kr.
Sértilboð með og án fæðis
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára í íbúð í viku. Vikuferð með hálfu fæði frá kr. 89.990. Vikuferð með „öllu inniföldu" frá kr. 104.990. Stökktu tilboð 12. júní. Brottför 19. júní kr. 5.000 aukalega.
Frábært verðlag í Tyrklandi!
Nánar www.heimsferdir.is
5. júní - UPPSELT
12. júní - 5 sæti laus
19. júní - 17 sæti laus
26. júní - 23 sæti laus



## Barcelona
Frá 19.990 kr.
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum (BCN-KEF). Sértilboð 12. júní. Báðar leiðir kr. 49.900.
Nánar www.heimsferdir.is
5. júní - UPPSELT
12. júní - 11 sæti laus
19. júní - 9 sæti laus
26. júní - 16 sæti laus

## Alicante
Frá 29.950 kr.
Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum. Sértilboð 17. og 24. júní. Báðar leiðir kr. 54.900.
Nánar www.heimsferdir.is
3. júní - UPPSELT
10. júní - UPPSELT
17. júní - 15 sæti laus
24. júní - 26 sæti laus

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA / NM37602

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 32 **Velta:** 209 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 265 **+0,98%**

**OMX ÍSLAND 6** 723 **+1,44%**

**MESTA HÆKKUN**

| | |
|---|---|
| ALFESCA | +5,00% |
| BAKKAVÖR | +2,73% |
| FØROYA BANKI | +2,51% |

**MESTA LÆKKUN**

| | |
|---|---|
| MAREL FOOD S. | -2,15% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,20 +5,00% ... Atlantic Airways 167,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +0,00% ... Bakkavör 1,13 +2,73% ... Eik Banki 89,00 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 122,50 +2,51% ... Icelandair Group 4,60 +0,00% ... Marel Food Systems 54,50 -2,15% ... Össur 107,00 +0,47%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Lýst eftir framtíðarsýn

Útflutningsgreinar þjóðarinnar eru brothættar og svo fáar að setja má kennitölu fyrirtækja á hverja grein. Þetta segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1.

Hermann flutti erindi um um framtíðarsýn þjóðarinnar á hugmyndaþingi sem N1 stóð fyrir í gær undir yfirskriftinni Start.

„Erum við tilbúin fyrir framtíðina?" spurði hann og benti á að miðað við mannfjöldaþróun síðastliðin hundrað ár megi reikna með fimm til sex hundruð þúsund nýjum störfum hér á landi eftir öld. Því sé nauðsynlegt að þjóðin komi sér saman um framtíðarsýn svo hér verði ákjósanlegt að búa. Byggja verði á fleiri stoðum í útflutningi en þeim sem nú er.

Hann var sammála fjölda gesta sem sóttu fundinn að þjóðin sem slík hefði fram til þessa ekki haft neina sameiginlega sýn.

Aðrir frummælendur á fundinum voru bandaríski frumkvöðullinn Jeff Taylor og Salem Samhoud frá Hollandi. Báðir fjölluðu þeir um nauðsyn þess að leggja fram nýja framtíðarsýn fyrir þjóðina. **- jab**

# Bíða enn heimildar bankans

**Seðlabankinn hefur enn ekki veitt Landsvirkjun heimild til útgáfu á skuldabréfi í krónum og selja erlendum fjárfestum. Talið er að þeir hafi meiri áhuga á ríkistryggðum skuldabréfum.**

„Við áttum fund með fulltrúum lífeyrissjóðanna og kynntum hugmyndir okkar um útgáfu skuldabréfa í Bandaríkjadölum. Þetta er á hugmyndastigi og ekki komið lengra," segir Stefán Pétursson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsvirkjunar. „Ég myndi kjósa að þetta yrði að veruleika í júlí."

Á fundinum, sem haldinn var í gærmorgun, var viðruð hugmynd um útgáfu skuldabréfs upp á 50 milljónir dala, jafnvirði rétt rúmra sex milljarða króna, á gengi gærdagsins. Ef af verður munu lífeyrissjóðirnir kaupa bréfin með erlendum eignum.

Þetta er annar tveggja kosta sem Landsvirkjun hefur í skoðun varðandi skuldabréfaútgáfu til að styrkja eiginfjárstöðu fyrirtækisins og koma framkvæmdum af stað.

Hin er í samræmi við heimild Seðlabankans sem felur í sér að erlendir eigendur íslenskra krónubréfaeigna kaupi íslensk skuldabréf útgefin í krónum sem greidd eru til baka í erlendum gjaldeyri.

Viðræður hafa staðið yfir á milli Landsvirkjunar og Seðlabankans auk fleiri fyrirtækja um leiðir sem þessa síðan fyrir áramót. Lendingin var að gera erlendum fjárfestum, sem festust inni við setningu gjaldeyrishaftanna, kleift að losa stöður sínar með kaupum á skuldabréfum í krónum sem greiðast til baka í uppgjörsmynt viðkomandi fyrirtækis.



**HÚS LANDSVIRKJUNAR** Seðlabankinn hefur ekki veitt Landsvirkjun heimild til að gefa út skuldabréf í krónum og selja erlendum fjárfestum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Lítil hreyfing er á málinu en stærstu útflutningsfyrirtæki landsins bíða þess að Landsvirkjun brjóti ísinn. Það hefur enn ekki gerst þar sem Seðlabankinn hefur enn ekki veitt Landsvirkjun heimild til útgáfunnar.

Tölvuleikjafyrirtækið CCP nýtti sér heimildina á dögunum og blés til skuldabréfaútgáfu undir lok síðasta mánaðar. Hilmar V. Pétursson, forstjóri CCP, vildi ekkert tjá sig um málið í gær. „Við erum að fara yfir það," segir hann.

Viðmælendur Fréttablaðsins telja ekki ósennilegt að erfitt sé að heilla erlenda krónubréfaeigendur sem sitja fastir með eign sína í Seðlabankanum. Hafi þeir meiri áhuga á ríkistryggðum skuldabréfum og bréfum sveitarfélaga en skuldabréfum fyrirtækja. Því verði að leita annarra fjármögnunarkosta, svo sem með því að leita til lífeyrissjóðanna.

**jonab@markadurinn.is**



**DÝRARI DROPI** Olíuverð hefur ekki verið hærra í sjö mánuði.

## Olíuverðið hátt

Heimsmarkaðsverð á hráolíu fór yfir sjötíu dali á tunnu á markaði í New York í Bandaríkjunum í gær. Það hefur hækkað um sjö dali á tunnu á einni viku og ekki verið hærra í sjö mánuði.

Hráolíuverðið tók kipp í fyrradag þegar bandaríski fjárfestingabankinn Goldman Sachs sagði olíuverð kunna að fara í 75 dali á næstu mánuðum og í 80 dali á tunnu á næsta ári.

Þetta er nokkuð í samræmi við spá OPEC-ríkjanna frá síðustu viku.

Hrávörusérfræðingar hjá bandaríska fjárfestingabankanum Merrill Lynch vöruðu hins vegar við þróuninni þá og bentu á að hagkerfi flestra landa væru viðkvæm eftir kverkatak kreppunnar og þeim gæti stafað ógn af hækkun olíuverðs. **- jab**

## Fá fimmtung til baka

Gangi áætlanir stjórnenda Straums eftir fá lánardrottnar Straums, sem eiga ekki forgangskröfur á bankann, allt frá 21 og upp í 66 prósent af kröfum sínum til baka.

Þetta kom fram á kynningarfundi stjórnenda bankans með kröfuhöfum í gær þar sem áætlanir og endurskipan hans var kynnt.

Þar kom fram að gert sé ráð fyrir að 45 manns starfi hjá bankanum hér og í London í Bretlandi að endurskipulagningu lokinni. Áður en skilanefnd Fjármálaeftirlitsins tók yfir lyklavöld í bankanum í byrjun mars störfuðu um 600 manns hjá bankanum hér, í Bretlandi og víðar á meginlandi Evrópu. **- jab**




SJÓMENN
TIL HAMINGJU
MEÐ DAGINN
| EIMSKIP | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is |
EIMSKIP
Yfir hafið og heim

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Svo skal brýna að bíti.

# Niðurskurðartími

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Hik er á mönnum og margir hrylla sig yfir niðurskurði sem væntanlegur er. Nú kann einhverjum að þykja það vorkunnarefni að í fjárlagagerðinni verði menn allt í einu aumir þegar þarf að draga saman í ríkisútgjöldum, en þeim sem hafa stóran hlut úr starfsævi sinni staðið í einkarekstri og mátt haga rekstri eftir tekjum og því hvernig áraði finnst ekki mikið til þessa vandræðagangs koma. Sannleikurinn er sá að ríkið hefur þanist hér út meira en nokkur skynsemi var í á tímum liðinna ríkisstjórna þar sem Sjálfstæðisflokkurinn var við forystu.

Einar Oddur Kristjánsson heitinn varaði við því ár eftir ár á Alþingi að skattgleði og útþenslustefna í ríkisfjármálum myndi á endanum koma okkur í koll. Því er afar fróðlegt að heyra forystumenn stóru stjórnarandstöðuflokkanna, Bjarna Benediktsson og Sigmund Davíð Gunnlaugsson, tala digurbarkalega um úrræðaleysi stjórnarinnar: hvar eru þeirra tillögur um niðurskurð í fjármálum ríkisins, rekstri og framkvæmdum? Hvar er sá uppbyggilegi og málefnalegi niðurskurðarpakki sem þeir hafa látið vinna í því örþrifaástandi sem nú er um rekstur ríkisins? Varla ætla þeir að sitja þá brosandi út í annað yfir óförum stjórnarliða í erfiðu verkefni.

Hinum er ekki vorkunn: nú verða menn að líta af skynsemi, sanngirni og gagnrýni á það yfirgripsmikla sporslukerfi sem hér hefur dafnað. Leggja niður stofnanir, sameina, draga úr umsvifum með forgangsröðun og endurskipulagningu. Það verður erfitt því hagsmunagæsla fyrir héruð og bæi er inngróin meinsemd í pólitískri valdauppbyggingu í landinu. Þar hugsar hver um sitt: hin augljósa endurskipulagning háskóla mætir strax mjálmi bæjarstjórnar Akureyrar. Styttingu skólaárs mótmæla kennarar þótt hvert foreldri á skólaskyldualdri viti af raun að lengingin bætti engu við námið, aðeins við laun kennara.

Og eins verður að líta til stofnana ríkisins: þar hefur verið byggt upp starfsmannahald sem lýtur ekki hagkvæmniskröfum, valdastrúktúr sem byggir á launauppbótum með titlagjöfum. Forstjórar ríkisins eiga að fá það verkefni að stramma rekstur sinn af, styrkja afköst og skilvirkni sem er ekki nægjanleg eins og hver maður þekkir sem hefur sent ríkisstofnun bréf. Úr hægum setum verða yfirmenn að víkja sem standast ekki þolraunina. Það er veruleikinn fyrir okkur hin, og sá tvískinnungur sem tekist hefur að innræta þjóðinni um veika stöðu opinberra starfsmanna í starfskjörum verður að heyra sögunni til.

Þingmenn buðu sig fram til starfa við niðurskurð og hafa haft til undirbúnings nokkrar vikur. Umþóttunartími þeirra hefur verið nægur, rétt eins þeirra sem sitja í ráðuneytum og stofnunum. Nú viljum við fara að sjá markvissan árangur þeirrar vinnu sem þetta fólk var ráðið til. Ekki bara hugmyndir og tillögur um bættar tekjur sem falla á okkur sem gjöld, heldur tillögur um niðurskurð í kostnaði á rekstri hins ofþanda ríkis Framsóknar og Sjálfstæðisflokks.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FORNBÓKAMARKAÐUR
til 14. júní
50% af öllum bókum.
ÚTIMARKAÐUR
á leikföngum þegar veður leyfir.
Opið 13 - 18. Langholtsvegur 42

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eltir upp á Arnarhól

Vinnumálastofnun segir frá því að tveir menn sem voru við vinnu á Hverfisgötu hefðu lagt á flótta þegar menn frá Vinnueftirlitinu komu þar að. Fór mennirnir upp á Arnarhól. Það kom svo upp úr dúrnum að þeir voru á atvinnuleysisbótum en svo lítur út sem þeir hafi verið að drýgja þær nokkuð með aukavinnunni. Ekki fylgdi sögunni hvort þeir hafi verið syngjandi á Arnarhóli: „Við erum í góðum málum, tralalalala.“

### Skemmtistaðurinn Alþingi



Mörður Árnason fjallar á bloggi sínu um æsinginn í þinghúsinu í gær, og segir stjórnarandstöðuna hafa lokast inni í stemningu sem stundum komi upp í þinghúsinu - og minni á hávaðann á börum borgarinnar á kvöldin. Skemmtistaðurinn Alþingi er líklega ekki eitthvað sem kemur upp í huga margra annarra við tilhugsunina um þingið.

### Icesave-karp við Hollendinga



Það er hægt að taka margt inn í myndina þegar Icesavemálið verður gert upp. Englendingar hafa leikið okkur grátt og nú er sendinefnd þaðan og frá Hollandi að karpa við okkar fólk um lendingu í þessu máli. Mikilvægt er talið fyrir okkur Íslendinga að taka inn í myndina áhrif af hryðjuverkalögunum sem Bretar beittu okkur og ættum við að fá afslátt af þeim sökum. Svo er að bíða og sjá hvernig landsleikur okkar gegn Hollendingum endar í dag. Ef þeir fara illa með okkur má kannski fá smá afslátt út á það.

**jse@frettabladid.is**

**thorunn@frettabladid.is**

# Leitin að sökudólgnum

Nú þegar fjármálakreppan virðist ekki jafn ógnvænleg (í bili að minnsta kosti) og sérfræðingar þykjast vera farnir að greina „græna sprota“ endurreisnarinnar, færist aukinn kraftur í leitina að sökudólgum. Fjármálakreppan færir okkur að því er virðist ótakmörkuð tækifæri til að afhjúpa svik, misgjörðir og spillingu. En það liggur ekki alveg ljóst fyrir hverja og hvað á að afhjúpa.

Forystusauðirnir í bankageiranum voru upphaflega augljósasti sökudólgurinn. Þeir réðu yfir stofnunum sem rökuðu inn háum fjárhæðum á tilteknu tímabili með bjagaðri verðlagningu á áhættu og reyndu að sækja sér stuðning almennings á þeim forsendum að þeir væru of stórir til að falla. Þeir virtust hrokafullir og oflaunaðir og auðvelt að gera grýlu úr þeim.

En hvað um pólitíska sviðið? Hvers vegna var ekki meira taumhald og betra eftirlit með bönkunum? Stjórnmálamenn voru ekki „keyptir“ í einföldum skilningi þess orðs; þeir frekar sannfærðu sjálfa sig um að nýstárlegir fjármálagjörningar væru vísir að almennri hagsæld, skaffaði fleirum þak yfir höfuðið og auðvitað þeim sjálfum auknu fylgi í kosningum.

### Hið reglulega bakslag

Næstum allstaðar eiga stjórnvöld erfitt uppdráttar og stjórnmálamenn undir högg að sækja. Ríkisstjórnir hafa riðað til falls í Tékklandi, Ungverjalandi, á Íslandi og Írlandi. Uppþot og verkföll hafa lamað Taíland, Frakkland og Grikkland. Ríkisstjórnin í Kúveit setti þingið af. Bretland nötrar útaf hneykslismálum, sem eiga sér ekki sinn líka frá því á 19. öld.

Gagnásakanir í kjölfar efnahagshruns eiga sér langa sögu og endurtaka sig með reglulegu millibili. Mikill uppgangur í verðbréfaviðskiptum snemma á 8. áratug 19. aldar endaði með hruni árið 1873 og nornaveiðum á þeim sem báru ábyrgð. Árið 1907 var J.P. Morgan í fyrstu álitinn bjargvættur markaðarins en í næstu andrá óvinur almannahagsmuna. Á 4. áratug 20. aldar var skuldinni skellt á bankamenn og fjármálaráðherra. En það sem eftir lifði af 20. öldinni virtist sem hið reglulega bakslag í efnahagslífið væri á bak og burt.

### Síður ástæða til að forðast mistök

Nú til dags eru ásakanir ekki bundnar við stjórnmála- og fjármálasviðið. Gagnrýnendur reyna líka að koma auga á hugmyndir og hagsmuni sem stuðluðu að hinum efnahagslegu óförum. Að þessu leyti er kreppan sem nú gengur yfir ólík forverum sínum; nú virðist sem hin fjárhagslega nýjungagirni hafi verið keyrð áfram af hugmyndafræðilegum og tæknilegum nýjungum.



HAROLD JAMES

**Í DAG** | Heimur í upplausn

Þar sem um fjármálakreppu er að ræða beina flestir í leit að hugmyndafræðilegum rótum hennar sjónum sínum að hagfræðingum, sem virðast, með nokkrum undantekningum, sérlega rúnir trausti. Endalaust er vitnað í orð sem Robert Lucas, höfundur kenningarinnar um hagsýnisvæntingar, á að hafa látið falla árið 2003 í forsetaávarpi sínu á fundi Bandaríska hagfræðifélagsins (American Economy Association), á þá leið að fundist hefði hagnýt lausn á grundvallarvandanum við að fyrirbyggja fjármálakreppur.

Það liggur líka ljóst fyrir að akademískir hagfræðingar höfðu áhrif á stefnumörkun. Larry Summers, núverandi forstöðumaður efnahagsráðs Obama Bandaríkjaforseta, komst að þeirri niðurstöðu þegar hann var ungur hagfræðingur að „áföll á sviði fjármála og peningastefnu hafa minni áhrif á upptök kreppu en við gerðum ráð fyrir“. Ef hagkerfið var pottþétt og til voru margir góðir kostir til að takast á við kreppu og samdrátt, var síður ástæða til að forðast mistök. Það var alltaf hægt að laga hlutina eftir á.

### Áhrif póstmódernismans

*Til varð bandalag fjármálasérfræðinga, sem töldu sig vera að selja nýjar hugmyndir, pólitískrar elítu sem studdi lágmarks regluverk, og menningarástands sem aðhylltist tilraunamennsku og hafnaði hefðbundnum gildum.*

Fulltrúar annarra fræðigreina hafa glott drýldnislega yfir opinberri niðurlægingu kollega sinna í hagfræði. Fræðigreinar sem styðjast ekki við stærðfræði virðast hafa náð fram hefndum, þar sem ógöngurnar sem tröllatrú á flókin táknkerfi og torræðar formúlur hefur leitt hagkerfið í koma sífellt betur í ljós.

Það er hins vegar svo að straumar og stefnur í öðrum fræðigreinum, sem og út í samfélaginu, að minnsta kosti stuðluðu að fáránlegri áhættusækni, ásamt vilja til að búa til og meðtaka virðismat á fjármálagjörningum, sem voru svo flóknir að ekki nokkur leið var að skilja þá. Hið almenna samfélagsástand er stundum kennt við póstmódernisma, sem felur í sér að rökhyggju er skipt út fyrir innsæi, tilfinningu og vísanir.

En sjálfur póstmódernisminn er sprottinn upp úr tækni sem hann á í margræðu sambandi við. Ólíkt gangvirkinu í gömlu gufuvélunum og fyrstu bílunum sem var auðvelt að skilja, eru nútímabílar og flugvélar orðin svo flókin að þeir sem stýra þeim hafa ekki hugmynd um hvernig tæknin sem knýr tækin áfram virkar. Internetið hefur búið til veröld þar sem skýr rökhugsun hefur vikið fyrir hliðskipun áberandi mynda.

Póstmódernisminn stígur burt frá rökrænni menningu þess tíma sem kenndur var við „módernisma“. Margir koma auga á sífellt fleiri hliðstæður við lífið á miðöldum, þar sem fólk hrærðist í atburðum og ferlum sem það skildi ekki. Fyrir vikið fékk það á tilfinninguna að það lifði í veröld þar sem púkar og yfirnáttúrlegar verur byggju líka.

### Hruninn heimur

Hið nýlega tímabil alþjóðafjármála (kannski heyrir það fortíðinni til?) var ólíkt fjármálabylgjunni fyrir einni öld. Menningarlegar birtingarmyndir þess virkuðu líka frumlegar; gáskafullar, tilvísanahlaðnar og á jaðrinum – í einu orði sagt: póstmódernískar. Á þessu tímabili var ekki litið á hefðir og fortíðina sem fjötra, heldur sem uppsprettu írónískra vísana. Á hápunkti tímabilsins sönkuðu margir stórlaxar að sér rándýrri abstrakt list. Póstmódernísk vanræksla eða andúð í garð raunveruleikans bjó til þá tilfinningu að heiminum væri í síbreytilegur og sveigjanlegur, jafnvel álíka skammgóður og merkingarsnauður og verðmæti hlutabréfa.

Til varð bandalag fjármálasérfræðinga, sem töldu sig vera að selja nýjar hugmyndir, pólitískrar elítu sem studdi lágmarksregluverk, og menningarástands sem aðhylltist tilraunamennsku og hafnaði hefðbundnum gildum. Niðurstaðan varð sú að öll gildi – þar á meðal í fjármálaheiminum – voru álitin handahófskennd og í rauninni fáránleg.

Það kemur ekki á óvart að þegar skilningsleysi hættir að leiða af sér hagsæld, en fer þess í stað að valda efnahagshruni og upplausn, breytist það í reiði. Leitin að sökudólgnum minnir sífellt meir á nornaveiðarnar seint á miðöldum: þetta er leið til að láta sundurlausa og fjandsamlega veröld koma heim og saman.

*Harold James er prófessor í sagnfræði og alþjóðamálum við Princeton-háskóla. ©Project Syndicate. (Millifyrirsagnir eru Fréttablaðsins.)*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# VORTILTEKT!

## LÍKUR Í DAG!



KING KOIL HEILSURÚM
(Queen size 153x203 cm)
FRÁ 109.000 kr.

## NÚ HREINSUM VIÐ ÚT
## 30-50% AFSLÁTTUR
# ALLT Á AÐ KLÁRAST

Við eigum von á nýrri vörulínu frá **King Koil Comfort solution** og ætlum því, á næstu dögum, að selja eldri gerðir

**með allt að 50% afslætti.**



COMFORT solutions®
By King Koil®

Good Housekeeping Promises

FINNLANDIA PILLOW
(Queen size 153x203)
Verð kr. 246.300
50% AFSLÁTTUR
NÚ kr. 123.150



30%
AFSLÁTTUR!
Af sængurfatnaði og heilsukoddum



## ÁTTU VON Á GESTUM?

Í Rekkjunni er að finna eitt mesta úrval landsins af svefnsófum í einum stærsta og glæsilegasta svefnsófasýningarsal landsins.



rekkjan
HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16



AFMÆLISH
Glæsileg afmælistilboð og skemmtu
Ný kynslóð lágvöruverðs-verslana
KRÓNAN
INTERSPORT
KRÓNA
1 ÁRS
LINDIR
KÓPAVOGI
Frábær afmælistilboð í öllum verslunum!
- Frír ís fyrir alla.
emmessís
- Hoppukastali fyrir börnin.
- Ýmsar vörukynningar.
1 ÁRS
Frábær afmælistilboð!
SS fremstir fyrir bragðið
Pylsuvagninn verður á staðnum, þú færð pylsu og gos fyrir
100 kr.
KRÓNAN, OPIÐ VIRKA DAGA 11-20, HELGAR 10-20
Smáratorg
Reykjavík
Turninn
Smáralind
LINDIR
Reykjanesbraut
Bæjarlind
Fífuhvam

# ÁTÍÐ Í DAG

## un í Lindum Kópavogi í dag 6. júní

1 ÁRS




## KRÓNAN



50% afsláttur

749 kr. pk.
Grísakótilettur

KLÁRT Í KÆLINN



569 kr. pk.
Pepsi max kassi 33cl

ÓTRÚLEGT VERÐ!



299 kr. pk.
Grísabógur frosinn

## INTERSPORT



**8.490** (fullt verð 13.990)
**PUMA PRW HOODED SWEAT JACKET**
Hettupeysa á dömur. Litir: Hvítur, svartur. Stærðir: S-XL.



**2.490** (fullt verð 4.490)
**UMBRO REDA**
Herra kvartbuxur. Litur: Blár, svartur. Stærðir: S-XXL.

**3.990** (fullt verð 6.990)
**ADIDAS FUSI 3/4 PANT**
Dömu kvartbuxur.
Litir: Svartur. Stærðir: 36-44.

## ELKO

Frábær heyrnatól



**2.222**

**SENNHEISER**
Heyrnartól, SEPX30.Frábær heyrnatól sem gefa frábæran hljóm. Einungis 65 gr. Leggjast þétt upp að eyrum.

Sería 1 - 2 saman í pakka




**3.333**

Góð tannheilsa er hverrar krónu virði



**4.444**

**BRAUN**
Barnatannbursti, **D10**.
Sérhannaður bursti fyrir börn með Disney fígúrum. Burstinn spilar 16 mismunandi stef þegar honum er lyft af hleðslustöðinni. Hann hefur 5600 hreyfingar á mínútu og hleðslan endist í 1 klst.

**INTERSPORT, OPIÐ VIRKA DAGA 11-19, LAU. 11-18 OG SUN. 12-18**

**ELKO, OPIÐ VIRKA DAGA 11-19, LAU. 11-18 OG SUN. 12-18**

# Vinstri græn og tímamótin í ESB-umræðunni

**UMRÆÐAN**
Ingvar Gíslason skrifar um Evrópumál


INGVAR GÍSLASON

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra lagði áherslu á það í þingræðu að tillaga frá ríkisstjórninni til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (þingmál nr. 38) væri tímamótaviðburður. Ráðherrann hefur rétt fyrir sér í þessu. Tillagan markar tímamót í ýmsum skilningi. Þótt flokkur Össurar hafi lengi barist fyrir aðild Íslands að ESB hefur Samfylkingin ekki haft möguleika á að gera umsókn um aðild að stefnumáli ríkisstjórnar fyrr en nú. Þessi möguleiki hefur skyndilega opnast. Og hvernig mátti það verða?

Samfylkingin er orðin stærsti flokkur landsins, finnur vel til máttar síns og á í stjórnarsamstarfi við flokk sem kallast Vinstrihreyfingin – grænt framboð, eða Vinstri grænir til hægðarauka og gerir út á það að grasrótarbragð finnist af nafni og gælunafni. Ekki skal úr því dregið að flokkurinn er vinstrisinnaður og ber umhverfismál fyrir brjósti. En í hugleiðingu minni að þessu sinni vil ég einkum benda á, að Vinstri grænir hafa markað sér með hástemmdum orðum þá stefnu að berjast gegn aðild Íslands að ESB. Þeir hafa auglýst sig sem fullveldissinna í réttum skilningi þess orðs og þóst standa stífir á meiningunni.

Upp á síðkastið hefur þó komið í ljós að skoðanafestan er laus í sér og flokkseindrægni í Evrópumálum stórlega ýkt. Vinstri grænir hafa nú gert sitt til þess að aðild Íslands að ESB er opinber stefna ríkisstjórnar sem þeir eru þátttakendur í. Miðað við fyrri orð kemur þetta úr hörðustu átt. Vinstri grænir gera sig bera að tvískinnungi. Þeir segja í sama orðinu að þeir séu harðir andstæðingar aðildar en jafnframt taka þeir undir við fólk sem vill að sótt sé um aðild til þess að fá úr því skorið, „hvað sé í boði“. Auk þess telja þeir að það „þjóni lýðræðinu“ að fara í þess háttar könnunarviðræður. Látum það vera! En hingað til hafa Vinstri grænir staðið á því eins og aðrir andstæðingar aðildar, að Íslendingar geti vitað það fyrirfram, hvað í boði er, ekki síst hvað varðar pólitísk málefni, stjórnskipan og stjórnsýslu. Á því er enginn vafi að þjóðin væri að ganga í ríkjasamtök sem lúta yfirþjóðlegu valdi. Evrópusambandið hefur öll pólitísk og táknleg einkenni sambandsríkja (bandaríkja). Evrópusambandið er „federal“ (upp á ensku), „föderativ“ (upp á skandinavísku) og lýtur vitaskuld lögmálum þess háttar stjórnskipulags. Erlendis fer þetta ekki leynt, en á Íslandi er varla á þetta minnst. Aðildarsinnar hér á landi taka létt á þessu grundvallaratriði, þó út yfir taki ábyrgðarleysi þeirra sem halda því beinlínis fram að fullveldisafsal, svo víðtækt og almennt sem raun ber vitni, styrki stjórnfrelsi þjóðarinnar! Sú kenning er engin spakleg þverstæða, heldur blátt áfram fjarstæða! Fullveldi er hvorki söluvara né skiptimynt. Það er algilt, en ekki afstætt.

Vinstri grænir verja með fyrirvörum, sem þó eru mestmegnis fyrirsláttur, stuðning sinn við tillöguflutning ríkisstjórnar um ESB-aðild. Samfylkingin beitti því bragði í fyrstu að telja Vinstri grænum trú um að þeir gætu staðið gegn þessu þingmáli en setið þó sem fastast í ríkisstjórn, því að varla mundi standa á framsóknarmönnum og Borgarahreyfingunni og e.t.v. þingmönnum úr Sjálfstæðisflokki að styðja slíka tillögu. Össur og Jóhanna sögðu ítrekað að tillaga um aðildarumsókn hefði meirihlutastuðning á þingi. Annað hefur komið í ljós. Framsóknarmenn höfnuðu henni þegar í stað, svo að það gladdi mitt gamla hjarta, og hafa tekið upp samstarf við Sjálfstæðisflokkinn um að fordæma efni tillögunnar og málsmeðferð ríkisstjórnarinnar frá rótum.

Engar líkur eru til þess að tillaga ríkisstjórnarinnar um Evrópusambandsaðild verði samþykkt. Hún er fyrirfram dæmd. En í þessum ruglingslega málatilbúnaði Jóhönnu, Össurar og Steingríms stendur upp úr sem tímamótaviðburður tvískinnungur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Evrópumálum og fyrirsláttur forustumanna VG sér til afbötunar. Hvar eruð þið nú Ögmundur, Katrín og Atli?

*Höfundur er fyrrverandi þingmaður Framsóknarflokks og félagi í Heimssýn.*

# Tóm í höfðanum

**UMRÆÐAN**
Júlíus Fjeldsted skrifar um ferðaþjónustu

Daglega stöðva rútur fullar af ferðamönnum fyrir framan eina af merkustu byggingum borgarinnar, Höfða. Fólkinu er hleypt út stutta stund til myndatöku, yfirleitt er rölt smávegis í kring og gægst á glugga en svo ekið beinustu leið í burtu. Ég velti því fyrir mér hvort einhverjum öðrum en sjálfum mér finnist eitthvað skrýtið við þessa mynd.

Í dag er mikið atvinnuleysi, ekki síst hjá háskólafólki, og nauðsynlegt að líta til allra átta við sköpun fleiri atvinnutækifæra. Nýsköpun er vinsælt lausnarorð við vandanum en mig langar að benda á gamla sköpun og hún er öll til staðar í Höfða.

Fallegt hús á einum besta útsýnisstað borgarinnar, fullt af menningu og þarna býr meira að segja draugur. En húsið er víst aðeins notað á tyllidögum sem móttökustaður á vegum Reykjavíkurborgar eftir því sem ég best veit. Er hægt að réttlæta þessa einhæfu notkun?

Það eru ekki bara erlendir ferðamenn sem hefðu áhuga á að reka inn nefið og skoða herbergið þar sem Reagan og Gorbachev lögðu grunninn að lokum Kalda stríðsins. Það eru eflaust margir Íslendingar sem hefðu gaman af því að skoða sig um og njóta, alveg eins og það er gaman að koma inn í Viðeyjarstofu og fá sér kaffi og vöfflu á góðum degi.

Það hlýtur að vera skemmtileg áskorun fyrir t.d. atvinnulausa háskólastúdenta að búa sér til sumarvinnu við að setja saman sögukynningu og lóðsa fólk um húsið. Póstkort, límmiðar, krúsir, margmiðlunarefni og jafnvel smágerðar fánaborgir með fánum Bandaríkjanna og Sovétríkjanna gætu staðið til boða.

Opnun Höfða fyrir almenningi myndi ekki laga halla Reykjavíkurborgar ein og sér – en dropinn holar steininn var mér kennt.

*Höfundur er áhugamaður um skynsamlega nýtingu auðlinda.*

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál









Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# Um staðsetningu minnismarka

**UMRÆÐAN**
Þórsteinn Ragnarsson skrifar um skipulag í kirkjugörðum


ÞÓRSTEINN RAGNARSSON

Vegna umræðu í Fréttablaðinu að undanförnu um staðsetningu minningarmarka í Gufuneskirkjugarði vill undirritaður koma neðangreindum sjónarmiðum á framfæri.

Í kristnum löndum hafa kistugrafir snúið í austur og vestur og hefur kistan verið jarðsett með það í huga að ásjóna hins látna snúi í austur, þ.e. hvirfillinn snýr í vestur. Í aldaraðir hafa stærri kirkjugarðar á Norðurlöndum og í Evrópu verið skipulagðir á þann veg að göngustígar eru lagðir sitt hvoru megin við tvær grafaraðir og minningarmörk eru sett inn á miðju og síðan er gengið að hvorri grafarröð frá þeim stíg sem er sömu megin og grafarröðin. Þetta fyrirkomulag er fyrir hendi í Hólavallagarði, Fossvogskirkjugarði og Gufuneskirkjugarði. Einnig er það við lýði hjá nokkrum stærri kirkjugörðum utan Reykjavíkur.

Hugum nú nánar að þessu skipulagi. Þar sem allar kisturnar snúa eins og gengið er að gröfunum frá sitt hvorum stígnum, er nauðsynlegt að setja minningarmörkin við fótagafl á annarri hverri röð. Minningarmörk þau sem eru við höfðagafl blasa við þegar horft er í vestur á grafarröðina en minningarmörk þau sem eru við fótagafl blasa við þegar litið er til austurs. Ef minningarmörkin væru í báðum tilvikum sett við höfðagafl snéru minningarmörkin öfugt við þeim sem kæmi gangandi eftir vestari stígnum og yrði komumaður við það skipulag að ganga yfir viðkomandi grafarröð og inn á miðjuna til að sjá áletrun á minningarmörkunum.

Tvær meginástæður eru fyrir því að skipulagið er með þessum hætti. Annars vegar auðveldar það aðstandendum að nálgast grafirnar frá göngustígunum og lesa á minningarmörkin án þess að ganga ofan á gröfunum og hins vegar er umhirða yfir sumartímann auðveldari, þegar minningarmörkin eru höfð inni á miðjunni. Yfir vetrartímann þarf tíðum að ryðja snjó af stígunum og væru þá mörg minnismerki í hættu ef þau væru staðsett uppi við stígana.

Besta nýting á garðinum væri eflaust sú að sleppa öllum göngustígum, ökustígum og bílastæðum og hafa grafaraðir hverja á eftir annarri og þar með væri hægt að hafa minningarmörk við höfðagafl á öllum gröfum. Það er hins vegar óhugsandi þegar stærð garðanna er farin að skipta tugum hektara (1 ha = 10.000 m²) því þar með færi öll vélaumferð yfir grafirnar. Þegar taka ætti grafir í frátekin grafarstæði innan um eldri grafir sömuleiðis færu líkfylgdir við jarðsetningu yfir grafirnar. Örfáar kvartanir hafa borist síðastliðna áratugi vegna þessa skipulags sem viðhaft er innan Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og fleiri kirkjugarða á landinu. Aðstandendur hafa í þeim tilvikum nær undantekningarlaust tekið skýringar starfsmanna til greina og ekkert aðhafst. Fram að þessu hefur ekki verið talin ástæða til að vekja sérstaka athygli á þessu skipulagi við úthlutun grafa af þeim ástæðum að stór meirihluti fólks er ekki að velta staðsetningunni fyrir sér og ekki hefur verið hægt að velja grafir heldur er þeim úthlutað í þeim grafarröðum sem grafið er í á hverjum tíma.

Starfsmenn og stjórnir kirkjugarða hafa vissulega áhyggjur af því, þegar ber á óánægju aðstandenda og vilja gera sem flestum til geðs.

Sú umfjöllun sem birst hefur hér í blaðinu hefur fjallað um að óviðunandi sé að aðstandendur séu ekki upplýstir um að minnismerki séu sett upp við fótagafl og þeir haldi almennt að þeir séu að signa yfir ásjónu þegar þeir signa yfir minnismerkið. Það er mikill misskilningur að það skipulag, að minningarmörk séu höfð við fótagafl, sé vísbending um að þar eigi aðstandendur að signa yfir, þegar að gröfinni er komið. Minningarmarkið gefur til kynna hver hvílir undir og er staðsett með það í huga að auðvelt sé að lesa grafskriftina frá stígunum. Þeir aðstandendur sem vilja signa yfir höfðagafl, þar sem minningarmark er við fótagafl, geta það engu að síður, ef það skiptir þá máli. Þeir þurfa þá að vera meðvitaðir um það hvernig hinir látnu hvíla. Engin trúarleg forsenda er fyrir því að minningarmark eigi fremur að vera við höfðalag en fótalag. Minningarmörk í kirkjugörðum kristinna manna hafa allt frá frumkristni verið með ýmsum hætti, staðsetning þeirra hefur aldrei verið sáluhjálparatriði og oftar en ekki hafa engin minningarmörk verið sett upp.

Ég vil að lokum fullvissa þá aðstandendur sem vilja signa yfir höfðalag að það er ekkert í skipulagi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma sem kemur í veg fyrir að það sé gert en það er jafnframt dagljóst að þeir sem signa yfir grafir ástvina sinna án tillits til höfðagafls eða fótagafls eru einnig af kristnum skilningi að biðja um guðsblessun, þar er enginn munur á.

*Höfundur er forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkur.*

# Gervigrasvöllur í Vesturbæinn

**UMRÆÐAN**
Kjartan Magnússon skrifar um nýjan gervigrasvöll


KJARTAN MAGNÚSSON

Stórátak hefur verið gert í endurbótum á skólalóðum og leikskólalóðum Reykjavíkurborgar á kjörtímabilinu. Hluti af þessu átaki hefur falist í lagningu nýrra sparkvalla, gjarnan með gervigrasi, sem njóta mikilla vinsælda yngstu kynslóðarinnar. Í dag, laugardag, kl. 12 verður því fagnað á Stýró-vellinum við Öldugötu að löng bið barna og ungmenna í Gamla Vesturbænum eftir „mjúkum“ sparkvelli er nú loks á enda þar sem hann hefur nú verið lagður gervigrasi. Öllum er velkomið að vera viðstaddir vígslu vallarins, sem verður í tengslum við hátíðarhöld KR-dagsins og munu ungir KR-ingar sjá um hana ásamt borgarfulltrúum.

Um árabil hafa íbúar í Gamla Vesturbænum kvartað yfir lélegri aðstöðu til íþrótta og leikja í hverfinu. Sparkvöllum hafði fækkað mjög í hverfinu og einungis tveir malbikaðir vellir eftir, annar á lóð Vesturbæjarskóla, hinn við Öldugötu. Gamli Vesturbærinn var um árabil eina hverfi borgarinnar, þar sem ungviðið hafði ekki aðgang að sparkvelli með mjúku yfirborði, þ.e. með grasi eða gervigrasi. Sýnt hefur verið fram á að þátttaka í skipulögðu íþróttastarfi er mun minni meðal barna og ungmenna norðan Hringbrautar en sunnan hennar. Skýringin er auðvitað sú að íþróttasvæði KR er við Frostaskjól, í töluverðri fjarlægð frá Gamla Vesturbænum, og þá er hin umferðarþunga Hringbraut farartálmi fyrir yngstu börnin. Vegna þessa er sérstaklega mikilvægt að leggja áherslu á að bæta leikja- og íþróttaaðstöðu í hverfinu.

Á síðasta kjörtímabili lagði undirritaður fram nokkrar tillögur í nefndum og ráðum borgarinnar um að lagning „mjúks“ sparkvallar í Vesturbænum yrði sett í forgang. Voru þær tillögur ýmist felldar af fulltrúum R-listans eða vísað til frekari skoðunar sem aldrei bar árangur. Á sl. ári var málið tekið upp að nýju með samþykkt íþrótta- og tómstundaráðs og það hefur nú borið þennan ánægjulega árangur. Í vetur hófust endurbætur á skólalóð Vesturbæjarskóla og er nú unnið að undirbúningi þess að koma þar fyrir svokölluðum battavelli fyrir knattspyrnu og bæta körfuboltaaðstöðu. Þá hafa umferðarsérfræðingar borgarinnar það til skoðunar hvernig bæta megi göngutengsl yfir Hringbraut í því skyni að stuðla að greiðari aðgangi að KR-svæðinu við Frostaskjól.

Ég óska Vesturbæingum til hamingju með endurbættan sparkvöll og hvet þá til að taka þátt í hátíðarhöldum KR-dagsins.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*



„Ég fékk frábært viðmót og nú veit ég nákvæmlega hver staðan er.“

Kristín Helga Waage
viðskiptavinur Íslandsbanka

# Fjármálaviðtal fyrir alla – komdu í næsta útibú

Það er mikilvægt fyrir alla að fara reglulega yfir stöðu fjármálanna. Fjármálaviðtal Íslandsbanka veitir þér góða yfirsýn yfir fjármál heimilisins, sparar peninga og getur komið í veg fyrir hugsanlega greiðsluerfiðleika. Einnig eru fjölmörg úrræði í boði fyrir þá sem eru þegar komnir í greiðsluvanda.

Tilgangur Fjármálaviðtalsins er að meta stöðuna og koma betra skipulagi á fjármálin.

**Í Fjármálaviðtalinu skoðum við m.a. með þér:**

| | |
|---|---|
| Eignir og skuldir | • Hvernig lítur efnahagur heimilisins út? |
| Rekstur heimilisins | • Er möguleiki að hagræða? |
| Lánasamsetningu | • Er greiðslubyrði viðráðanleg? |
| Sparnað | • Er svigrúm til sparnaðar? |

**Komdu í Fjármálaviðtal í næsta útibúi Íslandsbanka og við tökum vel á móti þér. Þú þarft ekki að bóka tíma og það kostar ekkert.**




- Heimilið
- Bifreiðar/samgöngur
- Sparnaður
- Matur/neysla
- Heilsa/tómstundir
- Frístundir

Í lok Fjármálaviðtalsins er útbúið stöðumat og gefnar leiðbeiningar um hvernig gott er að halda utan um fjármál heimilisins. Heimilisbókhaldið á islandsbanki.is er einnig gott tæki til að aðstoða þig við að hafa yfirsýn yfir fjármálin.

Allar nánari upplýsingar færðu í síma **440 4000** eða á **islandsbanki.is/fjarmalavidtal**.

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-0513

# Alla Íslendinga í sama bátinn

**Ögmundur Jónasson** heilbrigðisráðherra segir Íslendinga á leiðinni úr tilskipunarþjóðfélagi veruleikafirrts Sjálfstæðisflokks. Hann sagði *Klemensi Ólafi Þrastarsyni* að hann teldi það ekki vera forgangsatriði að afnema gjaldeyrishöftin, heldur lækka vexti.

Ögmundur Jónasson hefur starfað sem fréttamaður og kennari og verið formaður BSRB síðan 1988, þingmaður síðan 1995. Eftir búsáhaldabyltingu var hann skipaður heilbrigðisráðherra, en hann var einn helsti hvatamaður ríkisstjórnar VG og Samfylkingar, ásamt félaga sínum Össuri Skarphéðinssyni. Ömmi frændi, eins og hann er stundum kallaður, vísaði þá til bágs efnahagsástands og afþakkaði ráðherralaun.

*Verðurðu áfram á þingfararkaupi uns ástandið lagast?*

Á fyrstu dögum mínum í ráðuneytinu skrifaði ég þeim sem fara með fjármál stjórnarráðsins og sagðist ætla að vera á þingmannataxtanum. Ég vissi að við stæðum frammi fyrir mikilli kjaraskerðingu innan heilbrigðiskerfisins, sem er raunin. Kjör starfsfólks hafa rýrnað og ég ber formlega ábyrgð á þeirri framkvæmd. Ég vildi ekki ganga til þessara verka nema með því að vera í hópnum. Þessi ákvörðun stendur þar til annað verður ákveðið.

*Nú heyrist að þjóðarsáttin sé fyrir bí vegna hárra stýrivaxta. Seðlabankastjóri segist ekki geta lækkað vexti því það skorti aðhaldsaðgerðir frá stjórninni. Hvar og hvernig munt þú skera niður?*

Ég vil leyfa mér að hafna þessari kenningu, ég held að hún sé alröng. Hvernig stendur á því að hagkerfi sem býr við gjaldeyrishöft, þar sem peningarnir komast illa út úr landinu, þarf jafnframt að hafa heimsins hæstu vexti sem gulrót fyrir fjármagnseigendur? Ég held að Seðlabankanum og yfirbarnfóstrunni, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sé eitthvað að fatast dómgreindin hvað þetta snertir. Nema það vaki fyrst og fremst fyrir þeim að gæta hagsmuna fjármagnseigenda? Því miður læðist að manni sá grunur, því hitt er víst að þessi stefna er ekki í þágu íslensks samfélags, hvorki skuldsettra heimila né fyrirtækja. Háir stýrivextir virka beint á dráttarvexti og á kjör þeirra sem búa við erfiðustu skuldastöðuna. Það er verið að þrengja ólína um hálsinn á þessum aðilum. Mér finnst þetta vera þjóðhagslega stórhættuleg stefna. Sönnunarbyrðin hvílir núna á Seðlabankanum og AGS, sem greinilega andar ísköldu ofan í hálsmálið á bankanum, að skýra fyrir þjóðinni hvernig á því stendur að þessari stefnu er haldið við. Nánast allar þjóðir í heiminum eru að færa vexti niður undir gólflistann og ekki síst þær sem eiga í erfiðleikum.



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**ÖGMUNDUR** Segir ráðherradóm ekki breyta því að hann hafi áhuga á að standa vörð um mannréttindi. Því hitti hann Dalai Lama.

> Það voru Íslendingar sem komu okkur í þessi vandræði og við verðum að súpa seyðið af því.

### AGS og Seðlabankinn

*Getur þú, samviskunnar vegna, setið í ríkisstjórn sem framfylgir þjóðhagslega stórhættulegri stefnu, samkomulaginu við AGS?*

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn kom hingað inn við aðstæður sem ég stjórnaði ekki og Íslendingar að takmörkuðu leyti sjálfir. Þetta er illur kostur sem er orðinn hluti af okkar landslagi. Við þurfum að vega og meta hvað við getum gert við þessar aðstæður. Ég er sannfærður um að sú ríkisstjórn sem nú situr er sú besta sem völ er á. Við stöndum frammi fyrir þrotabúi sem Sjálfstæðisflokkurinn bjó til og skipulagði í tvo áratugi, með hörmulegum afleiðingum. Þeir einkavæddu allt sem við áttum sameiginlega. Þeir afhentu það vildarvinum sínum sem nánast eyðilögðu grunnstoðir samfélagsins, svo sem fjármálakerfið. Þeir grófu undan velferðarkerfinu og siðferðisvitund þjóðarinnar. Aldrei fyrr í sögunni hafa jafn fáir stjórnmálamenn skapað vinum sínum jafn mörg tækifæri til að rústa heilt samfélag á jafn stuttum tíma og hér var gert. Þegar þessir aðilar beina núna spjótum sínum að ríkisstjórn sem er að reyna að hreinsa til eftir þá, þá kemur það vægast sagt úr hörðustu átt. Þeir kasta grjóti úr gróðurhúsi. Framsóknarflokkurinn er þó að reyna að endurnýja sig og ég óska nýju fólki þar alls hins besta. En ég undrast forherðingu sjálfstæðismanna sem leyfa sér að gagnrýna okkur við hreinsunarstörfin. Núna óskapast þeir yfir háum vöxtum! En hvert hefur vaxtastigið verið hér á undanförnum árum?

*Ég spurði áður hvar og hvernig ætti að skera niður…*

Þetta snýst í fyrsta stað um að forgangsraða verkefnum. Ætlum við að leggja ofurkapp á samgöngubætur, til dæmis? Ætlum við að draga saman seglin í velferðarþjónustunni? Í annan stað gerir margt smátt eitt stórt. Það er ekkert kerfi svo gott að ekki sé hægt að bæta það. Engin starfsemi þannig skipulögð að ekki sé hægt að nýta fjármunina á betri hátt. Við eigum að vera opin fyrir nýjum hugmyndum og hugsa málin upp á nýtt. Samdráttur þarf ekki að vera af hinu illa, heldur getur verið hvati að framförum. Síðan er á hitt að líta að við ætlum að veita velferðarþjónustu áfram og hafa öflugt heilbrigðis- og menntakerfi…

*En það sem fólk vill heyra frá heilbrigðisráðherra er: hvernig mun þjónustan skerðast, geturðu komið með dæmi um hvernig fólk mun finna fyrir því?*

Ég held að við séum að blekkja okkur sjálf ef við höldum því fram að samdráttur um marga milljarða, í kerfi sem í sumum tilvikum hefur verið tálgað inn að beini, bitni ekkert á þjónustu. Það sem við erum að reyna að gera er að draga úr skaðsemi samdráttarins. Yfirvinna dregst saman, reksturinn straumlínulagaður og öll þjónustan sett undir stækkunargler, hvort sem er rekstur eða lyf.

Ég heimsótti sjúkrahúsið í Reykjanesbæ og þar er lítil endurhæfingarsundlaug. Það reif í hjartað í mér að sjá að það er búið að slökkva á henni. Það kostar nokkrar milljónir að reka hana á ári hverju. En hið góða er að ég veit að það er hægt að kveikja á henni aftur. Og þannig þurfum við að hugsa þennan samdrátt: að við veikjum ekki kerfið til framtíðar heldur endurskipuleggjum okkur þannig að það verði til grunnur til að geta sótt fram af enn meiri krafti en áður og það er verkefni heilbrigðisráðherra. Í Reykjanesbæ skáru stjórnendur og starfsmenn sjúkrahússins niður um á annað hundrað milljónir og þau þekkja miklu betur til en ég. Og þetta er aðferðafræðin sem við erum að nota alls staðar. Samdrátturinn á að vera framkvæmdur á félagslega réttlátan hátt.

*Hvað með aukna kostnaðarþátttöku sjúklinga?*

Ég vil alls ekki fara lengra í þá átt. Ég held að menn vilji almennt greiða fyrir heilbrigðisþjónustuna meðan þeir eru frískir, í vinnu og aflögufærir. Hvers vegna að bíða þangað til þú verður veikur og fara að borga þá, þegar þú hefur síst möguleika til þess?

### Skattahækkanir og neysla

*Frekar að hækka skatta?*

Miklu frekar, tvímælalaust. Og það er ekki bara mín skoðun. Þetta er almennt viðhorf í þjóðfélaginu eins og hefur margoft komið fram í könnunum.

*Er von á fleiri neysluskóttum?*

Menn hafa svolítið rætt þessa neysluskatta og talað um neyslustýringu. Ég vil snúa dæminu við og segja að það eigi ekki að neyslustýra óhollustu ofan í þjóðina. Það á að forða okkur frá áreiti ágengra aðila sem eru að reyna að koma ofan í okkur eins miklum sykri og gosi og alls kyns óhollustu og þeir mögulega geta. Gosdrykkir eru fínir í hófi, ég drekk oft sykrað gos og innbyrði sykur. En ef við afnæmum allar niðurgreiðslur og alla stýringu á markaði þá kostaði mjólkurlítrinn margfalt meira en núna en kókið væri á sínum stað, því menn lækkuðu meira skatta á því en nokkurri annarri vöru þegar þeir lækkuðu virðisauka og vörugjöld.

*Hvaða skattar verða þetta? Sykur, bensín, áfengi… og?*

Ég er enginn áhugamaður um að hlaða ofursköttum á þjóðina, en þegar spurningin er um hvað manni finnst réttlátt að skattleggja, þá horfir maður á þessa þætti. Við eigum að skoða það eins og aðrar þjóðir að skattleggja neyslu sem kemur samfélaginu í koll.

### Vill byggja á Hringbraut

*Háskólasjúkrahúsið, það kostar víst 3,7 milljarða á ári að reka Landspítala í 21 húsi. Ætlar þú að sameina þau í eitt með þessari 51 milljarðs leið forstjóra spítalans?*

Ef ég réði einn… Ég hef ekki farið í grafgötur með það að þetta er ofarlega á mínu blaði. Hins vegar tökum við sameiginlega ákvörðun um þetta. Ég er sannfærður um að þetta er skynsamleg ráðstöfun. Það er búið að finna ódýrari og hagkvæmari lausn en áður var uppi. Það er dýrt að gera ekki neitt og þegar dæmið er gert upp þá er hyggilegt að hefja þetta verk.

*En það er enginn peningur til…*

Nei, en við ætlum samt ekki að setja allt samfélagið á stopp, þá setjum við alla á atvinnuleysistryggingarsjóð. Það er verðmætaskapandi og sparandi að endurnýja sjúkrahúsin. Þetta er hluti af ferli sem hófst fyrir mörgum árum með sameiningu spítalanna og við erum ekki búin að ná samlegðaráhrifum af því enn þá. Ég segi að við gerum þetta með þeim hraða sem við ráðum við, eins og fjárhagur leyfir. En það eru auðvitað uppi sjónarmið um aðrar framkvæmdir í öðrum ráðuneytum.

*Er ekki meira vit í þessu en tónlistarhúsi?*

Það var ákveðið að halda áfram með tónlistarhúsið, frekar en að jafna það við jörðu. Það má deila um það, en sú ákvörðun liggur fyrir. Ef við förum inn í hönnunarvinnu núna með nýjan spítala, þá má hugsa sér að framkvæmdir hæfust þegar tónlistarhúsið væri komið á veg. Það þarf að flétta þetta saman.

### Kreppustjórnin

*Þú gagnrýndir Þingvallastjórnina fyrir aðgerðarleysi og upplýsingaskort. Nú eruð þið gagnrýnd fyrir hið sama. Fólk sér ekki að allt sé uppi á borði…*

Vandi okkar er margþættur. Hann er að hluta til sá að ýmsir telja að ríkisstjórnin sé þess megnug að gera meira en hún getur. Mér er sagt að Kaupþingsgjaldþrotið sé þriðja stærsta bankahrun í heiminum, frá heimskreppunni 1930. Íslendingar standa tíu sinnum verr en Kaliforníubúar, þegar þeir stóðu frammi fyrir gjaldþroti. Vandi Íslendinga er áþekkur vanda Svía eftir bankakrísuna þar í krónum talið, nema að Svíar eru 25 sinnum fleiri en við og vandi okkar er margfaldur miðað við vanda Finna í kreppunni þeirra. Fólk er að ætlast til þess að ríkisstjórn geti gert meira en hún hugsanlega getur. Það er búið að grípa til ýmissa ráðstafana sem skipta máli. Og við erum ekkert búin. Við erum rétt að byrja og við verðum stöðugt að vera með til skoðunar leiðir og úrræði sem standa til boða.

*Varstu þá ekki ósanngjarn við ríkisstjórn Geirs Haarde?*

Ég held ekki. Í fyrsta lagi var það Sjálfstæðisflokkurinn í samstarfi við fylgissveina og -meyjar undanfarna tvo áratugi, sem kom okkur út í þessi vandræði. Með leyndinni og tilskipunarvaldi, einkavinavæðingu og svo framvegis. Þessir

aðilar verða aldrei of gagnrýndir fyrir þær sakir. Í öðru lagi er alls ekki saman að jafna því sem nú er að gerast og því sem var að gerast þá. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn segir í þinginu að verið sé að fresta ákvörðunum, þá er það mikill misskilningur. Það er verið að hverfa frá stjórnarháttum Sjálfstæðisflokksins, sem skiluðu engu. Við erum farin að skila árangri. Eftir því sem ég hlusta meira á Sjálfstæðisflokkinn í þinginu held ég að hvíld hans þurfi að vera löng. Slík er veruleikafirringin. Að heyra fólk sem er ábyrgt fyrir þessari spillingu og valdboði, sem leiddi okkur út í fenið, að það skuli tala eins og það gerir! En þú spyrð um Geir Haarde. Hann er ekki Sjálfstæðisflokkurinn.

Við erum að fara út úr tilskipunarþjóðfélaginu og inn í gagnsæi og opin skoðanaskipti. Ég vona að okkur beri gæfa til að starfa í þeim anda. Þegar kreppan kom sögðum við að allir ættu að koma að málum. Í öllum veigamiklum málum sem snerta þjóðarhag, í frágangi Icesave-skuldbindinga og annarra stórra mála sem koma til með að hvíla á okkur öllum um ókomin ár, þá á að leita eftir samstarfi allra, sama á við um ESB. Það á ekki að vera einkamál ríkisstjórnarinnar sem situr á hverju augnabliki. Við eigum að virkja sem flesta.

**Evrópusambandið**

*Talandi um ESB. Nær öll launþega- og hagsmunasamtök hafa tekið afstöðu til ESB. Hvers vegna hefur þetta ekki verið gert í formennskutíð þinni í BSRB?*

BSRB tók þá afstöðu að reyna að varpa ljósi á þetta mál, vitandi að samfélagið er allt klofið í þessu og það á við um BSRB líka. Ég hygg að Bændasamtökin og útvegsmenn séu heildstæðust í andstöðu sinni, en öll önnur samtök eru klofin. Við sögðum sem svo í BSRB að við gætum ekki leyft okkur í svona máli að taka aðra afstöðu um málið en að efna til umræðu um það. Og það höfum við sannarlega gert.

*En ekki komist að neinni niðurstöðu?*

Niðurstaðan er sú að við viljum lýðræðislega aðkomu að málinu og að hver og einn geti talað í eigin nafni. Ég er til dæmis eindreginn stuðningsmaður þess að þjóðin fái málið til umsagnar, en hef ekki farið í launkofa með það að ég tel hagsmunum Íslands ekki best borgið innan ESB, alls ekki. Og það renna á mig tvær grímur í ríkari mæli en áður þegar ég verð vitni að því hvernig þessar þjóðir hafa beitt okkur ofríki í Icesave-deilunni.

*Evrópusambandsríkin hefðu þó varla gert það við Evrópusambandsríki?*

Það er ekki alveg rétt. Sjáðu hvernig ESB er að fara með Letta. Það er ljótur leikur. Taktu Írland, sem er að lenda í geysilegri kreppu. Er verið að hjálpa þeim eitthvað sérstaklega? Eða Bretum?

*En það er ekki heldur verið að setja hryðjuverkalög á Íra eða kúga þá …*

Nei, en það er annað sem ræður. Þegar Lehman Brothers fóru á hausinn voru milljarðar dollara færðir frá London til Washington, þúsundir misstu vinnu sína í London og þetta olli geysilegu tjóni í bresku efnahagslífi. Það voru engin hryðjuverkalög sett á Ameríkana. Við vorum litli gæinn sem var hengdur upp á snaga, öðrum til viðvörunar. Það er umhugsunarefni hversu skammt Bretar eru komnir út úr nýlenduhugsun sinni. Þjóðir hugsa fyrst og fremst um sjálfar sig. Bandaríkin létu Bear Stearns ekki fara á hausinn eins og Lehmans. Hvers vegna? Jú, nítíu prósent skuldunauta Lehmans voru utan Bandaríkjanna, en skuldunautar Bear Stearns fyrir innan. Þá er þeim bjargað. Sama gerist í Evrópusambandsríkjum. Þar er hugsað um nærumhverfið. Evrópusambandið bjó okkur meingallaða löggjöf og regluverk um bakhjarl bankanna. Við höfum aldrei fengið að láta reyna á hver væri okkar raunverulegi réttur. Þetta kerfi er smíðað til að vera bakhjarl banka sem kynnu að fara á hausinn, en hvað gerist þegar heilt efnahagskerfi fer á hliðina? Það má draga okkur fyrir ESA til að tala um hvernig eigi að selja brennivín, reka ríkisútvarp eða reka félagslegt kerfi, en þegar kemur að þjóðarhag er ekkert slíkt til umræðu. Þá kalla menn bara á Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og færa skrúfurnar upp eftir þumlinum á okkur.

*Hvernig ætlið þið í VG þá að bjarga þjóðarhag, öðruvísi en innan ESB?*

Það er enginn sem hjálpar Íslendingum við að koma sínu húsi í lag, nema þjóðin sjálf. Það voru Íslendingar sem komu okkur í þessi vandræði og við verðum að súpa seyðið af því. En við munum ekki láta lánardrottna þessara manna ríða þjóðinni að fullu. Við látum ekki beita okkur ofríki, en mér hafa fundist ærnir tilburðir til þess meðal Evrópuþjóða, meira að segja meðal Norðurlanda, utan Færeyinga. ESB er ekki hjálparstofnun.

*Eins og hvað? Það er fullreynt með norsku krónuna og varla viltu taka upp Bandaríkjadollara. Hvað er fleira í boði?*

Ég vil íhuga þessa spurningu. Ég held að við þurfum að skilgreina vel hvað það var sem kom okkur inn í þessi vandræði og hvernig við komumst út úr þeim. Það er ekki lengra síðan en 2000 að það virtist allt á Íslandi nánast í himnalagi. Við vorum að vísu að feta okkur út á þessa einkavæðingarbraut og ýmis ill teikn á lofti, en við bjuggum við tiltölulega lága skuldastöðu, stöðugan hagvöxt og lága verðbólgu. Það eru allar forsendur til að reka þetta þrjú hundruð þúsunda þjóðfélag þannig að gagnist okkur öllum. Við skulum líka forðast patentlausnahugsun og að halda að gjaldmiðillinn sem slíkur bjargi okkur. Írar eru með evru, en hún hefur ekki bjargað þeim. Og Lettar fá ekki að taka upp evru.

*Írar þurftu ekki að leita til AGS.*

Nei, þeir fóru kannski ekki eins langt og Íslendingar gerðu. En það er ekkert sem gerist í þessum gjaldmiðilsmálum í bráð, nema að við þurfum að koma okkur út úr þessum vandræðum.

*En ef við tengjum krónu við evru í aðildarviðræðum?*

Ég hef efasemdir um að sú lausn sé gerleg eins og málum er háttað fyrir okkur Íslendingum. Nú skulum við draga andann, koma okkar húsi í lag og ná okkar skuldum niður. Við þurfum að ræða okkur niður á niðurstöðu, en þessi lausn er ekki á næsta leiti.

*En við getum nálgast hana, við þurfum ekki að bíða í mörg ár með gjaldeyrishöft…*

Mér finnst það ekki markmið númer eitt, tvö og þrjú að losna við gjaldeyrishöftin, alls ekki. Miklu mikilvægara er að ná vöxtum niður, ég tel það forgangsverkefni.

*Vextir í ESB eru að nálgast núll prósent…*

Já, og hvernig eru þeir í Japan? Vextir eru ekki bara spurning um stóran gjaldmiðil, þetta er spurning um ákvörðun manna.

*En að styrkja krónuna, ætlið þið að taka hana alveg af markaði?*

Í augnablikinu er það sjálfgert með gjaldeyrishöftunum. Auðvitað er það langtímamarkmið að styrkja hana og hafa sem sterkasta. En í tímans rás hefur gengið sveiflast til og frá og þá hefur þjóðin öll fundið fyrir kjarasveiflunum. Þetta hefur verið styrkur okkar samfélags að við tökum skellina saman.

*Af hverju finnst vinstri mönnum gengislækkun jákvæð? Eru það ekki sjávarútvegsmenn sem hagnast á lágu gengi meðan heimilin fá verðbólgu?*

Spurningin er hvort öll heimili taka þetta á sig eða sum. Það eru nokkrar breytur í efnahagslífinu. Það er verðgildi gjaldmiðilsins og atvinnustigið, ekki satt? Hvort viltu heldur að þjóðin taki þetta öll í rýrnandi kaupmætti eða að lítill hluti hennar taki það í atvinnuleysi? Auðvitað vil ég hafa sem stöðugast gengi og öflugan gjaldmiðil og kröftugan kaupmátt. En nú erum við að lenda í þessum skakkaföllum og þurfum að feta okkur út úr þeim og það getum við aðeins gert saman. Íslendingar kunna að leggjast á árarnar saman, en þá þurfum við að vera í sama bátnum. Það er hlutverk stjórnvalda að koma öllum í sama bátinn, þannig að það sé ekki einn á skektu og annar á lystisnekkju. Nú skulum við leggjast á árarnar og síðan að ræða hvar okkur er best borgið, á opinn og lýðræðislegan hátt. Á endanum verður það þjóðin sem ákveður þetta.





BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
LAMBAFILLET
FERSKT EÐA FROSIÐ
2698
K.S LAMBAFILLET FERSKT EÐA FROSIÐ
2698 kr./kg.
1198
INNFLUTTAR SNYRTAR GRÍSALUNDIR
AÐEINS 1198 kr./kg.
1298
1078
BÓNUS LAMBALÆRI KRYDDAÐ 1298 kr./kg.
KS LÆRI HEILT FROSIÐ 1078 kr./kg.
SALAT FRÁ ÍTALÍU
259
ÍTALSKT FERSKT SALAT 100g ÞRJÁR TEG 259 kr.
898
ALI FERSKT GRÍSASNITSEL
898 kr./kg.
498
ALI FERSKT GRÍSAHAKK
498 kr./kg.
1359
KS LÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
HAMBORGARAR
129
1199
K.F LÚXUS HAMBORGARAR 10 STK 120g 1199 kr.
BÓNUS XL HAMBORGARABRAUÐ 4 STK 129 kr.
898
ALI FERSKT GRÍSAGÚLLAS
898 kr./kg.
1359
KS HRYGGUR Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
159
BÓNUS KORNBRAUÐ 1 KG 159 kr
229
BERTOLLI VIÐBIT Á BRAUÐIÐ 250g
229 kr. AÐEINS 6% FITA.
2698
KS FERSKT LAMBAINNRALÆRI 2698 kr./kg.
69
PEPSI OG PEPSI MAX -APPELSÍN 500ML 69 kr.
98
ES SYKURPÚÐAR 400g
98 kr. STUTTUR LÍFTÍMI.
VINSÆLASTA KEXIÐ Í BÓNUS
139
EUROSHOPPER
SÚKKULAÐIKEX 125G
LJÓST OG DÖKKT 139 kr./pk.
198
KARTÖFLUR HVÍTAR 2 KG
198 kr pokinn.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
198
ICEBERG SALAT 198 kr./kg.
Hálft kíló
498
FERSK JARÐARBER HÁLFT KÍLÓ
498 kr
229
INNFLUTTIR TÓMATAR Í LAUSU
229 kr./kg.
198
MELÓNA GUL 198 kr./kg.
329
PAPRIKA INNFLUTT GRÆN/RAUÐ
329 kr./kg.
159
RAUÐ VATNSMELÓNA 159 kr./kg.
198
KÚRBÍTUR (ZUCCINI) 198 kr./kg.
159
KIRSUBERJATÓMATAR
INNFLUTTIR 250 gr 159 kr.
198
BÖKUNARKARTÖFLUR Í ÁLI
ca 700 gr 198 kr.
159
BÓNUS NÝBAKAÐ
BLÁBERJAMUFFINS 159 kr.
Prins BITAR
Hraun BITAR
ÆÐI BITAR
498
GÓU ÞRENNA 3 x 200g 498 kr.
198
BÓNUS FERSK PÍTUBRAUÐ 4 STK 198 kr.
BÓNUS KJÚKLINGUR
BÓNUS Kjúklingur
Bringur
1498
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1998 KR./KG. 25% AFSLÁTTUR 1498 kr./kg.
mix
159
159 kr. 2 ltr.
359
Signal
999
TÁTILJUR 999 kr.
ÞRJÁR STÆRÐIR
(36/37, 38/39, 40/41)
SIGNAL
TANNKREM
100 ML 359 kr
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
EGILS MIX 2 LTR.
159 kr.
OPIÐ: LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00

# Víkingurinn í Vesturheimi

Íslendinga má finna víða um heim og í ýmsum störfum. **Harpa Magnúsdóttir** er undirlautinant í bandaríska hernum. Hún læðist ekki með veggjum í hermenningunni sem mótuð er af körlum. *Jón Sigurður Eyjólfsson* blaðamaður ræddi við þessa valkyrju sem vann mikla þrekraunakeppni hersins, sumum karlanna til mikillar armæðu.



**MEÐ HJÁLM Á HÖFÐI OG BROS Á VÖR** Hermennskan er ekkert grín en hver segir að maður geti ekki brosað annað slagið?

Fjölskylda Hörpu flutti til Seattle í Bandaríkjunum þegar hún var fjögurra ára en á fjórtánda ári sneri hún aftur á Frón. Þá nam hún í Réttarholtsskóla en hélt svo aftur vestur yfir haf eftir samræmdu prófin. Peningar fyrir skólagjöldum eru ekki hristir fram úr erminni í henni Ameríku en þar geta þau vel slagað upp í íbúðarverð. Þá eru góð ráð dýr en Harpa dó ekki ráðalaus þótt hugur hennar stefndi til háskólanáms heldur sló tvær flugur í einu höggi. „Þegar ég uppgötvaði það að herinn myndi borga skólagjöldin fannst mér alveg upplagt að ganga í hann sem ég og gerði árið 2002,“ segir hún. „Ég myndi ekki segja að hermennska væri eitthvað sem hefði heillað mig alla tíð en ég hef alltaf haft mikla ævintýraþrá og þetta var góð leið til að næra hana.“

### Þrekvirki í þrekprófum

Þótt herinn sé venjulega álitinn karlaheimur og margt þar talið konum ófært þá ákvað Harpa að reyna að vinna bug á þessu viðhorfi sem er mörgum geðgróið. Hún var því ekkert að hlífa sjálfri sér þegar kom að herþjálfun eða öðrum verkefnum. „Það eru til störf sem konur mega ekki fara í en sem valkyrju finnst mér að ég verði að fara í þessi störf sem karlar hafa helgað sér. Við konur verðum að minnsta kosti að fá tækifæri til að takast á við þessi svokölluðu karlaverk, annars komumst við aldrei að því hvort við getum þau í raun. Kannski gerum við þau jafnvel betur.“

Þrek- og þolæfingar eru venjulega ekki taldar til kvenlegra verkefna en Harpa er við það að breyta hugmyndum kollega sinna hvað þetta varðar.

„Í hernum verða allir að fara í gegnum þolpróf tvisvar sinnum á ári og ef þú vilt hækka í tign þá verður þú að ná því.“ Árangurinn er metinn eftir sérsökum stöðlum þar sem gefnir eru punktar. 300 punktar teljast 100 prósent árangur og keppandi verður að ná að minnsta kosti 60 prósent árangri til að standast prófið. Keppt er í þremur þrautum; armbeygjum, magaupPréttum og tveggja mílna hlaupi og var árangur Hörpu metinn vel yfir 100 prósent samkvæmt þessum stöðlum. „Það gaf mér rétt til að taka þátt í Iron Voyager-keppninni fyrr í þessum mánuði. Í henni er aftur keppt í þessum þremur þrautum en þeir sem ná ekki 100 prósenta markinu detta úr leik. Þeir sem standa þessar þrautir af sér keppa hins vegar í tveimur þrautum til viðbótar.“

Alls 25 keppendur mættu til leiks, þar af voru einungis þrjár konur. Eftir þrautirnar þrjár voru báðar kynsystur hennar dottnar úr keppni og eins þrettán aðrir keppendur. Átta náðu 500 punktamarkinu sem gefur keppendum heimtingu á titlinum The Iron Voyagager. „Ég fékk 595 stig og var sem sagt stigahæst,“ segir Harpa af mikilli hógværð.

### Körlunum þykir erfitt að vera númer tvö

Að vera kona frá Íslandi í bandaríska hernum og berjast þar fyrir jafnrétti kynjanna er varla ávísun á miklar vinsældir, eða hvað? „Kannski ekki en það er ekki mitt markmið að vera vinsæl. Jafnrétti er líka það mikilvægt að ég er til í að fórna nokkrum vinsældum fyrir það.“

En það eru ekki allir til í að fórna jafn miklu fyrir jafnréttið. „Þeim sem var næsthæstur í Iron Voyager-keppninni þótti það nokkuð súrt í broti að ég skyldi verða efst. Reyndar viðurkennir hann það ekki að ég sé ofar en hann því stigagjöfin er mismunandi hjá kynjunum.“



UNDIRLAUTINANTINN Í BÚNINGNUM.

En einn hermaður kætist meira yfir árangri hennar en aðrir. „Kærasti minn er í hernum og hann skilur þetta þolþrautabrölt mitt afar vel enda værum við varla saman ef það væri ekki skilningur á þessu. Hann samgleðst mér og hvetur mig en svo vill það bregða við að félagar hans gantast eitthvað við hann út af mér en ég er auðvitað ekkert að fetta fingur út í það. Þetta kallast náttúrulega bara öfund á mannamáli og hver og einn verður að taka á sinni öfundsýki sjálfur.“

Hún er líka vön að taka gríni beinist það að henni. „Ég hef verið að þjálfa samnemendur mína í herskólanum,“ segir hún „og einhverju sinni var það sagt þegar ég var að djöflast með þeim að þarna kæmi „The Viking slavedriver“. Ég tek þessu bara með brosi á vör,“ segir víkingurinn og þrælapískarinn.

### Margt heillandi við herinn

Harpa kemur reglulega til Íslands og hittir ættingja og vini. En eru það ekki viðbrigði að koma úr heraganum til hins taumlausa Íslands til að eiga við eyjarskeggja sem eru þekktir af öðru en aga og reglu? „Ég finn alltaf sterka tengingu við Ísland og finnst ég alltaf vera Íslendingur. Og þó svo að einhverjir Íslendingar kjósi að lifa sínu lífi í óreglu þá pirrar það mig alls ekki. Við lærum ekki aðeins aga í hernum, við lærum til dæmis um þolinmæði og ég kann alveg að nýta mér það sem ég lærði þá.“

En hvað segja íslenskir félagar hennar um það að hún skuli hafa kosið sér starfsframa innan bandaríska hersins? „Þeir sem þekkja mig skilja þetta mjög vel. Þótt heragi, armbeygjur og „situps“ hljómi ekki skemmtilega er margt mjög heillandi við herinn. Þarna hef ég kynnst alls konar fólki sem ég myndi aldrei hafa nokkur kynni af á öðrum starfsvettvangi. Og fólk vinnur mjög náið saman svo þarna myndast mikil samkennd.“

### ÁRANGUR HÖRPU Í ÞREKPRÓFUM

60 armbeygjur á tveimur mínútum
87 magaupPréttur
Hleypur tvær mílur á 13,59 mínútum



**EKKERT VÆL HÉRNA** Harpa Magnúsdóttir kallar ekki allt ömmu sína þótt hún sé í heimsókn hjá henni hér á landi þessa dagana. Sumir karlanna sem þurfa að lúta í lægra haldi fyrir henni taka því misvel.

Skráðu þig í netklúbbinn – VITA.is

# Átt þú Vildarpunkta?

## Mallorca bíður!

### Lækkaðu verðið um 60.000 kr. á mann!

Dæmi

| Vildarpunktar | | verðmæti |
|---|---|---|
| 100.000 | = | 60.000 kr. |
| 70.000 | = | 42.000 kr. |
| 40.000 | = | 24.000 kr. |
| 15.000 | = | 10.000 kr. |

Vissir þú að þú getur flutt Vildarpunkta á milli reikninga og keypt Vildarpunkta til að gefa öðrum?

Nánari upplýsingar hjá Vildarklúbbnum á icelandair.is eða í síma 5050 100.

Flogið á tveggja vikna fresti.
**Brottfarardagar:** 10. og 24. júní, 8. og 22. júlí, 5. og 19. ágúst.

Bókaðu á **www.vita.is**

**Sölutímabilið stendur til 17. júní.**
**Takmarkað sætaframboð!**

### Hotel Marina Plaza ★★★

Verð frá 40.800 kr.*
og 100.000 Vildarpunktar
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m. 1 svefnherbergi.
* Verð án Vildarpunkta: 100.800 kr.

### Flugsæti

Verð: 5.000 kr.*
og 100.000 Vildarpunktar
Flug fram og til baka með flugvallarsköttum.
* Verð án Vildarpunkta: 65.000 kr.



Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 46160 06.2009

VITA er ný ferðaskrifstofa í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR Vildarklúbbur

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444

vita

# Ólæknandi fjallaveiki læknisins

Hvað veldur því að sumir fá háfjallaveiki í þúsundum metra yfir sjávarmáli en ekki aðrir? Þessi spurning er **Tómasi Guðbjartssyni**, göngugarpi og skurðlækni, hugleikin. Hann sagði *Jóni Sigurði Eyjólfssyni* frá því er hann og félagar hans glímdu við veikina á Kilimanjaro og hvernig vitneskja um veikina getur nýst honum í starfi og hvernig það getur verið að hitta fyrrverandi sjúklinga.




**EFTIR LANGAN FÍFLAGANG** Hér eru félagar úr FÍFL á toppi Monte Rosa í rannsóknarleiðangri til að reyna að skilja meira um háfjallaveikina. Lengst til vinstri er Orri Einarsson, þá Tómas Guðbjartsson, Engilbert Sigurðsson og svo Magnús Gottfreðsson.

Ég fengi eflaust ekki háfjallaveiki þótt ég tæki lyftuna og færi upp á þriðju hæð í einum áfanga en það er best að rölta upp tröppurnar í rólegheitum," hugsar blaðamaður með sér þegar hann fer á fund Tómasar Guðbjartssonar, hjarta- og lungnaskurðlæknis og prófessors, á skrifstofu hans á Landspítalanum. Launin fyrir röltið voru líka vegleg því við tröppurnar sá hann málverk af frænda sínum, Sigurði heitnum Samúelssyni, prófessor emeritus, sem var frá Bíldudal reyndar eins og Guðbjartur Kristófersson, faðir Tómasar. Að íslenskum sið er því ættfræðin rakin þegar fundum Tómasar og blaðamanns ber saman á skrifstofu læknisins. En áður en þeir dvelja um of við Arnarfjörðinn þar sem rætur þeirra beggja liggja er stefnan tekin í suður og upp á við. Blaðamann langar að vita hvað fær þennan rólega og yfirvegaða mann til að fara upp á topp Kilimanjaro sem er í 5.895 metra hæð. Hann vissi sem var að Tómas varð veikur í þessari ferð og hefur allar götur síðan reynt, eins og sannur vísindamaður, að auka þekkingu okkar á þessari veiki.

## Læknirinn með ólæknandi fjallabakteríu

„Ég hef alla tíð verið með fjalla- og útivistarbakteríu," segir Tómas. „Það er að stórum hluta til komið vegna þess að faðir minn, sem er jarðfræðingur, fór löngum sem leiðsögumaður með erlenda ferðamenn í langar gönguferðir og við Hákon bróðir minn vorum ekki ýkja háir í loftinu þegar við fengum að fljóta með. Svo þegar ég kom aftur til landsins á mínum menntaskólaárum eftir árs fjarveru í Þýskalandi var hörgull á fólki sem þekkti vel til á landinu og gat farið með gönguhópa vítt og breitt." Tómas var vel mælandi orðinn á þýska tungu og fór að vinna sem leiðsögumaður, fyrst fyrir Samvinnuferðir en síðan Guðmund Jónasson. Fjallabakterían ágerðist og átján ára gamall fór hann ásamt bróður sínum og föður á Mount Blanc. „Síðan þá má segja að fjallabakterían hafi orðið illviðráðanleg ef ekki óviðráðanleg."

## Læknar í fíflagangi

Þegar Tómas snýr heim aftur eftir ellefu ára námsdvöl erlendis og hefur störf á Landspítalanum verður hann var við gríðarlegan áhuga kollega sinna á fjallgöngum og útiveru. Þetta er honum mikið fagnaðarefni og fóru þeir að skipuleggja gönguferðir. „Um það leyti sem ég er að koma var FÍFL stofnað," segir Tómas en blaðamaður biður hann um að endurtaka því hann taldi sig ekki hafa heyrt rétt. „FÍFL eða Félag íslenskra fjallalækna. Við ákváðum að hafa svolítinn húmor í þessu og taka okkur ekki of alvarlega. Allavega líðst viss fíflagangur í félaginu," segir Tómas og hlær við. „Við reynum svo að halda okkar ársfund á Eyjafjallajökli sumardaginn fyrsta en veðrið getur orðið þess valdandi að stundum þarf að hnika til dagsetningunni."

En þótt fjallaveikin hefði borist um starfsvettvang Tómasar gerði hún lítt vart við sig hjá konu hans, Dagnýju Heiðdal. Hún féllst þó á það að fara haustið 2007 á Kilimanjaro með eiginmanni sínum og fjórum öðrum félagsmönnum og mökum þeirra. Það er að segja tíu manna hópur, þar af sex læknar.

## Karlinn fær háfjallaveiki en kona fjallaveiki

Tómas segir að mikið hafi verið lagt í undirbúninginn. Fyrirtækið sem bauð upp á ferðina var valið af mikilli kostgæfni og eftir heilmikla athugun. Læknarnir ætluðu ekki að láta háfjallaveikina leggja sig að velli svo áætlanir miðuðu að því að sporna við einkennum hennar. Til dæmis tóku sumir töflur til að fyrirbyggja að einkennin gerðu þeim lífið leitt en síðan voru þeir tilbúnir með ráðstafanir þegar og ef einkennin létu verulega á sér kræla. Tómas lagði ríka áherslu á að brýna þessar ráðstafanir fyrir Dagnýju sem honum þótti mun líklegri en hann til að þurfa að grípa til þeirra. „Við vorum flest í mjög góðu ásigkomulagi. Þarna voru til dæmis tveir maraþonhlauparar og sjálfur var ég mikið að vasast í skvassi og því í góðu formi. En hvað sem því leið var einn okkar farinn að finna fyrir einkennunum strax á fyrstu dögunum og ákvað hann að fara ekki upp á toppinn. Þegar við erum svo komin í 4.500 til 5.000 metra hæð eru nokkrir klárlega farnir að finna fyrir háfjallaveiki en fyrstu einkennin geta verið afar lúmsk. Þetta voru þessi dæmigerðu einkenni og byrjuðu oft með svefntruflunum og höfuðverk, jafnvel ógleði og hraðri öndun. Vissulega vorum við meðvituð um hættuna á þessu en samt sem áður var okkur nokkuð brugðið þegar til kom. Og það sem kom okkur kannski mest á óvart var að þeir sem voru í hvað besta ásigkomulagi urðu veikastir. Það kom til dæmis í hlut konu minnar að stumra yfir mér, margreyndum fjallamanninum og skvasskappanum. Hins vegar veiktist hún þarna algjörlega af fjallabakteríunni en það var bara hið besta mál. Nú þarf ég ekki lengur að sannfæra hana um að koma með mér á fjöll."

> Vissulega vorum við meðvituð um hættuna á þessu en samt sem áður var okkur nokkuð brugðið þegar til kom. Og það sem kom okkur kannski mest á óvart var að þeir sem voru í hvað besta ásigkomulagi urðu veikastir.

## Þjáning á toppnum

Þegar hópurinn er kominn í um 5.000 metra hæð fer Tómas að finna fyrir ótuktinni. „Þegar ég er síðan kominn á hinn svokallaða Gilmans Point, sem er í 5.681 metra hæð, þá kastaði ég upp og var kominn með alveg klár einkenni. Þegar þarna er komið sögu var einn félagi minn farinn að finna fyrir sundli og enn annar fyrir alvarlegri einkennum. Þegar við vorum að ná toppnum hrakaði honum enn frekar enda þynnist loftið hratt í þessari hæð. Hann átti orðið erfitt með öndun og eftir að hann náði toppnum varð að aðstoða hann niður af fjallinu. Hann hafði sem sagt fengið það sem kallað er háfjallalungnabjúg. En allir náðu sér fljótt eftir að við tókum leiðina niður á við."

Tómas segir að þeir hafi fengið nokkrar ákúrur fyrir að hafa stofnað sjálfum sér í slíka hættu og þeim legið á hálsi fyrir að hafa farið í óðagoti og án þess að vita hvað við væri að etja. „Ég vísa þessu algjörlega á bug þótt ég geri ekki lítið úr því að vissulega er það alvarlegt mál að einn okkar skuli hafa lent í slíkri hættu. En þetta var vel undirbúið og við stóðum eins vel að þessu og okkur var unnt."

## Rannsóknarleiðangur í Monte Rosa

Einhver kynni að halda að læknirinn yrði að fara væna fjallabaksleið til að tengja tómstundina sem fjallamennskan er við starf sitt sem hjarta- og lungnaskurðlæknir. En svo er ekki því spurningin sem kviknaði á hæðum Kilimanjaro var: hvað veldur því að einn veikist af háfjallaveiki og annar ekki? Það leiðir hugann að því hvernig menn vinna úr súrefninu sem úr er að tefla. Svör við slíkum spurningum koma sér vel fyrir þann sem vinnur á gjörgæslu þar sem öndunarvélar leysa öndunarfæri sjúklinganna af meðan þeir eru í aðgerð. „Stundum getum við þurft að nota hjarta- og lungnavél meðan þessi líffæri eru að jafna sig og það er misjafnt hvernig fólk þolir þetta. Það er eins og með háfjallaveikina, það er ekki endilega fólkið sem er betur á sig komið sem þolir súrefnisskortinn betur."



**TÓMAS GUÐBJARTSSON** Það kæmi sér vel bæði í leik og starfi að komast að því hvernig stendur á því að sumir fá háfjallaveiki en aðrir ekki.

Í ágúst í fyrra fóru nokkrir félagar úr FÍFL í rannsóknarleiðangur á Monte Rosa í Ölpunum ásamt kollegum sínum frá háskólasjúkrahúsinu í Lundi í Svíþjóð. Fjallið er 4.634 metrar að hæð og slapp Tómas við alla veiki en einn Svíanna fann nokkuð fyrir henni. Ekki komu þeir þaðan með óyggjandi svar við því hverjir séu líklegri til að fá háfjallaveiki, en hverjar voru helstu niðurstöður? „Það kom í ljós að ensímið S-100, sem losnar við súrefnisskort í heila- og taugavef, hækkaði þegar upp er komið. Einnig kom í ljós að hækkunin varð ekki mest á tindinum heldur daginn áður þegar mesta hækkunin í metrum átti sér stað."

Þeir félagar úr FÍFL hafa kynnt helstu niðurstöður á ráðstefnum hér á landi og erlendis og grein frá þeim bíður birtingar í erlendu vísindariti. Tómas hefur einnig sagt frá þeim í fjölda erinda sem hann hefur haldið um háfjallaveikina þar sem hann segir einnig frá reynslu sinni.

En stundum getur áhugamál hans og starf sameinast með afar skemmtilegum hætti. Það kemur í ljós þegar hann er spurður um það hvort hann hitti ekki fyrir fyrrverandi sjúklinga við hinar ýmsu aðstæður í þessu litla þjóðfélagi. „Jú, jú. Reyndar er það oftast svo að eitthvert okkar í hjartateyminu tengist sjúklingnum á einhvern hátt. Ég reyni nefnilega að ræða við þá um aðra hluti en sjúkdóma og slíkt og þá er aldrei langt í þessa alíslensku spurningu: hverra manna ert þú? Svo verður maður þeirrar ánægju aðnjótandi að sjá að sumum vegnar vel, eina hef ég meira að segja hitt uppi á fjöllum. Það er klárt merki um að allt hafi farið á besta veg."

Hins vegar virðist enginn jafna sig á fjallabakteríunni þegar hann hefur á annað borð fengið hana.

## Hvað er háfjallaveiki?

Hæðarveiki er samheiti yfir sjúkdóma sem gera vart við sig í mikilli hæð yfir sjávarmáli, oftast þegar komið er yfir 3.000 metra hæð. Aðallega er um þrjár gerðir hæðarveiki að ræða; háfjallaveiki, háfjallaheilabjúg og háfjallalungnabjúg. Orsök hæðarveiki er almennt talin vera súrefnisskortur en meingerð sjúkdómanna er flókið samspil margra þátta sem til verða vegna viðbragða líkamans við súrefnisskorti. Höfuðverkur er algengastur en lystarleysi, ógleði og svefntruflanir eru einnig algengar kvartanir. Við hraða eða mikla hækkun er hætta á bráðri háfjallaveiki en helstu einkenni hennar eru svæsinn höfuðverkur sem svarar illa verkjalyfjum, ógleði, uppköst og mikil þreyta. Háfjallalungnabjúgur og háfjallaheilabjúgur eru alvarlegustu tegundir hæðarveiki. Hæðarveiki er helst hægt að fyrirbyggja með því að hækka sig rólega og stilla gönguhraða í hóf. Einnig má draga úr einkennum með lyfjum.

*Heimild: Úr grein Gunnars Guðmundssonar lungnalæknis og Tómasar Guðbjartssonar „Hæðarveiki - yfirlitsgrein" birt í Læknablaðinu. 2009/95*

# Til hamingju sjómenn!

## Árið 2008 var fyrsta árið frá upphafi án banaslysa á sjó.



Ljósmynd: Snorri Snorrason

Hér hefur mikilvægi forvarna rækilega sannað gildi sitt, eins og þessi stórkostlegi árangur sýnir. Undanfarin ár hefur slysum fækkað jafnt og þétt. Í Slysavarnaskóla sjómanna njóta sjómenn bæði grunnmenntun í öryggis- og björgunarmálum auk endurmenntunar á fimm ára fresti. Öflugar forvarnir eru grundvallaratriði í því að koma í veg fyrir slys og óhöpp á sjó. Slysavarnaskóli sjómanna hefur í tæpan aldarfjórðung haft að leiðarljósi að efla fræðslu sjómanna um öryggismál og slysavarnir, með skóla sem uppfyllir íslenskar og alþjóðlegar kröfur. Öllum sjómönnum er skylt að sækja öryggisfræðslunámskeið lögum samkvæmt.

Markmið okkar er að útrýma slysum á sjó og árangur síðasta árs hvetur okkur áfram í því starfi.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Klassískar baðfatabombur

**Bikiníið**, eins og við þekkjum það, var fyrst kynnt almenningi árið 1946 en það er uppfinning Frakkanna Louis Réard og Jacques Hein. Það er nefnt eftir eyjunni Bikini Atoll, en þar voru stundaðar tilraunir með kjarnorkuvopn. Bikiníið átti að valda álíka usla og spennu og kjarnorkutilraunirnar. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* hitti fyrir bikiníbombur af gamla skólanum.



**Ekki alveg nýtt af nálinni**

Þótt heimurinn hafi ekki þekkt bikiníið í nokkur þúsund ár er hægt að fara aftur til ársins 1400 fyrir Krist og skoða gamlar grískar myndir sem sýna konur klæðast einhvers konar bikiníi. Það voru íþróttaföt þess tíma. Tvískipt sundföt fyrir konur fóru að birtast í kringum 1943 en voru þó ekki orðin að eiginlegu bikiníi. Í kvikmyndinni Gold Digger frá 1933 var kynntur til sögunnar undanfari bikinísins, þótt myndin hafi ekki haft þau áhrif að innleiða nýja tísku.



**Ekki alveg tilbúin til að taka þetta alla leið**

Leikkonan Ava Gardner sat fyrir árið 1943 í toppi en bikiníbuxurnar voru enn þá hálfgert pils. Enn voru tíu ár í að bikiníbuxurnar litu dagsins ljós.



**Britta hjálpaði til**

Brigitte Bardot kom þessu öllu af stað, og að sjálfsögðu voru það Evrópubúar sem voru fljótari að taka við sér en Ameríkaninn í þeim efnum en vestanhafs tók það nokkur ár í viðbót að samþykkja þennan klæðaburð. Árið 1953 baðaði Bardot sig í athyglinni á Cannes-kvikmyndahátíðinni og hneykslaði heiminn með því að sýna sig í doppóttu bikiníi. Hún var síðar mynduð í alls kyns bikiníum en þetta er líklega það frægasta.



Bikiníatriðið í kvikmyndinni One Million Years B.C. hefur oftar en einu sinni verið valið kynþokkafyllsta atriði kvikmyndasögunnar en þar kynnir Raquel Welch okkur fyrir eins konar steinaldarútgáfu af bikiníi. Myndin er frá árinu 1966 og bikiníið setti svip sinn á baðfatatískuna næstu árin. Raquel Welch varð í kjölfarið helsta kyntákn 7. áratugarins.



**Sundbolurinn hjó á bikinívinsældirnar**

Það er ekki hægt að sleppa því að minnast á hinn ógurlega gyllta sundbol sem Bo Derek klæddist árið 1979 í myndinni 10. Fólki þótti það ekki hafa séð neitt jafn töff, fléttað og gyllt lengi og bikiníið átti um tíma í vök að verjast.



**Atriði lífsins**

Það hefur enginn þótt ná því að koma tánum þar sem svissneska leikkonan Ursula Andress hefur hælana í bikiníheimi Bond-myndanna. Halle Berry reyndi og komst ansi nálægt því að margra mati en það getur aðeins verið eitt Andress-bikiní. Í Dr. No, frá 1962, birtist hún í hvítu bikiníi en Berry fékk eins útgáfu, nema appelsínugula, í myndinni Die Another Day. Ursula sjálf hefur sagt að hún eigi feril sinn bikiníinu að þakka.

# Stubbasmiðjan hættir

# Lagersala

## aðeins í dag og á morgun

**Húsgögn • Smávörur • Barnaföt**
**Meðgöngufatnaður • Kerrur**
**Rúmföt • Rúmteppi • Mottur**
**og miklu fleira...**

# Allt að 90% afsláttur




**Opnunartími:**
**laugardag 12-18**
**sunnudag 12-18**

STUB BASM IÐJAN

**Ekki missa af þessu!**

**Holtavegi bak við Holtagarða**




**FYRIRTÆKI Í VANDA** Gjaldþrotum fyrirtækja hefur fjölgað gríðarlega frá því bankarnir hrundu, og fyrir hvert fyrirtæki sem fer í þrot er fjöldi fyrirtækja í erfiðleikum sem bankarnir þurfa að reyna að bjarga frá gjaldþroti.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Starfa á mörkum lífs og dauða

Íslensk fyrirtæki standa mörg frammi fyrir erfiðleikum, og spár gera ráð fyrir gríðarlegum fjölda gjaldþrota. Viðskiptabankarnir þurfa að taka erfiðar ákvarðanir um líf og dauða fyrirtækja. *Brjánn Jónasson* kannaði hverjir þurfa að taka erfiðu ákvarðanirnar, hvaða starfsreglur þeim eru settar og hvaða sjónarmið þeir þurfa að hafa í huga þegar þeir reyna að bjarga verðmætum.

Gjaldþrotum hefur fjölgað mikið eftir bankahrunið og sífellt fleiri fyrirtæki lenda í erfiðleikum með að greiða af lánum. Skuldir íslenskra fyrirtækja lentu hjá nýju bönkunum þegar kerfið var stokkað upp, og það er því starfsmanna hinna nýju ríkisbanka að taka ákvarðanir um líf og dauða fjölmargra íslenskra fyrirtækja.

Þótt viðskiptabankarnir þrír séu allir í eigu ríkisins hafa þeir ekki samræmdar starfsreglur um hvernig bregðast á við þegar fyrirtæki er komið í vandræði. Samkvæmt upplýsingum frá bönkunum, og samtölum við starfsmenn þeirra, hafa starfsmenn bankanna þriggja sömu grundvallarsjónarmiðin í huga.

Bankarnir hefja oft afskipti af fyrirtækjum í vanda eftir að forsvarsmenn fyrirtækjanna leita eftir samningum við bankann vegna lána sem þau geta ekki lengur greitt af.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum er nú að hefjast viðamikil greiningarvinna á lánabók bankans, og stöðu fyrirtækja sem eru í viðskiptum við bankann. Ætlunin er að ná til fyrirtækja áður en þau lenda í erfiðleikum.

Vandinn er mikill, og bankarnir verða að einbeita sér að því að aðstoða þau fyrirtæki sem þurfa bráðaúrræði við endurskipulagningu skulda.

Stefna allra bankanna er að semja við fyrirtæki um skuldamál frekar en að krefjast þess að þau verði tekin til gjaldþrotaskipta. Það er í sjálfu sér ekki gert af góðmennsku. Starfsmenn bankanna vita að bankarnir fengju mun minna til baka af sínum útlánum ef þeir krefðust gjaldþrotaskipta yfir öllum fyrirtækjum frekar en að hinkra og vonast til þess að fyrirtækin geti greitt verulegan hluta sinna skulda síðar.

Allir bankarnir líta svo á að þeirra hlutverk sé fyrst og fremst það að bjarga verðmætum. Til að fyrirtækjum sé bjargað þurfa því að vera góðar líkur á að þau spjari sig og geti greitt af lánum síðar meir, þó staðan sé erfið um þessar mundir. Fyrirtækin verða með öðrum orðum að vera lífvænleg.

Bankarnir hafa ýmsar leiðir til að bregðast við vanda fyrirtækja. Frysting á afborgunum lána, vaxtagreiðslum eða hvorutveggja eru þær leiðir sem reyndar eru skoðaðar fyrst. Ef þau úrræði duga ekki skoða bankarnir hvort hægt sé að breyta skuldum fyrirtækjanna við bankann í hlutafé. Starfsmenn allra bankanna segja að skuldir séu ekki afskrifaðar né þeim breytt í hlutafé nema útilokað sé að önnur úrræði dugi.

**Ætla sér langan tíma til að selja**

Allir bankarnir hafa stofnað eignaumsýslufélög, sem ætlað er að sjá um eignarhald þeirra í fyrirtækjum sem bankarnir þurfa að taka yfir. Aðeins eitt fyrirtæki hefur farið inn í slík eignaumsýslufélög frá bankahruninu, en það er flugfélagið Icelandair.

Önnur félög sem bankarnir stýra eru enn í endurskipulagningu. Óvíst er hvort þau verða seld strax að því loknu, eins og gert var í tilviki Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, eða hvort þau verða færð inn í eignaumsýslufélögin þar til betur árar til að selja.

Bankarnir gætu þurft að halda í hluti sína í fyrirtækjum í einhvern tíma ef þeir ætla ekki að setja þau á brunaútsölu í miðju hruni. Talsverðan tíma getur tekið að endurskipuleggja fjárhagsstöðu fyrirtækjanna.

Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum má búast við að fyrirtæki verði í eigu bankans í allt að fjögur ár áður en þau verða seld. Íslandsbanki ætlar ekki að gefa sér svo langan tíma. Þar gera áætlanir ráð fyrir því að fyrirtækin verði seld innan átján mánaða, og helst innan árs.

Ekki fékkst uppgefið frá Kaupþingi nákvæmlega hversu langan tíma bankinn ætlar að gefa sér til að selja fyrirtæki sem komast í eigu bankans. Fulltrúi bankans segir að stefnt sé að því að selja fyrirtæki eins fljótt og kostur sé, en ef aðstæður á markaði verði óhagstæðar áfram geti þurft að halda fyrirtækjum innan bankans. Þá verði eignarhald þeirra fært í eignaumsýslufélag bankans.

Gagnrýnisraddir hafa heyrst frá fyrirtækjum sem eru í samkeppni við fyrirtæki sem bankarnir hafa tekið yfir eða veitt aðstoð í erfiðleikum. Starfsmenn bankanna segjast mjög meðvitaðir um þá hættu sem tengist því að vera með samkeppnisaðila fyrirtækis í vanda í viðskiptum.

Bent er á að þó að bankarnir komi að stjórnun fyrirtækja sé það gert í gegnum stjórn þeirra, og yfirleitt séu starfsmenn bankanna ekki að taka ákvarðanir um daglegan rekstur. Bankarnir leggja áherslu á að umsýsla með fyrirtæki í vanda sé aðskilin frá þeim hluta bankans sem sér um viðskipti við fyrirtæki sem betur standa.

Bankarnir hafa einnig skipað umboðsmann viðskiptavina, sem á að tryggja jafnræði milli viðskiptavina. Þá eiga eignaumsýslufélögin einnig að skapa ákveðna fjarlægð milli bankans og fyrirtækja sem þar lenda í lengri eða skemmri tíma.

**Bankar fara Lundúnaleiðina**

Flóknustu mál tengd erfiðleikum fyrirtækja eru yfirleitt þau þar sem fyrirtækin skulda fleiri en einum banka eða fjármálafyrirtæki. Þar hafa bankarnir komið sér saman um að farin verði svokölluð Lundúnaleið.

Leiðin gengur út á að kröfuhafar komi sér saman um að einn banki sjái um samskipti við fyrirtækið, og að kröfuhafar gangi ekki að fyrirtækinu ef það myndi hindra björgun verðmæta.

Loks fallast kröfuhafarnir á að skuldbinda sig til að samþykkja úrlausnir einstakra mála svo framarlega sem þrír af hverjum fjórum kröfuhöfum samþykkja tiltekna lausn.

## ➜ MAT Á SJÓÐSTREYMI FYRIRTÆKIS Í VANDA*

### META LÍFVÆNLEIKA FYRIRTÆKJANNA

Bankarnir geta beitt ýmsum aðferðum til að aðstoða fyrirtæki í vanda. Lykilatriðið er þó að svara þeirri spurningu hvort fyrirtækið sé þess virði að bjarga því.

Þegar þeirri spurningu er svarað þarf að taka tillit til ýmissa þátta, til dæmis stærðar, fjölda starfsmanna og mikilvægi fyrirtækisins á samkeppnismarkaði. Mikilvægast fyrir bankana er þó að kanna sjóðstreymi fyrirtækisins og almennan rekstrargrundvöll.

Markmið bankanna er að hámarka endurgreiðslur fyrirtækja á lánum. Til þess verður að koma í veg fyrir að lífvænleg fyrirtæki verði gjaldþrota vegna tímabundinna erfiðleika.

Ef sjóðstreymi fyrirtækis er jákvætt er metið hvað þarf að gerast til að það geti staðið undir lánum. Bankarnir geta til dæmis fryst afborganir þannig að fyrirtækin greiði aðeins vexti, lengt í lánunum eða breytt skuldum við bankann í hlutabréf í fyrirtækinu. Dugi ekkert af þessu til að koma fyrirtækinu á réttan kjöl aftur er fátt að gera annað en að fara fram á gjaldþrotaskipti.

Ef sjóðstreymið er neikvætt þurfa starfsmenn bankanna að meta hvort fyrirtækið eigi sér traustan rekstrargrundvöll eða ekki. Ef ekki er eðlilegt að óska eftir gjaldþrotaskiptum. Ef rekstrargrundvöllur er talinn til staðar getur bankinn farið fram á að breytingar verði gerðar í fyrirtækinu. Til dæmis að reksturinn verði endurskipulagður, eignir seldar til að grynnka á skuldum, nýtt hlutafé lagt til rekstursins eða fyrirtækið selt öðrum. Gangi ekkert af þessu er líklegt að fyrirtækið verði sett í þrot.

**JÁKVÆTT SJÓÐSTREYMI**

Mat lagt á skuldastöðu og greiðslubyrði

- Fyrirtæki getur borið núverandi skuldir en stendur ekki undir núverandi greiðslubyrði.
  - **ÚRRÆÐI**: Skoða vaxtagreiðsluúrræði. Lánalenging eða tímabundin frysting. Skuldbreyting. Skilmálabreyting.
- Fyrirtæki getur ekki borið núverandi skuldir. Haft samráð við aðra banka ef við á.
  - **ÚRRÆÐI**: Skoða vaxtagreiðsluúrræði. Lánalenging eða tímabundin frysting. Skuldbreyting. Skilmálabreyting. Kröfuhafar breyti kröfum í hlutafé, víkjandi lán eða umbreytanleg skuldabréf. Krafa um gjaldþrot.

**NEIKVÆTT SJÓÐSTREYMI**

Mat lagt á rekstrargrundvöll. Haft samband við aðra banka ef við á.

- Rekstrargrundvöllur er mögulegur.
  - **ÚRRÆÐI**: Endurskipulagning rekstrar. Nýtt hlutafé frá þriðja aðila. Breyta kröfum í hlutafé. Sala fyrirtækis. Krafa um gjaldþrot.
- Rekstrargrundvöllur er ekki til staðar.
  - **ÚRRÆÐI**: Krafa um gjaldþrot.

*Byggt á úrlausnarkerfi Kaupþings banka.

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

júní 2009

## *Hressandi í heitu veðri*

Brynjólfur Garðarsson, yfirmatreiðslumeistari Portsins í Kringlunni, framreiðir gott og fljótgert brauð og tvo svalandi drykki.

BLS 6-7



Góðan daginn



# *Sumarveisla í Grasagarðinum*

Fjórir matgæðingar komu saman í Grasagarðinum í Laugardalnum og slógu upp dýrindis garðveislu á örskotsstundu.



Þótt sólin feli sig stundum á bak við skýin þarf ekki að blása garðveisluna af og færa sig inn. Betra er að fara í hlýja peysu yfir sumarklæðin, vefja svo um sig teppi og njóta þess að vera undir berum himni.

Þetta segir Marentza Poulsen sem hefur rekið Café Flóruna í Grasagarðinum í áraraðir. Þar hefur hún haldið ófáar garðveislur og er því ekki lengi að dekka fallegt og sumarlegt veisluborð. Til þess notar hún að sjálfsögðu aðföng úr garðinum, rósir í öllum regnbogans litum og bleikar hortensíur. Á servíettunum hvíla maríustakkar til skrauts en þá segir Marentza að finna megi í flestöllum görðum.

Til garðveislunnar bauð Marentza vinum sínum, kokkunum Sæmundi Kristjánssyni og Þorkatli Andréssyni, og Hildi Úu Einarsdóttur, matgæðingi og tilvonandi kokki. Öll báru þau sitthvað á veisluborðið.

„Ég ber þennan rétt oft fram í partíum, enda er hann einfaldur og hægt að útbúa hann allan á grillinu," segir Sæmundur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Á næstu grösum, sem ber fram röstikartöflur með grilluðu grænmeti.

Laxinn hennar Marentzu fer vel við rétt Sæmundar en hann ber hún fram með sítrónu-kartöflumauki og kryddjurtapestói beint úr garðinum.

Marentza fékk þau Þorkel og Hildi Úu til að aðstoða sig við matseldina á Café Flórunni í sumar, þar sem er nú í fyrsta sinn hægt að fá heita rétti. Til sumarveislunnar báru þau bæði ítalskar kræsingar; Þorkell focaccia-brauð og Hildur Úa bakaðan geitaost á tómatólífubrauði.

Allir eru réttirnir gómsætir og búa yfir þeim skemmtilega eiginleika að vera einfaldir.

- hhs

FRAMHALD Á BLS. 4



## GÓÐGÆTI HRIST FRAM ÚR ERMINNI

Vera Einarsdóttir skrifar

Mannfögnuðum af ýmsu tagi fjölgar yfirleitt svo um munar á sumrin. Fólk hittist í grillveislum, kokteilboðum og lautarferðum eða rekur inn nefið hjá ættingjum og vinum í kaffi og brunch. Stundum eru fögnuðirnir fyrirfram ákveðnir en þegar sól er sem hæst á lofti færist það í aukana að fólk taki skyndiákvarðanir og sé mætt í dyragættina áður en hendi er veifað.

Þá er gott að luma á léttum og aðgengilegum uppskriftum til að geta galdrað eitthvað gómsætt ofan í svanga og sólbrúna gesti. Auk þess hallast margir að léttum og fljótlegum réttum yfir hásumarið enda ekki eftirsóknarvert að standa sveittur yfir steikarpönnunni þegar sólin skín.

Þegar lítill tími er til stefnu má grípa til ýmissa ráða og bera til dæmis fram grillað brauð með tómötum og osti. Þá er enga stund gert að henda í salat og oft hægt að nota það sem er til í ísskápnum eins og harðsoðin egg, beikon og ostabita til að gera það matarmeira. Eins er með lítill fyrirhöfn hægt að galdra fram ávaxtasalat með því sem er til í ávaxtakörfunni en slíkt lostæti bragðast best undir berum himni. Það má svo gera enn gómsætara með því að hella eplasafa, sítrónuberki, kanil og jafnvel nokkrum súkkulaðibitum yfir.



Sé ekkert ætilegt til á heimilinu standa kaffi- og svaladrykkir ávallt fyrir sínu en við þá eru ýmis tilbrigði. Það fer til dæmis betur á ískaffi en rjúkandi uppáhellingi þegar heitt er í veðri en það má gera með espresso, ísmolum og mjólk. Í svaladrykk þarf einungis sódavatn með lime-bitum, appelsínubitum, jarðarberjum eða öðru tilfallandi og síðan er bara að halda út í garð og njóta.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

A Aðalréttur · M Meðlæti · Hvunndags · Hvunndags/til hátíðabrigða · Fiskur · Grænmeti


FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

**Innritun fyrir haustönn 2009**

Innritun fyrir haustönn 2009 stendur nú yfir. Umsóknarfrestur er til 11. júní. Rafræn innritun fer í gegnum www.menntagatt.is. Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans sem er opin 8.00-15.00 eða á heimasíðu skólans, www.fa.is.

**Eftirtaldar námsbrautir eru í boði:**
námsbrautir til stúdentsprófs:
- félagsfræðibraut
- málabraut
- náttúrufræðibraut
- viðskipta- og hagfræðibraut
- viðbótarnám til stúdentsprófs

**starfsnám Heilbrigðisskólans:**
- heilsunuddarabraut
- heilbrigðisritarabraut
- lyfjatæknabraut
- læknaritarabraut
- sjúkraliðabraut
- brúarnám á sjúkraliðabraut
- tanntæknabraut

- almenn námsbraut

*Skólameistari*

**Austurlensk læknisfræði**
**Nálastungur • jurtaráðgjöf**
**næringarráðgjöf • nudd**



Þórunn Birna Guðmundsdóttir
MA í austurlenskri læknisfræði

**Góð reynsla af meðferð við eftirtöldum kvillum:**

**Vöðvabólgur • áverkar • höfuðverkir • streita • kvíði • þunglyndi • ófrjósemi • hormónaójafnvægi • tíðavandamál • meltingarójafnvægi • nýrnavandamál • almennir verkir**

Hamraborg 10, 200 Kópavogi
Tímapantanir í síma 861 677




Salatið má útfæra á ýmsa vegu, til dæmis eftir því hvort menn vilja hafa það sætt eða súrt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# SÚKKULAÐISALAT

Valgerður Matthíasdóttir leggur mikið upp úr léttum og hollum réttum. Á sumrin er ávaxtasalat með dökku súkkulaði í sérstöku uppáhaldi, enda bæði fljótlegt og gott.



Fjölmiðlakonan Valgerður Matthíasdóttir, eða Vala Matt eins og hún er betur þekkt, lumar á uppskrift að salati sem hún segir ómissandi og þá sérstaklega á sumrin. „Þetta er fljótlegur og léttur sumarréttur, sem ég byggi á uppskrift sem þau hjá veitingastaðnum Gló voru svo vinsamleg að láta mig fá, en þar er allur matur ótrúlega góður. Þessi réttur er svo bragðgóður að síðan ég fékk uppskriftina hef ég búið hann til reglulega handa sjálfri mér.“

Beðin um að lýsa réttinum nánar segir hún: „Einn kosturinn er sá að í hann má nýta ávextina sem maður á í ísskápnum. Ætli maður að kaupa í hann mæli ég með eplum, appelsínum, banönum, kívi og melónu. Mikilvægt er að velja lífrænt þar sem sumt af hráefninu, til dæmis eplin eru ekki skræld. Allt er niðurskorið. Út í þetta er gott að setja dökkt súkkulaði, 70 eða 65 prósent frá Siríus, pínulítið af niðurskornum döðlum og valhnetum frá



Völu finnst ávaxtasalat með súkkulaði tilvalið á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sollu Eiríks hjá Himneskt, niðurbrytjaðar en þó ekki of smátt. Svo er allt saman sett í skál. Mér finnst gott að blanda saman við þetta þeyttum rjóma. Á Gló er stundum notuð AB-mjólk sem hefur verið sigtuð í kaffipoka, þar til mesti safinn er farinn úr og þykkari hlutinn svo notaður.“ Vala bætir við að í þeirri uppskrift geti verið gott að kreista örlítið af ferskri appelsínu og lime yfir salatið og rífa ferskt engifer ofan á vilji maður gera það aðeins súrara.

En hvað gerir salatið svona ómótstæðilegt? „Þessi blanda af súru og sætu, ávöxtum sem gera salatið létt og gott og súkkulaðið veitir svo ákveðið kikk. Allt leggst þetta á eitt um að gera það að tilvöldum sumarrétti. Nú svo þarf ekki að fara eftir uppskrift heldur eigin smekk og nota það sem til er í ísskápnum.“ - rve

VERSLUN SÆLKERANS

## Kjöt og kúnst



Á veitingastaðnum Kjöt og kúnst í Hveragerði er íslensk matseld í hávegum höfð. Saltað folaldakjöt, kjötsúpa og soðin svið eru meðal þess sem boðið er upp á í hádeginu og steikarhlaðborð á kvöldin. „Þá erum við með eitt og annað sem útlendingum þykir framandi og spennandi að bragða á,“ segir Ólafur Ingi Reynisson, sem á og rekur staðinn ásamt eiginkonu sinni Maríu Eyjólfsdóttur. Erlendum ferðalöngum þykir að hans sögn maturinn góð tilbreyting frá matseðlum vegasjoppna, sem þeir telja margir í eigu sama aðilans sökum þess hve líkur maturinn er. Þá segir Ólafur eldunaraðferðina á staðnum trekkja að. „Við leiðum inn í húsið hver og nýtum heita gufuna til eldunar. Þetta er eini staðurinn í heiminum sem nýtir hvera til eldunar og baksturs.“ Líkt og fleira hefur staðurinn ekki farið varhluta af kreppunni, en Ólafur segist hafa brugðist við því með opnun kaffihúss þar inni. „Þetta er sælkerahlutinn þar sem afgreiddar eru brauðtertur, hnallþórur og fleira,“ bendir hann á og segir viðbótina hafa vakið mikla lukku.

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins. **Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir **Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson **Pennar:** Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Sólveig Gísladóttir, Roald Eyvindsson, Vera Einarsdóttir **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Bjarni Þór Sigurðsson *bjarnithor@365.is*

ILVA
einfaldlega betri kostur

# ÚTSALA

## TILBOÐ GILDA FRÁ OG MEÐ 6. JÚNÍ - 19. JÚLÍ

**40%** afsláttur af öllum sumarhúsgögnum

stóll
9.900,-
**SPARAÐU 8.000,-**

**Cafe Latte.** Klappstóll án arma. Tekk/ál.
Verð 17.900,- **NÚ 9.900,-** *Einnig til m/örmum.*
Kaffiborð. Tekk/ál. Ø70 cm. Verð 29.900,- **NÚ 17.900,-**

stóll
19.900,-
**SPARAÐU 20.000,-**

**Comfort.** Sólstóll. Gegnheilt tekk/ál.
Verð 39.900,- **NÚ 19.900,-** Hliðarborð. Gegnheilt tekk/ál.
45 x 50 x 50 cm. Verð 24.900,- **NÚ 14.900,-**

**70%** afsláttur af Bell gólflampa

**50%** afsláttur af tágatöskum

**Colour.** Tágataska. 42 x 22 x 28 cm.
Til í fleiri stærðum. Verð 1.990,- **NÚ 995,-**

**40%** afsláttur af öllum blómapottum

**Flower.** Blómapottur. Ýmsir litir.
Ø12 cm. Verð 490,- **NÚ 290,-**
Ø14 cm. Verð 690,- **NÚ 395,-**

**40%** afsláttur af Razor barstól í hnotu

9.900,-
**SPARAÐU 7.600,-**

**Razor.** Barstóll, hnota/króm.
Verð 17.500,- **NÚ 9.900,-**

8.500,-
**SPARAÐU 21.000,-**

**Bell.** Standlampi. Gler.
H. 180 cm. Verð 29.500,- **NÚ 8.500,-**

### Útsalan hefst 6. júní

Leikir og skemmtun fyrir börn og fullorðna helgina 6. og 7. júní. Skráðu þig á póstlista í verslun okkar og þú gætir unnið gjafabréf að verðmæti **250.000,-** Tralli trúður gefur krökkum ís og blöðrur milli kl. 14 - 17.

Viðskiptavinir ILVA fá afslátt í Krakkahöllina gegn framvísun afsláttarmiða.

KRAKKAHÖLLIN 2-12 ára
Aðgangseyrir
800,-
Viðskiptavinir ILVA greiða
**200,-**

ILVA kaffi

Ókeypis ís fyrir börnin dagana 6. og 7. júní

**249,-** Gulrótakaka og kaffi

**499,-** Ekta danskt smurbrauð og kaffi

© ILVA Ísland 2009

VISA Lán - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

shop online **www.ILVA.is**

ILVA sendum um allt land

**ILVA** Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík **s:** 522 4500
laugardaga **10-18** sunnudaga **12-18** mánudaga - föstudaga **11-19**

FRAMHALD AF FORSÍÐU



Ítalskt focaccia-brauð með mozzarella er bæði bragðgott og auðvelt að gera.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Sæmundur Kristjánsson og Marentza Poulsen hafa unnið mikið saman í gegnum tíðina. Bæði kunna þau vel að búa til góða veislu.



Fallega dekkað borð að hætti Marentzu.



Þorkell Andrésson og Hildur Úa Einarsdóttir deila áhuga á matargerð.

## UPPSKRIFTIR AÐ LJÓMANDI SUMARVEISLU

### LAX MARENTZU með sítrónukartöflu purée og kryddjurtapestó

**LAX**
**1 flak af ferskum laxi, beinhreinsað og flakað.**

*Laxinn kryddaður með salti, timían og örlitlum sítrónusafa. Bakaður í um það bil sex mínútur við 160 gráður.*

**SÍTRÓNUKARTÖFLU PURÉE**
**300 g kartöflur**
**25 g smjör**
**25 ml rjómi**
**1 sítróna**

*Kartöflurnar soðnar, skrældar og maukaðar heitar. Smjörið og rjóminn hitað saman í potti og kartöflumaukinu hrært út í. Nokkrir dropar af sítrónusafa og smá rasp af berki sítrónunnar sett út í maukið, rétt áður en rétturinn er borinn fram.*

**DILL-PESTÓ**
**100 g dill**
**100 g ruccola**
**50 g cashew-hnetur**
**50 g parmesan ostur rifin**
**30 ml ólífuolía**

*Allt sett í matvinnsluvél og gróflega unnið saman í vélinni. Salt og pipar sett í restina.*

### GEITAOSTUR HILDAR á tómatólífubrauði með tapenade

**TÓMATÓLÍFUBRAUÐ**
**300 ml vatn**
**3 g sykur**
**5 g salt**
**9 g olía**
**400 g hveiti**
**100 g ólífur**
**100 g sólþurkaðir tómatar**



*Öllu blandað saman, hnoðað og látið hefast í hálftíma og bakað í 25 mínútur við 160 gráður. Skorið í sneiðar og grillað á heitri pönnu.*

**GEITAOSTUR**
*Góður mjúkur geitaostur frá Jóa í ostabúðinni, skorinn í þumlungsþykkar sneiðar, settur í rasp og bakaður á háum hita í ofni í 3 til 4 mínútur.*

**ÓLÍFUMAUK**
**100 g grænar eða svartar ólífur**
**50 g ansjósur**
**5 g hvítlaukur**
**30 ml ólífuolía**

*Allt maukað og salt og pipar bætt út í.*

# sjómannadagurinn

LAUGARDAGUR 6. JÚNÍ 2009




FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

Ævintýralegur starfsvettvangur

Viltu starfa í frábærri atvinnugrein
– eða ertu starfandi í ferðaþjónustu!

Kynntu þér spennandi nám sem býður
upp á mörg tækifæri og möguleika.

INNRITUN STENDUR YFIR!

www.mk.is

Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

FERÐAMÁLASKÓLINN
ICELAND SCHOOL OF TOURISM



# Hátíðarhöldin teygja sig yfir marga daga

Í Fjarðabyggð eru nokkrir dagar lagðir undir sjómannadagshátíðarhöld og teygðu þau sig aftur á fimmtudag bæði á Norðfirði og Eskifirði þar sem íburðarmikil dagskrá verður alla helgina. Þá verða viðburðir á Fáskrúðsfirði á laugardag og á Reyðarfirði á sunnudag.

Dagskráin er þéttskipuð og er af mörgu að taka. Á Eskifirði verður stálskipasmíði í Hamri í dag þar sem tekið verður á móti börnum og þeim hjálpað að smíða báta sem síðan verður fleytt. Það verður kappróður á Mjóeyri ásamt belgjaslag og reiptogi á milli Eskfirðinga og Reyðfirðinga. Í kvöld verður svo stórdansleikur með Landi og sonum. Á sjómannadaginn sjálfan verður hoppukastalaland sett upp í miðbæ Eskifjarðar auk þess sem Hrafna Idol-stjarna tekur lagið.

Á Norðfirði verður sjóstangaveiðimót, dorgveiðikeppni, kappróður, grillveisla og ýmislegt fleira í dag en hátíðardagskrá verður við sundlaugina á morgun. Dagskránni lýkur svo með harmonikkustund með sveiflu í Sjóminja- og smiðjusafni Jósafats Hinrikssonar.

Nánari dagskrá og tímasetningar má nálgast á www.fjardabyggd.is. *- ve*



**Hreimur og félagar í Landi og sonum slá upp stórdansleik á Eskifirði í kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**Idol-stjarnan Hrafna tekur lagið í miðbæ Eskifjarðar á morgun.**



MYND/SVERRIR AGNARSSON

**Á dagskrá bryggjudagsins verður meðal annars dorgveiði, kappróður og stakkasund.**

# Fyrsta sinn í Vogunum

Bryggjudagur verður haldinn í fyrsta sinn í Vogum á Vatnsleysuströnd í dag í tengslum við sjómannadaginn. „Félagasamtök í sveitarfélaginu halda bryggjudaginn saman að frumkvæði smábátafélagsins í Vogum,“ útskýrir Ólafur Þór Ólafsson, frístunda- og menningarfulltrúi Voga.

Dagskrá bryggjudagsins fer öll fram við bryggjuna í Vogum og stendur frá hálf tíu til þrjú. Á dagskrá verður dorgveiði, kappróður, grillaðar pylsur, stakkasund, kaffi og vöfflur og margt fleira. Endað verður á siglingu frá Vogum og undir Stapann.

„Fólki fannst vanta að eitthvað væri gert í tengslum við sjómannadaginn í sveitarfélaginu. Útgerð er aldagömul á þessum slóðum þannig að ákveðið var að drífa í því að setja saman dagskrá. Við vonumst fyrst og fremst til þess að íbúar í sveitarfélaginu sjái sér fært að mæta og gera sér glaðan dag,“ segir Ólafur Þór og bætir við að auðvitað sé alltaf tekið á móti gestum í Vogunum. *- mmf*

# Hafið eins og heiðartjörn

**Aðeins tveir bátar róa með færi frá Reykjavíkurhöfn um þessar mundir. Dúan er annar þeirra og þar er Páll Kristjánsson við stjórnvölinn.**



**Páll gæti passað inn í flesta sjómannatexta sem ein af hetjum hafsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Höfnin er eins og gljáfægður spegill er Dúan skríður drekkhlaðin inn að bryggju. Páll og bátsfélagi hans Brynjar Mikaelsson taka strax til við löndun og það er asi á þeim. „Við þurfum að koma aflanum á markaðinn fyrir klukkan sjö,“ segir Páll til skýringar og bendir á að klukkuna vanti tíu mínútur í. Hvert karið af öðru er híft upp, fullt af fallegum fiski, aðallega þorski en einnig stórufsa. „Eitthvað í kringum tonn,“ segir Páll ánægjulegur inntur eftir magninu. Þetta heitir að draga björg í bú.

Þegar búið er að landa hægist aðeins á og þá er lag að spyrja fleiri spurninga. Skyldi ekki vera gaman að vera á sjó í svona veðri? „Jú, hafið er eins og heiðartjörn,“ segir Páll. Kveðst hafa farið frá bryggjunni klukkan átta um morguninn og verið tæpa tvo tíma á miðin. „Við förum svona 32 til 35 mílur út í miðjan flóa. Vorum vestan við vestara hraunið. Það er góð færaslóð,“ útskýrir hann.

Páll er Siglfirðingur og byrjaði ungur að stunda sjóinn. „Ég eignaðist fyrstu trilluna þegar ég var þrettán ára. Það var nú bara til að leika sér á,“ segir hann og broshrukkurnar kringum augun dýpka. Kveðst lengst af hafa átt eigin báta en einnig hafa unnið hjá öðrum í nokkur ár og þá róið frá Sandgerði á snurvoð, netum og humartrolli.

Dúan er sex tonna bátur af gerðinni Sómi 800. Hana fékk Páll 1991 og kveðst oftast hafa róið einn, lengst af á línu. „Fyrir þremur árum seldi ég frá mér ýsukvótann en á þorskinn og ufsann eftir. Það dugar mér ágætlega yfir sumarið.“

Páll viðurkennir að vera hjátrúarfullur eins og allir aðrir sjómenn en vill ekki ljóstra upp í hverju það felist.

„Ég held það sé betra að segja ekki frá því,“ segir hann. Eflaust er það hluti af hjátrúnni.

Nú er eftir að þrífa Dúuna og ganga frá ýmsu áður en farið er heim. Þeir félagar ætla á sjóinn aftur að morgni. Svo kemur sjómannadagurinn og hann er heilagur. *- gun*

**Páll og Brynjar koma á Dúunni að bryggju með tonn af fallegum fiski eftir túrinn.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GUN




Sjómenn!

*Til hamingju með daginn.*

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhrauni 4 • 210 Garðabæ • Furuvellir 3 • 600 Akureyri • Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is



**FUGLASKOÐUN** Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og Fuglaverndar verður haldin í Höfðaskógi og við Hvaleyrarvatn laugardaginn 6. júní klukkan 10. Fuglaskoðunin hefst í gróðrarstöðinni Þöll og gengið verður í hring um skógræktarsvæðið að Hvaleyrarvatni.




FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



Selena er flutt!

í Hæðasmára 4

**í sama húsi og Bílaapótek fyrir ofan Smáralind.**

Glæsileg opnunartilboð



Selena

**Hæðasmára 4** • Sími 555 7355/553 7355

Opið virka daga 11-18, laugard. 11-15

www.selena.is





## Heimboð á vinnustofuna

Haukur Dór myndlistarmaður hefur flutt í nýja vinnustofu að Skúlagötu 26. Þeir sem hafa hug á að heimsækja listamanninn, sjá það nýjasta af trönunum og afrakstur síðustu mánaða eru hjartanlega velkomnir.

Vinsamlegast hringið í síma 690 5161.




Gestur Ólafsson arkitekt segir góða anda ríkja í Unuhúsi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Í góðum tengslum við hjartaslög þjóðlífsins

**Hið sögufræga Unuhús lifnar við kl. 15 á morgun með dagskrá á Kjarvalsstöðum í tengslum við sýninguna Frá Unuhúsi til Áttunda strætis. Gestur Ólafsson, arkitekt og eigandi hússins, er meðal fyrirlesara.**

Gestur hefur búið í Unuhúsi í röska þrjá áratugi. Hann fullyrðir að góðir andar séu í húsinu en skvaldur í þeim haldi þó aldrei fyrir honum vöku. „Maður heyrir bara grát í þjóðarsálinni þegar verið er að hleypa fólki út af börum miðborgarinnar,“ segir hann og kveðst í góðum tengslum við hjartaslög þjóðlífsins. Það fylgi íbúum Unuhúss. „Þetta er yndislegt hús finnst okkur sem búum í því,“ segir hann en auk hans eru það eiginkonan Guðbjörg Garðarsdóttir og dóttirin Guðrún Sóley að ógleymdri tíkinni Matthildi.

Unuhús var athvarf skálda og annarra menningarforkólfa Íslands á síðustu öld. Silja Aðalsteinsdóttir mun fjalla um það og gestgjafann sjálfan Erlend Guðmundsson á dagskránni á Kjarvalsstöðum sem hefst klukkan 15 og Jón Karl Helgason ræðir um samband Erlendar og Ragnars í Smára. Hrafnhildur Schram mun svo leiða fólk um sýninguna Frá Unuhúsi til Áttunda strætis og beina sjónum sérstaklega að þeim hluta hennar sem sýnir málverk Louisu Matthíasdóttur og Nínu Tryggvadóttur sem voru gestir hússins.

Gestur hefur séð um miklar endurbætur á Unuhúsi og þá sögu mun hann segja á Kjarvalsstöðum. „Húsið var að grotna niður þegar ég og þáverandi kona mín Erna Ragnarsdóttir keyptum það af föður hennar, Ragnari í Smára. Þó ég sé arkitekt hafði ég ekki hugmynd um hvað ég var að fara út í. Þetta varð miklu meira verk en við héldum í upphafi,“ segir hann. Þetta var fyrir daga Torfusamtakanna og skilningur í þjóðfélaginu takmarkaður á því að sniðugt væri að gera upp gömul hús. „Við tókum bara af mjólkurpeningunum,“ segir Gestur þegar spurt er út í styrki.

Unuhús er nú kjallari, tvær hæðir og ris. „Við byggðum smávegis aftan við húsið og fórum með allar græjur sem tilheyra nútímalifnaðarháttum þangað eða niður í kjallara. Því er gamla húsið mestan part eins og það var í upphafi.“ *gun@frettabladid.is*


**VIÐ ERUM FLUTTIR AÐ DALVEGI 16a**

Við getum einnig séð um allar smáviðgerðir fyrir þig, við skiptum um bremsuklossa, rúðuþurrkublöð, ljósaperur ofl.

**Í tilefni af flutningunum veitum við 25% afslátt af vinnuliðum út júní.**






Shell HELIX




**Smurstöðin Stórahjalla ehf. - Dalvegi 16a - 201 Kópavogi - Sími: 554 3430 - www.smurstodin.is**

**HLÁTURJÓGATÍMI,** sá síðasti fyrir sumarið, verður haldinn í Borgartúni 24, Manni lifandi, laugardaginn 6. júní klukkan 10.30. Kjörið tækifæri til að hlæja hressilega í góðum hópi og byggja sig upp fyrir sumarið.



## Nýr Volvo frumsýndur um helgina

BRIMBORG FRUMSÝNIR VOLVO XC60 Í DAG.

Volvo XC60 er þriðji meðlimur XC-fjölskyldunnar, en þar voru fyrir sportjepparnir XC70 og XC90. Brimborg frumsýnir bílinn í dag, laugardaginn 6. júní.

XC60 hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga, þar á meðal titilinn eftirsótta Bíll ársins 2009 í flokki sportjeppa hjá tímaritinu WhatCar?.

Lögð er áhersla á öryggið í XC60 en hann þykir einnig standa vel hvað varðar gæði, akstursþægindi, umhverfisvernd og framsækna tækni. Þá tvinnar XC60 saman kraftmikla jeppaeiginleika og sportlega aksturstakta og þykir bíllinn því höfða til þeirra sem vilja sameina í einum og sama bílnum öryggi, skemmtun og notagildi.



Frumsýningarbílarnir eru tveir eða XC60 T6 AWD með 285 hestafla Twin Turbo vél og XC60 D5 Turbo dísil með breytilegu loftflæði og einungis 7,5 l/100 km í eldsneytisnotkun. Frumsýningin stendur frá klukkan 12 til 16.


Þráinn SKÓARI
STOFNAÐ 1984
Í tilefni af
25 ára afmæli
okkar bjóðum við allar vörur og þjónustu með 25% afslætti í viku.
Skóbúð/skóvinnustofa, Grettisgata 3, 101 Reykjavík




Listakonan Helga Alfreðsdóttir sýnir verk sín á menningarhátíð Sólheima, bæði í Ingustofu og Íþróttaleikhúsinu.

MYND/GUÐMUNDUR ÁRMANN PÉTURSSON

# Tveggja mánaða veisla

**Menningarveisla Sólheima er engin smáskemmtun en hún hefst í dag og stendur allt til 8. ágúst. Á dagskránni verða til dæmis vikulegir tónleikar fjölbreytilegs hóps tónlistarmanna og fjöldi listsýninga.**

„Allir þeir sem ætla að ferðast innanlands í sumar ættu að kíkja við hjá okkur í Sólheimum, það verður vel þess virði,“ segir Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri Sólheima. Í dag verður menningarveisla Sólheima formlega sett með hátíðardagskrá. Hún mun svo standa yfir allt til 8. ágúst. „Hér í Sólheimum er mjög öflugt tónlistarstarf. Það er því vel við hæfi að Sólheimakórinn ætlar að byrja skemmtunina með tónlistaratriði í kirkjunni okkar. Með honum kemur fram Samkór Kópavogs. Klukkan eitt ætlar hún Edda Björgvinsdóttir leikkona svo að setja hátíðina formlega og munum við ganga hér á milli og opna allar þær sýningar sem verða hér í gangi í sumar, sem eru ansi margar.“

Þeir sem ekki komast á opnunarhátíðina í dag þurfa ekki að örvænta því hátíðin stendur yfir allt fram í ágúst. Sýningarnar, sem hafa verið settar upp í Ingustofu, Íþróttaleikhúsinu og Sesseljuhúsi, verða opnar alla virka daga á milli klukkan 9 og 18 og um helgar frá hádegi fram til klukkan 18.

Jafnframt verða sýningar undir berum himni. Tilvalið er að fá sér göngutúr um svæðið og skoða Ljóðagarðinn, Trjásafnið og Höggmyndagarðinn, svo eitthvað sé nefnt.

Í allt sumar verða svo mismunandi viðburðir á dagskránni, sem vert er að fylgjast með á heimasíðu Sólheima, www.solheimar.is. Til dæmis verða fræðsluferðir í boði. Hinn 27. júní mun Jón E. Gunnlaugsson, áhugamaður um nýtingu jurta til heilsueflingar, ganga um með gestum og kenna þeim að þekkja íslenskar lækningajurtir. Hinn 8. ágúst verður svo lífrænn markaðsdagur þar sem fer fram kynning og sala á lífrænum afurðum. Gómsætir lífrænir réttir verða bornir fram á Kaffihúsinu Grænu könnunni í tilefni þess.

Tónelskir ættu að velja sér laugardaga til að kíkja í Sólheimana en á hverjum laugardegi meðan á menningarveislunni stendur verða tónleikar í Sólheimakirkju klukkan tvö. Meðal þeirra sem fram koma á tónleikunum eru, auk Sólheimakórsins sjálfs, Borgardætur, Hljómsveitin Buff, Raddbandið VoxFox og að endingu Raggi Bjarna og Þorgeir Ástvalds. Þeir munu flytja perlur frá liðnum árum hinn 8. ágúst, á lokadegi menningarveislunnar.

*holmfridur@frettabladid.is*





**Við bjóðum þér upp á:**
- mikið úrval trjáa og runna, fjölærra plantna og harðgerra sumarblóma
- plönturnar í matjurtagarðinn
- mold, áburð, ker og potta
- góða þjónustu og faglega ráðgjöf
- tilboð í minni og stærri plöntupakka

Komdu í Gróðrarstöðina Storð og njóttu svo sumarsins í litríkum blómagarði heima.
Næg bílastæði



GRÓÐRARSTÖÐIN STORÐ
Dalvegi 30 - Kópavogur - Sími 564 4383 - stord@stord.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




ER VAGNINN RAFMAGNSLAUS?



Setjum sólarsellur á vagna

Tilboð á rafgeymum

Tilboð á hleðslutækjum



- Mælum rafgeyminn
- Mælum virkni á sólarsellu
- Mælum útleiðslu
- Förum yfir allar perur
- Veitum ráðgjöf



Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

# Talstöðvasafn opnað á Skógum í dag

**Saga fjarskipta og þróun talstöðva í farartækjum á Íslandi í 60 ár endurspeglast í talstöðvasafni Sigurðar Harðarsonar.**


Sigurður Harðarson hefur safnað talstöðvum í fjörutíu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sigurður Harðarson rafeindavirki hefur safnað talstöðvum í fjörutíu ár og spanna þau rúmlega sextíu ára sögu fjarskipta á Íslandi. Laugardaginn 6. júní klukkan 14 verður opnuð sýning á safni talstöðva Sigga Harðar, eins og hann er ávallt kallaður, í Samgöngusafninu á Skógum undir Eyjafjöllum.

Tækin skipta hundruðum, frá fyrstu Morse-tækjum til gemsa, og koma frá fjallamönnum, lögreglu, björgunarsveitum, rútufyrirtækjum, leigubílum, almannavörnum og áhugamönnum um fjarskiptatækni.

Mörg tækjanna eru virk og á sýningunni má heyra samskipti á morsi og tali, meðal annars samskipti skipbrotsmanna á togaranum Elliða, sem fórst 10. febrúar 1962, og björgunarmanna þeirra.

Siggi Harðar smíðaði fyrsta útvarpstækið sitt þrettán ára gamall árið 1957 og hefur síðan þá smíðað mörg tæki og sendistöðvar. Hann hafði strax í upphafi mikinn áhuga á fjarskiptatækni. Eftir að námi lauk í rafeindavirkjun árið 1966 vann hann meira og minna við fjarskiptabúnað ásamt viðgerðum á útvarps- og sjónvarpstækjum. Á þeim tíma voru gömul tæki aðallega geymd til að taka úr þeim varahluti og þannig söfnuðust fyrstu tæki.

Þegar breytingar hafa orðið á fjarskiptatækni hér á landi, hefur Siggi ávallt haldið eftir eintaki af hverri gerð sem hann hefur komist yfir, stundum með því að komast í geymslur þjónustufyrirtækja sem hafa verið að taka til. Þessi söfnun hefur einnig spurst út í gegnum tíðina og menn hafa gefið gömul eintök.

Elstu tækin eru frá árinu 1945 frá því að fjarskipti voru gefin frjáls á Íslandi eftir stríðið.


Á sýningunni eru allt frá morse-tækjum til GSM-síma.


Mikil vinna hefur verið lögð í endurbætur á Nesstofu. MYND/ÍVAR BRYNJÓLFSSON

# Nesstofa verður opin í allt sumar

**Nesstofa opnar á nýjan leik laugardaginn 6. júní klukkan 13.**

Nesstofa er eitt af elstu húsum landsins, byggð á árunum 1761–1767 sem embættisbústaður landlæknis. Er húsið hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en í umsjá Lækningaminjasafns Íslands.

Í sumar gefst gestum kostur á að kynnast byggingarsögu Nesstofu og fræðast um þær viðamiklu viðgerðir sem fóru fram í tveimur áföngum á vegum Þjóðminjasafns og húsafriðunarnefndar undir stjórn Þorsteins Gunnarssonar arkitekts. Þá hefur verið gefinn út ítarlegur leiðsögubæklingur um húsið, en hann má meðal annars nálgast á heimasíðu Lækningaminjasafnsins, www.laekningaminjasafn.is

Í Nesstofu verður einnig sýning um söfnun lækningaminja, starfsemi Lækningaminjasafns og framtíðaráform. Einnig verður kynning á fyrirhuguðu húsnæði Lækningaminjasafnsins í Nesi sem Seltjarnarnesbær er að láta reisa eftir verðlaunateikningu Yrki arkitekta. Safnbyggingin mun einnig mynda glæsilega umgjörð um menningarviðburði á Seltjarnarnesi sem og þjóna þeim fjölmörgu útivistarunnendum sem daglega eiga leið um svæðið. Þar er meðal annars gert ráð fyrir kaffihúsi, safnbúð og góðri aðstöðu til funda- og ráðstefnuhalda.

Nesstofa verður opin alla daga í sumar á milli klukkan 13 og 17 og er aðgangur ókeypis.


Í Þórbergssetri verður menningardagskrá á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

## Söguslóð opnuð

SÖGUSLÓÐ NÆR FRÁ BERUFIRÐI ÚT Á SKEIÐARÁRSAND.

Söguslóð verður opnuð formlega á Suðausturlandi nú um helgina. Hún nær frá Berufirði út á Skeiðarársand. Dagskrá verður í Löngubúð á Djúpavogi í dag og Þórbergssetri í Suðursveit á morgun sem fjallar um ferðir og fyrstu búsetu manna á svæðinu. Siglt verður út í Papey og að Papýli í Steinadal að loknum erindum og opnun sögusýninga. *- gun*


Einsöngvarar og harmóníuleikari ásamt formanni kórsins í Finnlandi.

## Finnskt-íslenskt

FINNSKUR KÓR Í LANGHOLTSKIRKJU.

Finnski kórinn Canzonetta Nova mun flytja Petite Messe Solenelle eftir Rossini í Langholtskirkju annað kvöld, 7. júní klukkan 20. Einsöngvarar með kórnum eru allir íslenskir, Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir messósópran, Garðar Thor Cortes tenór og Davíð Ólafsson bassi. Hljóðfæraleikarar eru Mikko Niemi á píanó og Bjarni Jónatansson á harmoníum. Stjórnandi er Erkki Rajamäki, en þess má geta að bæði hann og Mikko Niemi eru kennarar við Sibeliusar-tónlistarakademíuna í Helsinki.




Eirberg

Ný sending af sundfatnaði komin
www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25









Sólveig Sveinbjörnsdóttir, kennari á listnámsbraut Iðnskólans í Hafnarfirði, setti upp sýninguna með dyggri aðstoð kennara og nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Epli í fallegum vasa og skrautlegir eggjabikarar.

# Dýrmæt nemendaverk

**Vorsýning Iðnskólans í Hafnarfirði stendur yfir í Smáralind til 14. júní. Þar gefur að líta verk nemenda skólans sem eru af fjölbreyttum toga, allt frá smágerðum listmunum til uppgerðs bíls.**

„Sýningin er frábrugðin venjulegri skólasýningu enda höfum við lagt töluvert í umgjörðina," segir Sólveig Sveinbjörnsdóttir, kennari á listnámsbraut Iðnskólans í Hafnarfirði, sem undanfarið hefur unnið að því að setja upp vorsýningu skólans í Smáralind.

„Þetta er árlegur viðburður en hins vegar er sýningin tvöföld í ár. Hún var fyrst í skólanum frá 16. til 24. maí og verður nú á göngugötu Smáralindar frá 4. til 14. júní," upplýsir Sólveig. „Sýningin er sett upp í byggingastillönsum sem ná upp á aðra hæð þannig að fólk á báðum hæðum getur skoðað þá hluti sem eru til sýnis," segir Sólveig en kennarar Iðnskólans settu sýninguna upp með hjálp nemenda.

Þema sýningarinnar að þessu sinni er Ferli. Þar gefur að líta hluti sem nemendur hafa smíðað úr málmi, tré, plasti og gleri. „Við sýnum bæði verk eftir nemendur sem eru forнámi í skólanum núna og verk frá skólaárum fyrri nemenda sem nú eru starfandi hönnuðir," segir Sólveig og hvetur sem flesta til að mæta og skoða afraksturinn.

*solveig@frettabladid.is*



Sýningin er sett upp á stillönsum sem sumir hverjir ná alla leið upp á aðra hæð. Þannig geta sem flestir á báðum hæðum Smáralindar notið sýningarinnar.



Tréborð með hillum og fóðraður bolli sem hefur hlotið nýtt hlutverk sem sælgætisskál.



Veglegir kertastjakar úr tré og gleri.


SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.






Viðhaldsfríar
ÞAKRENNUR
Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri" klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar" þakrennur.
Rennurnar frá Grövik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.
Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.
Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.
Hágæða
Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki

HAGBLIKK ehf.
Smiðjuvegi 4C
Box 281 202 Kópavogur
Sími 587 2202 Fax 587 2203
hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður 2009-2010

Víðistaðaskóli
Almenn kennsla á yngsta stigi
Almenn kennsla á miðstigi
Enska, spænska og heimspeki á unglingastigi
Uppeldismenntaðan starfsmann til að fylgja barni í námi og starfi í skólanum. Í starfinu felst m.a. atferlismótun og stuðningur.

Allar upplýsingar gefa skólastjóri, Sigurður Björgvinsson í síma 595 5800 og 664 5890 og aðstoðarskólastjóri, Anna Kristín Jóhannesdóttir 664 5891.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.
Umsóknarfrestur er til 10. júní 2009.

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
## Lausar stöður í leikskólum

Við eftirtalda leikskóla Hafnarfjarðar eru lausar stöður leikskólakennara.
Enn fremur eru lausar stöður fyrir starfsfólk með aðra uppeldismenntun.

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Hraunvallaskóli ( 590 2800 sigrunk@hraunvallaskoli.is)
Norðurberg (555 3484 nordurberg@hafnarfjordur.is)
Stekkjarás (517 5920 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Laus staða þroskaþjálfa til að sjá um barn með Williamsheilkenni
Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)

Allar upplýsingar um störfin gefa leikskólastjórar viðkomandi leikskóla. Sjá nánar á www.hafnarfjordur.is

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störfin.
Umsóknarfrestur er til og með 19. júní.

*Fræðslustjórinn í Hafnarfirði*

# LAUS STÖRF Á AUSTURLANDI

## VERKSTÆÐISVINNA

Óskum eftir dugmiklum og vönum viðgerðarmönnum til starfa á tæknisviði. Æskilegt er að starfsmennirnir hafi reynslu í viðgerðum á vinnuvélum og / eða lyfturum og geti unnið sjálfstætt. Enskukunnátta og tölvuþekking kostur.

Umsóknum skal skila inn á tölvutæku formi á netfang: asbjorn@velaborg.is
Nánari upplýsingar gefur Ásbjörn í síma 893-2637.

**Allar nánari upplýsingar er hægt að finna á heimasíðu Vélaborgar: velaborg.is**

Vélaborg ehf. AUSTURLAND

**Hraun 4 • Reyðarfirði • S: 476-1890**

# Starfsmaður í fjármáladeild

*Veritas Capital sérhæfir sig í rekstri fyrirtækja á sviði heilbrigðisþjónustu. Það er móðurfélag fyrirtækjanna Vistor hf., Distica hf., Artasan ehf. og Ritara og sér um alla stoðþjónustu fyrir dótturfyrirtækin svo sem fjármál, upplýsingatækni, mannauðsstjórnun og aðstoð við markaðsmál. Við leitum að samviskusömum, töluglöggum og reyklausum starfsmanni sem hefur áhuga á krefjandi starfi á góðum vinnustað.*

**Helstu verkefni:**

- Bókhald og reikningshald
- Afstemmingar og skýrslugerð
- Launaútreikningur
- Reikningagerð og samskipti við erlenda birgja
- Innheimta

**Reynsla og hæfni:**

- Stúdentspróf/viðskiptamenntun
- 3 - 5 ára reynsla af bókhaldi og reikningshaldi æskileg
- Þekking og reynsla af bókhaldskerfi Navision kostur
- Góð kunnátta í excel
- Góð enskukunnátta, Norðurlandamál kostur
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð

VERITAS CAPITAL

Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 5357100
www.veritascapital.is

***Nánari upplýsingar um starfið veitir Vilborg Gunnarsdóttir, starfsmannastjóri vilborg@veritascapital.is. Umsóknarfrestur er til 15. júní nk. Umsóknir ásamt ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila sendist á netfangið starf@veritascapital.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.***

# LÖGMAÐUR Á AKUREYRI

Vegna aukinna umsvifa LEX á Akureyri þá leitum við að lögfræðingi til starfa á skrifstofu okkar þar. Æskilegt er að viðkomandi sé með hdl. réttindi en slíkt er þó ekki skilyrði. Gott vald á íslensku og ensku og sjálfstæði í vinnubrögðum nauðsynlegt.

**Upplýsingar veitir Helgi Jóhannesson hrl., faglegur framkvæmdastjóri LEX, í síma 590 2600.**

**Umsóknarfrestur er til 15. júní 2009.**

LEX
LÖGMANNSSTOFA

Borgartúni 26 • 105 Reykjavík • Bréfasími 590 2606
Hafnarstræti 94 • 600 Akureyri • Bréfasími 590 2680
Sími 590 2600 • lex@lex.is • www.lex.is

Jónas A. Aðalsteinsson hrl
Þórunn Guðmundsdóttir hrl
Erla S. Árnadóttir hrl
Helgi Jóhannesson hrl
Karl Axelsson hrl
Ólafur Haraldsson hrl
Lilja Jónasdóttir hrl
Kristín Edwald hrl
Ragnheiður M. Ólafsdóttir hrl
Heimir Örn Herbertsson hrl
Eiríkur Elís Þorláksson hrl
Garðar G. Gíslason hdl
Eva Margrét Ævarsdóttir hdl
Guðmundur Ingvi Sigurðsson hdl
Hulda Árnadóttir hdl
Arnar Þór Stefánsson hdl
Dýrleif Kristjánsdóttir hdl
Katrín Jónasdóttir framkv.stj

# Bústaðakirkja

Óskum eftir að ráða starfsmann til kirkjuvörslu.
Í starfinu felst m. a. undirbúningur fyrir athafnir og kirkjulega starfssemi, almenn umhirða kirkju og muna og þátttaka í starfi kirkjunnar. Við leitum að öflugum og traustum starfsmanni, sem er þjónustulundaður, handlaginn og lipur í mannlegum samskiptum. Reynska í kirkjulegu starfi, tölvukunnátta og grunnþekking skrifstofuhalds er æskileg. Góð íslensku kunnátta er skilyrði. Um er að ræða fullt starf með starfsskyldu aðra hvora helgi. Frekari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Jakobsdóttir í síma Bústaðakirkju 553 8500.

**Vinsamlegast skilið inn umsóknum fyrir 15. júní n.k. til**
*Sóknarnefnd Bústaðakirkju, b/t Esther Guðmundsdóttir*
*Bústaðakirkju v/ Tunguveg, 108 Reykjavík*

TÓNLISTARSKÓLI ÁLFTANESS

**Ritara vantar í hlutastarf**

Tónlistarskóli Álftaness auglýsir eftir ritara í hlutastarf fyrir næsta vetur. Skriflegar umsóknir sendist á netfangið tonlist@alftanes.is fyrir 12. júní nk.

**Allar nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 565-3191 eða 821-5004.**

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT

# Kennara vantar!

**Kennara vantar næsta vetur:**
- **Stærðfræði og efnafræði – fullt starf.**
- **Danska - hlutastarf.**

**Áhugasamir sendi upplýsingar um starfsferil og menntun á netfangið ohj@hradbraut.is. Trúnaði er heitið og öllum verður svarað.**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY




# SKRIFSTOFUSTJÓRI

**Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík óskar að ráða skrifstofustjóra við deildina**

Starfið er fjölbreytt og felur í sér nemendamál, markaðsmál, fjármál, starfsmannamál, samskiptamál, skjalavistun og önnur verkefni tengd daglegum rekstri deildarinnar. Náið samstarf er við forseta deildarinnar, akademíska starfsmenn og aðra stoðþjónustu háskólans. Undir skrifstofustjóra heyra verkefnastjórar og deildarfulltrúar skv. nánari ákvörðun deildarforseta.

Hæfniskröfur eru háskólamenntun, stjórnunarreynsla, skipulagshæfileikar og samskiptaleikni. Reynsla úr starfi í háskólaumhverfi eða skyldri starfsemi er mikill kostur.

Umsóknir skulu sendar á netfangið appl@ru.is fyrir 20. júní, og skulu innihalda kynningarbréf, starfsferilskrá, mynd og upplýsingar um umsagnaraðila. Nánari upplýsingar veitir Ásta Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri mannauðs- og gæðamála (asta@ru.is).

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði. Akademískar deildir skólans eru fimm: Kennslufræði- og lýðheilsudeild, lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Nemendur eru um 3000, en starfsmenn skólans eru yfir 500 í 270 stöðugildum. Skólinn býður um 750 námskeið á ári, þar af á þriðja hundrað á meistarastigi.

## Hárgreiðslustofa til sölu eða leigu

Vegna barneigna og óviðráðanlegra aðstæðna er til sölu 4 stóla hárgreiðslustofa í 101 Reykjavík. Lítill rekstrarkostnaður og frábær staðsetning. Erum einnig til í að skoða leigu á rekstrinum.

***Upplýsingar í síma 8221622 og 8667439***



Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

ASÍ

# LÖGFRÆÐINGUR

Alþýðusamband Íslands leitar að lögfræðingi í fullt starf.

Alþýðusamband Íslands er stærsta fjöldahreyfing launafólks á landinu. Um tveir þriðju hlutar launamanna í skipulögðum samtökum á Íslandi eru í ASÍ. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um réttindi þeirra.

**Hlutverk lögfræðideildar** er að vinna að markmiðum ASÍ eins og þau eru skilgreind í lögum sambandsins og ákvarðanir stjórnar og forystu sambandsins gefa tilefni til. Deildin veitir miðstjórn, forsetum og aðildarsamtökum ASÍ lögfræðilega ráðgjöf og þjónustu á sviði vinnuréttar og skipulagsmála. Hún tekur þátt í þverfaglegu samstarfi annarra deilda á skrifstofu ASÍ, sinnir fræðslu á sviði vinnuréttar og þeim félagslegu verkefnum sem forysta sambandsins felur henni hverju sinni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Embættispróf eða MA í lögfræði
- Þekking á íslenskum vinnurétti, þekking á Evrópurétti kostur
- Gott vald á einu Norðurlandamáli (dönsku, norsku eða sænsku) og ensku
- Jákvætt viðmót og sveigjanleiki

Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. september.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# KÍKTU Á CAPACENT.IS

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar www.capacent.is.

Starfsmenn Capacent Ráðninga starfa eftir mótuðum verkferlum til að tryggja bæði gæði þjónustunnar og fagleg vinnubrögð. Ráðgjafarnir búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

- Capacent Ráðningar móttekur skráningar í gagnagrunn og umsóknir um ákveðin störf
- Ráðgjafi hefur samband við umsækjanda telji hann viðkomandi koma til greina í það starf sem í boði er
- Umsækjanda er ráðlagt að fylgjast með auglýstum störfum á heimasíðu Capacent
- Hægt er að fylgjast með framvindu auglýstra starfa á vef Capacent
- Ráðgjafi fær samþykki umsækjanda til að senda ferilskrá til fyrirtækis
- Umsagna er ekki leitað hjá þriðja aðila nema að fengnu samþykki umsækjenda
- Öllum umsækjendum um auglýst störf er svarað þegar gengið hefur verið frá ráðningu í starfið

capacent RÁÐNINGAR
Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

www.mos.is MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbæ · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

## Fjölbreytt og krefjandi starf í Þjónustuveri Mosfellsbæjar

**Mosfellsbær óskar að ráða þjónustufulltrúa í fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.**

Starf þjónustufulltrúa felst í móttöku viðskiptavina, símsvörun og upplýsingagjöf, skönnun og skráningarvinnu auk almennra skrifstofustarfa. Nauðsynlegt er að viðkomandi, karl eða kona, hafi fágaða framkomu, ríka þjónustulund, metnað og nákvæmni í vinnubrögðum. Reynsla af sambærilegum skrifstofustörfum er mjög æskileg ásamt góðri íslensku- og tölvukunnáttu.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið Umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Mosfellsbæjar, www.mos.is, sjá: Stjórnsýsla/umsóknir, og þurfa umsóknir að hafa borist fyrir 15. júní nk.

**Frekari upplýsingar veitir Valgerður Sigurðardóttir, þjónustustjóri, í síma 525 6700.**

N1

## STARFSMAÐUR Á SMURSTÖÐ

**N1** óskar eftir að ráða öflugan og áreiðanlegan starfsmann á **smurstöð félagsins í Hafnarfirði.**

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla og þekking af smurþjónustu
- Rík þjónustulund
- Öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir **Dagur Benónýsson í síma 440 1030.** Áhugasamir geta sótt um starfið á **www.n1.is** eða sent tölvupóst á atvinna@n1.is




N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.
SÍMI 440 1000 WWW.N1.IS

## The EFTA Court Seeks Freelance Translators

From English into Icelandic and from Icelandic into English

**Responsibilities**
Translating legal documents

**Qualifications**

| Into Icelandic: | Into English: |
|---|---|
| Icelandic as Mother Tongue | English as Mother Tongue |
| Fluency in English | Fluency in Icelandic |

Experience with translation of legal documents on a national or European level Good command of French and/or other European languages Law degree an advantage

Further information on conditions available on request. All qualified applicants will be placed on a list of potential candidates and tested for competence. Translation agencies/companies are also welcome to apply.

**DEADLINE 17 July, 2009**

If interested, please contact:
Garth Hall, Lawyer-Linguist
EFTA Court 1, rue du Fort Thüngen
L-1499 LUXEMBOURG

Tel (+352) 42 10 83 36
Fax (+352) 43 43 89
E-mail: garth.hall@eftacourt.int

EFTA COURT

## Umsjón með umpökkun og meðhöndlun rannsóknarlyfja

*Distica hf., sem m.a. sérhæfir sig í innflutningi, vörustjórnun og dreifingu á lyfjum, leitar að starfsmanni til að leiða 18 manna hóp við umpökkun lyfja og meðhöndlun rannsóknarlyfja. Við leitum að reyklausum einstaklingi sem hefur til að bera frumkvæði til að stuðla að endurnýjun og umbótum á vinnuferlum og búnaði.*

**Starfssvið:**
Ábyrgð á að umpökkun lyfja sé í samræmi við starfsleyfi, gæðakerfi og kröfur umbjóðenda. Ábyrgð á birgðahaldi og dreyfingu rannsóknarlyfja. Samskipti við umbjóðendur og þátttaka í gerð rekstraráætlunar.

**Menntun:**
- Háskólamenntun í lyfjafræði
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð færni í notkun helstu tölvuforrita

**Reynsla og hæfni:**
- Mjög góð færni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Þekking á GMP (góðir starfshættir í lyfjagerð)
- Reynsla af stjórnun

***Nánari upplýsingar um starfið veitir Vilborg Gunnarsdóttir starfsmannastjóri vilborg@distica.is. Umsóknarfrestur er til 15. júní nk. Umsóknir ásamt ferilskrá og nöfnum umsagnaraðila sendist á netfangið starf@distica.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.***

DISTICA – markviss dreifing –

**Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 412 7500, www.distica.is**

# Starfsmenn í lífefnafræði og lífefnavinnslu próteina hjá Orf Líftækni.

***Starfslýsing:***
Hópur sérfræðinga og tæknimanna starfar við þróun á próteinhreinsitækni fyrirtækisins og við próteinframleiðslu þess. ORF Líftækni leitar nú að áhugasömum starfsmönnum með mismunandi menntun og reynslu í próteinvísindum og próteinvinnslu til að efla hópinn. Ráðið verður í störf er lúta að rannsóknum á próteintækni félagsins, próteinhreinsun og próteingreiningu. Einnig í störf er varða almenn rannsóknastörf, s.s. gerð bufferlausna, innkaup á efnum og áhöldum, vinnu við gagnagrunna og birgðastjórnun.

***Menntunar- og hæfniskröfur:***
Umsækjendur þurfa að uppfylla eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur að hluta eða öllu leyti:
- *Þjálfun og reynsla í rannsóknavinnu.*
Fulltrúar bankanna segjast almennt hafa sjónarmið Samkeppniseftirlitsins til hliðsjónar. Staðan sé þó yfirleitt þannig að aðeins séu slæmir kostir í stöðunni, og bankarnir verði að velja þann skásta, þótt hann sé ekki sá skásti fyrir samkeppni á markaði.

GLITNIR | Landsbanki | KAUPÞING

**GLITNIR — LANDSBANKINN — KAUPÞING**

Gömlu bankarnir. Allar innlendar eignir og innlán færðust í nýju bankana, allt annað endaði í gömlu bönkunum.

**VIÐSKIPTARÁÐHERRA**

Skipar stjórn og forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

**FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ**

Skipar fimm manna skilanefnd yfir gömlu bankana sem taka yfir hlutverk stjórnar.

**SKILANEFND GLITNIS — SKILANEFND LANDSBANKANS — SKILANEFND KAUPÞINGS**

Taka ákvarðanir um eignir gömlu bankanna, reyna að innheimta skuldir og hámarka eignir svo kröfuhafar fái sem mest í sinn hlut.

**ÍSLANDSBANKI — LANDSBANKINN — KAUPÞING**

Nýju bankarnir. Allar innlendar eignir og innlán færðust í nýju bankana.

**FJÁRMÁLARÁÐHERRA**

Fer með hlut ríkisins í bönkunum, skipar í bankaráð.

**BANKARÁÐ ÍSLANDSBANKA — BANKARÁÐ LANDSBANKANS — BANKARÁÐ KAUPÞINGS**

Ræður bankastjóra og setur stefnu.

**STJÓRNENDUR OG LÁNANEFND ÍSLANDSBANKA — STJÓRNENDUR OG LÁNANEFND LANDSBANKANS — STJÓRNENDUR OG LÁNANEFND KAUPÞINGS**

Taka ákvarðanir um fyrirtæki sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Taka ákvörðun um hvort lánum fyrirtækisins er breytt í eigið fé bankans í fyrirtækjum, og þau færð í eignaumsýslufélög.

**EIGNAUMSÝSLUFÉLAG ÍSLANDSBANKA — EIGNAUMSÝSLUFÉLAG LANSBANKANS — EIGNAUMSÝSLUFÉLAG KAUPÞINGS**

Munu fara með eignahlut bankans í fyrirtækjum. Reka fyrirtækin með það í huga að selja þegar rétt verð fæst.


# Ert þú með þrálátan háþrýsting?

## Leitað er eftir þátttakendum í klíníska rannsókn á nýju rannsóknarlyfi

Tilgangur rannsóknarinnar er að athuga öryggi og verkun mismunandi skammta rannsóknarlyfsins við meðhöndlun á þrálátum háþrýstingi, samanborið við lyfleysu og virkt, markaðssett lyf. Aðalrannsakandi er Karl Andersen, sérfræðingur í lyflækningum og hjartalækningum. Rannsóknin fer fram á Rannsóknarsetri Íslenskra lyfjarannsókna ehf. – Encode, Krókhálsi 5d, 110 Reykjavík.

### Hverjir geta tekið þátt?

- Konur og karlar á aldrinum 18-75 ára með þrálátan háþrýsting (efri mörk ≥140 mmHg og <180 mmHg).
- Einstaklingar á **stöðugri þriggja lyfja meðferð við háþrýstingi** sem eru þrátt fyrir það með of háan blóðþrýsting. **Lyfjameðferðin má vera flóknari, þ.e. fleiri en þrjú lyf** notuð, en eitt lyfjanna skal þó vera þvagræsilyf.

### Hvað felur rannsóknin í sér?

Þátttaka varir í allt að 14 vikur og gert er ráð fyrir um 13 heimsóknum á rannsóknarsetur á tímabilinu. Heimsóknirnar taka u.þ.b. 1 til 4 klst. Gerðar verða blóðþrýstingsmælingar, bæði á rannsóknarsetri og með notkun blóðþrýstingsvaktara yfir sólarhring. Blóðsýni verða tekin í flestum heimsóknum.

Áhætta af þátttöku felst í mögulegum aukaverkunum af notkun rannsóknarlyfsins, bæði þekktum og ófyrirséðum. Ekki er hægt að tryggja að þátttakendur fái tímabundinn bata en niðurstöður rannsóknarinnar geta leitt til framfara í meðferð sjúkdómsins.

Greitt verður fyrir þátttöku og rannsóknareftirlit verður þátttakendum að kostnaðarlausu.

### Frekari upplýsingar

Ef þú hefur áhuga á að taka þátt, vinsamlegast hafðu samband við hjúkrunarfræðing rannsóknarinnar í síma **510 9911 milli kl. 8 og 16 eða með því að senda tölvupóst á clinic@encode.is**.

Tekið skal fram að einstaklingar sem svara auglýsingunni hafa á engan hátt skuldbundið sig til að taka þátt í rannsókninni. Ákveði þeir að taka þátt, geta þeir dregið sig út úr rannsókninni hvenær sem er, án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

Rannsóknin hefur fengið leyfi Lyfjastofnunar, Vísindasiðanefndar og Persónuverndar.



# RÍKISVÍXLASJÓÐUR

Nýr og traustur kostur fyrir einstaklinga, fyrirtæki og aðra fjárfesta.




Þér býðst ekki meira öryggi en **ríkisábyrgð**

- Víxlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- Lágmarkskaup aðeins 5.000 kr.
- Hægt að vera í mánaðarlegum sparnaði.

Kynntu þér **Ríkisvíxlasjóð** á **www.kaupthing.is**, hafðu samband við **Ráðgjöf Kaupþings í síma 444 7000** eða komdu við í næsta útibú.

KAUPÞING

**Ríkisvíxlasjóður** er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun verðbréfasjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum þeirra, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðanna sem nálgast má á www.kaupthing.is/sjodir.

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 6. október 2008 eru „innstæður í innlendum viðskiptabönkum og sparisjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu“. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ekki kveðið á um gildistíma, en yrði hún felld úr gildi þá tæki við lágmarksvernd samkvæmt lögum nr. 98/1999, sem greinir frá að ofan. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum verðbréfasjóða s.s. skuldabréfum eða víxlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is.



**HOPP OG SKOPP** Hér sjást fjórir meðlimir Radio Active Pants, þeir Tommi, Torri, Arnar og Andri, í essinu sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Umhverfið er okkar leikvöllur

**Radio Active Pants er hópur sem stundar líkamslist sem kölluð er Free running eða Parkour. Í því felast mikil hopp, stökk, hlaup og hamagangur.** *Kjartan Guðmundsson og Vilhelm Gunnarsson* **kynntu sér listina og ræddu við einn meðlimanna.**

Þetta er þegar orðið mjög vinsælt, sérstaklega meðal yngri krakka, og fer vaxandi. Maður heyrir oft að það hljóti bara að vera brjálaðir unglingar sem eru í þessu en það er alls ekki rétt. Þetta er viðurkennd keppnisíþrótt,“ segir Tómas Orri Birgisson, kallaður Torri, sem er meðlimur í hópi sem kennir sig við geislavirkar buxur, Radio Active Pants. Hópurinn samanstendur af sex piltum, öllum rétt undir tvítugu, sem ástunda svokallað Free running og Parkour, en það er líkamslist sem gengur í sem stystu máli út á að nota umhverfið til að framkvæma hinar ýmsu hreyfingar á sem mýkstan og fljótastan hátt. Í þessu felast mikil hopp, stökk, klifur og fleira.

„Við hoppum til dæmis fram af húsþökum, veggjum og í raun hverju sem er. Umhverfið er okkar leikvöllur. Þetta snýst mikið um að sýna hvað maður getur,“ segir Torri. „Þetta er í raun jaðaríþrótt sem reynir mikið á alla vöðva líkamans.“

Radio Active Pants-hópurinn hefur stundað free running í tæp tvö ár. Strákarnir þekkjast flestir frá barnæsku og áhuginn kviknaði út frá æfingum í fimleikum og á trampólíni. Aðspurður segir Torri það mjög auðvelt að meiða sig í hamaganginum sem fylgir íþróttinni. „Einn okkar er fótbrotinn, annar meiddur í baki og tveir hafa slitið á sér hnén. En það er lítill fórnarkostnaður fyrir ánægjuna sem felst í þessu,“ segir Tómas Orri Birgisson.



**JAÐARÍÞRÓTT** Free running reynir á alla vöðva líkamans. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Í LAUSU LOFTI** Meiðsli af ýmsu tagi eru lítill fórnarkostnaður fyrir ánægjuna sem hlýst af íþróttinni, segir Torri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FYLGST MEÐ LOFTFIMLEIKUNUM** Torri segir líkamslistina ganga mikið út á að sýna öðrum hvað menn geta. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

KRÓNAN fyrir alla fjölskylduna!



# Mamma sem rokkar feitt

**Tinna Gunnarsdóttir** iðnhönnuður hefur hlotið mikið lof fyrir sköpun sína síðustu ár. Nú á fimmtudaginn var opnuð sýningin Af gróðri jarðar í Gallery Turpentine, þar sem Tinna og eiginmaður hennar, Sigtryggur Bjarni Baldvinsson myndlistarmaður, sýna ný verk.



**ÁRBÆJARSAFNIÐ NIÐUR Í BÆ** Tinna Gunnarsdóttir segist myndu vilja færa Árbæjarsafnið í Hljómskálagarðinn.

**Hvernig veðrátta hentar þér best?** Bland í poka.

**Ég panta mér pitsu með…** …hráskinku og klettasalati.

**Hvaða kæki ertu með?** Smá störur, en þær eru mjög endurnærandi.

**Þegar ég var lítil hélt ég lengi að…** …mér stæðu allar dyr opnar.

**Mig hefur alltaf langað í…** …finnskt sauna og útisturtu í garðinn heima.

**Hvaða frasa ofnotar þú?** Uppáhaldsfrasinn minn þessa dagana er: „Mamma sem rokkar feitt“, en það var lítil yndisleg bekkjarsystir sonar míns sem sagði mér að ef ég færi í veltibílana á vorhátíðinni í Háteigsskóla þá væri ég sko mamma sem rokkaði feitt. Ég stóðst ekki mátið og rokkaði svo sannarlega feitt í nokkra daga á eftir!

**Ef þú yrðir að fá þér húðflúr – hvernig húðflúr myndirðu fá þér og hvar myndirðu láta setja það?** Það væri kannski lítil fluga á lítt áberandi stað.

**Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja fóstra?** Ég gæti hugsað mér eina af persónum Miyazaki, til dæmis Chihiro. Persónur hans eru flóknar og þær vekja hjá manni alls konar spurningar og vangaveltur.

**Eftirlætislykt?** Blómailmur.

**Hvernig hringitón ertu með í símanum þínum?** Eitthvað mjög staðlað sem ég veit ekki hvað heitir en eftir að hafa hlustað á 7. sinfóníu Sjostakovitsj í gær gæti ég alveg hugsað mér brot úr henni í símann minn.

**Eftirlætisgrænmeti og hvaða grænmeti geturðu alls ekki borðað?** Eggaldin elska ég en sveppi í dós þoli ég ekki.

**Hvaða sjö hluti leggurðu til í gott afmælispartí?** Það er nýlega yfirstaðin afmælishrina hjá mér svo ég er bara alveg orðin uppiskroppa með ferskar hugmyndir. En ef ég ætti að nefna eitt atriði þá er það afmæliskaka með kertum að sjálfsögðu.

**Hverju tekurðu fyrst eftir í fari fólks?** Almennum mannasiðum.

**Nefndu fjórar vefsíður sem þú ferð gjarnan á.** Amazon.com, designboom.com, cibone.com og honnunarmidstod.is.

**Hvaða bíómynd geturðu horft á aftur og aftur?** Spirited Away eftir Miyasaki.

**Þú færð þér páfagauk. Í hvernig lit, hvað nefnirðu hann og hvaða fimm orð kennirðu honum að segja?** Ljósblár, ég myndi nefna hann Bláskjá og forðast það að kenna honum að tala.

**Seint á kvöldin finnst mér gott að fá mér…** tesopa.

**Fegurð er fólgin í…** heildinni.

**Að hanna vörur getur verið…** flókið.

**Ef ég fengi það verkefni að gera eitthvað skemmtilegt við Hljómskálagarðinn myndi ég ef til vill…** …flytja Árbæjarsafn í hann en það væri mikilvægt að hafa safnið ekki innan girðingar.

## ÞRIÐJA GRÁÐAN

**FULLT NAFN:** Valgerður Tinna Gunnarsdóttir

**FÆÐINGARÁR:** 1968

**Á HUNDAVAÐI:** Sjálfstætt starfandi hönnuður á Íslandi frá árinu 1992. Kennsla, greinaskrif, sýningarstjórnun, stjórnarseta ýmiss konar, sýningarþátttaka. Svo blandast eiginmaðurinn og börnin þrjú inn í þetta allt saman á einn eða annan hátt. Allt myndar þetta eina heild þar sem líf og starf rennur saman.

FÆRÐU **BRJÓSTSVIÐA** EÐA
**SÚRT BAKFLÆÐI?…**




…Nú færðu **Losec Mups*** án lyfseðils í næsta apóteki!

*Omeprazol

**Notkunarsvið:** Losec Mups sýruþolnar töflur innihalda efnið omeprazol sem hemur magasýruframleiðslu. Losec Mups er notað við tilfallandi brjóstsviða og súru bakflæði. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir omeprazoli eða einhverju öðru innihaldsefnanna eða samhliða lyfjum sem innihalda atazanavir. Gæta skal varúðar ef þú færð einhver af eftirtöldum einkennum: Verulegt þyngdartap, endurtekin uppköst, kyngingarerfiðleika, blóðuppköst eða blóð í hægðum. Þá skal hafa samband við lækni. Látið lyfjafræðing vita um önnur lyf sem eru notuð eða hafa nýlega verið notuð. Meðganga og brjóstagjöf: Losec Mups má nota á meðgöngu. Konur með barn á brjósti eiga að leita ráða hjá lækni áður en notkun hefst. Skömmtun: Ein Losec Mups 20 mg tafla ekki oftar en einu sinni á sólarhring. Ef einkennin hafa ekki horfið eftir 14 daga stöðuga notkun skal hafa samband við lækni. Gleypa á töflurnar heilar með ½ glasi af vökva. Hvorki má tyggja þær né mylja. Töflurnar má leysa upp í vatni eða einhverjum súrum vökva (t.d. ávaxtasafa) og taka þannig inn. Það skiptir ekki máli hvort Losec Mups er tekið inn með eða án matar. Algengustu aukaverkanir eru: Höfuðverkur, niðurgangur, ógleði/uppköst, kviðverkir, hægðatregða og aukinn vindgangur. **Lesið vandlega allan fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu**. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Mars 2009.

AstraZeneca
annt um líf og líðan

## MÆLISTIKAN

■ **Á uppleið**



**Íslenskur bjór.** Orðinn svo bragðgóður að hann slær þeim bestu erlendu við. Skál fyrir íslenskri framleiðslu!

**Reiðhjól.** Veðrið er orðið yndislegt og upplagt að leggja sitt af mörkum til vistvæns lífernis í sumar.



■ **Á niðurleið**



**Sléttir síðir toppar.** Geometrískar klippingar og sléttujárn dóu með gamla góða Sirkus.

**„Quiz“ á Facebook.** Farin að snúast um hver þekkir Kalla á Akranesi vel eða hvort manns innra dýr sé refur.



# Hrunið innan frá

## Einstök bók Guðna Th. Jóhannessonar um efnahagshrunið á Íslandi.




Guðni bregður upp fyrsta heildaryfirlitinu yfir íslenska efnahagshrunið og eftirmál þess – allt frá því að óveðursský lánsfjárkreppu tóku að hrannast upp erlendis og þar til ríkisstjórnin fór frá völdum.

Í bókinni eru áður óbirtir tölvupóstar, símtöl og minnisblöð sem Guðni fléttar saman af miklum hagleik svo úr verður áhrifamikill og sannfærandi spegill lygilegra atburða á líðandi stundu.

**3.490 kr.**
~~3.990 kr.~~
Á tilboði til 21. júní

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

# Sumar



**Kolagrill**
Flott kúlulaga kolagrill. Stærð á grillgrind Ø: 32 sm. Hæð: 42 sm. Frábært grill á flottu verði!

KOLAGRILL
**2.990,-**



GRILLBURSTI
**199,-**



100 STK. GRILLPINNAR
**99,-**

**Grillbursti og grillpinnar**
Góður, langur grillbursti á aðeins **199,-**
100 grillpinnar saman í pakka á aðeins **99,-**

Jutlandia Harðviður

**SPARIÐ 12.960,-**



**HELGARTILBOÐ!**

**CAROLINA borð + 4 OREGON stólar**
Gott og vandað garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Borð með stækkunarplötum á sitthvorum enda. Stærð á borði B90 x L150 / 240 sm. Borð **34.900,-** Stóll **9.490,-**

BORÐ + 4 STÓLAR
**59.900,-**



STÆRÐ: 90 x 200 SM.
**4.990,-**

**PLUS T10 eggjabakkadýna**
Eggjabakkalöguð dýna úr kaldsvampi sem eykur þægindi og vellíðan.
Stærð: 140 x 200 sm.
**6.990,-**



1 STK.
**88,-**

**Sápukúlur**
Frábært verð!



**TORINO tjaldstóll**
Fínn tjaldstóll með áklæði úr polyester.

TJALDSTÓLL
**2.990,-**



**Litlir garðálfar**
Mikið úrval af sætum, litlum álfum í garðinn!



TRAMPÓLÍN
**24.900,-**

**Trampólín**
Stærð: H70 sm. Ø: 305 sm.
Trampólín **24.900,-** Öryggisnet **12.900,-**
Trampólín + öryggisnet **34.900,-**



**BOOTES bakpoki**
Góður 30 ltr. bakpoki. Fæst í rauðum eða bláum lit.

BAKPOKI
**1.290,-**



**Veislutjald**
Glæsilegt, hvítt veis
gluggum til að hley
Frábært fyrir garðv
Stærð: 3 x 9 m.

# & sól



U.þ.B. 50% AFSLÁTTUR

SÆNG ÁÐUR: 19.900,-

**9.990,-**

**DANICA GENTLE DREAM sæng**
Frábær sæng með tvöfalda eiginleika. Hlý öðrumegin (gæsadúnn) og svalari hinumegin (hitadragandi trefjar). Stærð: 135 x 200 sm. Áklæði: 100% bómull. Má þvo við 60°C.



ÚTILEGUBORÐ

**2.490,-**

**Útileguborð**
Sterkt borð með stillanlegri borðplötu, hægt er að leggja borðið saman. Stærð: 60 x 80 sm.

ÚTILEGUSTÓLL

**1.490,-**



**Útilegustóll**
Góður útilegustóll með örmum og glasahaldara. Hægt að leggja saman.

SVEFNPOKI

**2.490,-**



**BOSTON svefnpoki**
Flottur svefnpoki. Stærð: 225 x 75/50 Þyngd: 1100 gr. Má þvo í vél við 30°C. Lágmarkshiti: +8 °C. Poki fylgir.




4 MANNA TJALD

**6.990,-**

800 mm | 4,00 kg

**CAMBRIDGE tjald**
Gott 4 manna tjald með álhúðuðu polyester í ytra byrði. Innra byrði er úr 100% nylon sem andar. Þéttur botn. Stærð: 210 x 240 x 130 sm. Þéttleiki: 800 mm/cm². Þyngd: 4,0 kg.



**Krokketsett**
Frábært krokketsett fyrir 4. Með kylfum, boltum, staurum og bogahliðum.

KROKKETSETT

**1.990,-**




VERÐ FRÁ:

**1.890,-**

**Velour vindsængur**
Stærð: 76 x 183 x 22 sm. **1.890,-**
Stærð: 137 x 191 x 22 sm. **2.890,-**
Stærð: 152 x 201 x 22 sm. **3.890,-**
Stærð: 183 x 201 x 22 sm. **4.890,-**

ÁLFUR 1 STK.

**299,-**

MEÐ PHYLON SÓLA



VERÐ ÁÐUR: 1.290,-

**990,-**

23% AFSLÁTTUR

**Klossar fyrir alla fjölskylduna**
Flottir klossar í sumarlegum litum. Með PHYLON millisóla sem gefur mikinn stuðning, góða endingu og mikla mýkt. Fæst í Nokkrum stærðum.



VEISLUTJALD

**39.900,-**

lutjald með
pa birtunni inn.
eisluna!

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is



*Alúðarþakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Bjargar Steindórsdóttur**

áður til heimilis að Grænumýri 7, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Seli og Kristnesspítala fyrir góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Hulda Kristjánsdóttir** **Gestur Jónsson**
**Kristján Gestsson** **Ingibjörg Dagný Jóhannsdóttir**
**Jón Ásgeir Gestsson** **Hrund Steingrímsdóttir**
**Þóra Steinunn Gísladóttir**
**Gísli Sigurjón Jónsson**
**Björg Þórhallsdóttir**
**Höskuldur Þór Þórhallsson** **Þórey Árnadóttir**
**Anna Kristín Þórhallsdóttir** **Runólfur Viðar Guðmundsson**
**og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir til alls þess fólks sem liðsinnti,*

**Konráði Þór Snorrasyni,**

af alúð í erfiðum veikindum og umvafði fjölskyldu hans með einstakri elskusemi.

**Snorri Sævar Konráðsson** **Katrín Magdalena Konráðsdóttir**
**Snorri S. Konráðsson** **Soffía H. Bjarnleifsdóttir**
**Kolbrún Björk Snorradóttir** **Ellert Jónsson**
**Snorri Birkir Snorrason**
**Eyþór Ellertsson**
**Bjarki Ellertsson**
**Svanhildur Ásta Haig Gunnarsdóttir**
**og aðrir vandamenn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Péturs Sörlasonar.**

Guð blessi ykkur öll. Fyrir hönd aðstandenda,

**Sigríður Vilhjálmsdóttir**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim er sýndu okkur hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Gunnlaugs Þ. Halldórssonar**

Vallholti, Árskógsströnd.

Sérstakar þakkir til lækna og starfsfólks á lyflækningadeild Sjúkrahúss Akureyrar fyrir góða umönnun og allan kærleik.

**Guðrún I. Kristjánsdóttir**
**Ingibjörg Gunnlaugsdóttir**
**Jóhanna E. Gunnlaugsdóttir** **Sævar Einarsson**
**Guðný H. Gunnlaugsdóttir** **Guðmundur Ólafsson**
**afa og langafabörn.**




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is





**Útfararþjónusta Davíðs Ósvaldssonar ehf.**

**Davíð Ósvaldsson**
*Útfararstjóri*
S. 896 6988 / 553 6699

**Óli Pétur Friðþjófsson**
*Útfararstjóri*
S. 892 8947 / 565 6511




**GUÐMUNDUR FINNBOGASON LANDSBÓKAVÖRÐUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1873.**

*„Sú er listin mest að gera mikið úr litlu, hitt getur hver sem vill að gera lítið úr miklu.“*

***Guðmundur var prófessor í sálfræði við Háskóla Íslands og rektor í eitt ár. Eftir hann liggur fjöldi rita.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 6. JÚNÍ 1989**

## Páfinn kom til Íslands



Jóhannes Páll II. páfi kom til Íslands þennan dag árið 1989. Hann söng meðal annars messu við Landakotskirkju sem þúsundir hlýddu á þrátt fyrir kalsaveður. Nunnurnar úr Karmelklaustrinu í Hafnarfirði fengu sérstakt páfaleyfi til að vera viðstaddar guðsþjónustuna.

Páfinn óskaði eftir að fá að koma til Þingvalla þar sem kristnitakan fór fram. Þar var einnig helgihald undir beru lofti. Hann kom öllum á óvart þegar hann vatt sér upp í rútu að athöfninni lokinni í stað þess að ferðast til baka í einkabifreið. Sérstaklega tóku öryggisverðirnir kipp er páfi virtist hafa gufað upp, að því er fram kemur í Ísland í aldanna rás eftir Illuga Jökulsson. En páfi sat í besta yfirlæti í biskuparútunni.

AFMÆLI



**ÁSBJÖRN MORTHENS** söngvari 53 ára í dag.



**STEFÁN EIRÍKSSON** lögreglustjóri er 39 ára í dag.



**BRYNJA VALDÍS GÍSLADÓTTIR** leikkona er 36 ára í dag.




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677




**ÓVENJULEG STAÐSETNING** Sjómannadagurinn haldinn hátíðlegur á Kirkjubæjarklaustri. MYND/ÚR EINKASAFNI

**ÍBÚAR SKAFTÁRHREPPS:** HALDA UPP Á SJÓMANNADAGINN

# Hátíð lengst inni í landi

Flestir bæir á landinu halda upp á sjómannadaginn en óvenjulegt þykir þegar engin höfn er á staðnum eða langt í sjó. Í Skaftárhreppi verður öllu tjaldað til á morgun í tilefni sjómannadagsins, þótt um 200 kílómetrar séu frá Kirkjubæjarklaustri til vesturs og austurs í næstu höfn.

„Þetta er hugmynd Skotans Brians Haroldsson sem er búsettur hér. Hann langaði að gera eitthvað skemmtilegt á sjómannadaginn fyrst flestir bæir á landinu halda hátíð til minningar um sjómenn og gera sér glaðan dag,“ segir Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur á Kirkjubæjarklaustri, þar sem Brian er organisti.

„Okkur langaði líka til að enda sunnudagaskólann svona, prufukeyrðum þetta í fyrra og þá sló þetta í gegn. Ég held að yfir 70 manns hafi mætt og var stemningin mikil.“ Hann segir hugmyndina ekki langsótta þar sem



**BÚIST VIÐ HARÐRI KEPPNI** Fimm lið kepptu í róðrarkeppninni í fyrra en nú verða þau sex. MYND/ÚR EINKASAFNI

Skaftfellingar hafi margir sótt sjó fyrir aldamótin 1900 en þá var róið út á vorin frá Meðallandssöndum.

Ekki verður þó um hefðbundna sjómannadagskrá að ræða. „Dagurinn hefst með fjölskylduguðsþjónustu í Langholtskirkju í Meðallandi klukkan 14. Svo færist fjörið að Hæðargarðsvatni þar sem róðrarkeppni verður klukkan 16. Þar munu etja kappi gömlu hrepparnir sem hafa verið sameinaðir undir Skaftárhrepp. Mýrdælingum hefur verið boðið til leiks til að gera keppnina meira spennandi. Svo verður Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps með veitingar,“ segir Ingólfur, sem vonar að dagurinn verði að árlegum viðburði. **heidur@frettabladid.is**



*Hjartfólgin eiginkona mín, móðir okkar og amma*

**Geirþrúður Kjartansdóttir,**

Hraunhólum 9, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítala, Landakoti, miðvikudaginn 4. júní. Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju mánudaginn 15. júní kl. 13.00.

**Hreinn Jóhannsson**
**Kjartan Hreinsson**
**Guðrún Hreinsdóttir**
**Sturla Jóhann Hreinsson**
**og barnabörn.**








*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Selma Friðgeirsdóttir**

áður til heimilis að Vogatungu 3, Kópavogi,

lést á hjúkrunardeild Hrafnistu í Reykjavík, 26. maí sl. Jarðarförin fer fram í Áskirkju mánudaginn 8. júní kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningargöldu sjómannadagsins, Hrafnistu, Reykjavík, sími 585 9500.

**Indriði Guðjónsson**
**Erla Sigurlaug Indriðadóttir** **Björn Þorsteinsson**
**Friðgeir Indriðason** **Stella María Reynisdóttir**
**Ingibjörg Indriðadóttir**
**Guðjón Indriðason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

# Gasgrill og fylgihlutir



**FRÍ HEIMSENDING**
**FRÍ SAMSETNING**
**á öllum grillum hjá MAX**

Ath: Heimkeyrsla og samsetning er aðeins á virkum dögum!

## Fjögurra brennara grill

**Campingaz Adelaide 4**
21 kW gasgrill
Steypujárns grillgrind og postulínhúðuð grind
Fjórir steypujárnsbrennarar með hitadreifingu
Stál og FSC viðargrill með hlífðardúk
Hliðarbrennari með loki
Tvær skúffur fyrir feiti
Neistakveikja
Snúningslok
Hitamælir



**Bjórdælan vinsæla fylgir frítt með öllum grillum hjá Max**

Fullt verð 19.989



**Grillbursti, grillhanskar og grillsett fylgja öllum grillum í Max**



# Sumargladningur Max

# 59.989 kr.

Fullt verð ~~74.989~~

**MAX RAFTÆKI**

| OPNUNARTÍMI | | | |
|---|---|---|---|
| Mán. | kl. 11-19 | Fim. | kl. 11-19 |
| Þri. | kl. 11-19 | Fös. | kl. 11-19 |
| Mið. | kl. 11-19 | Lau. | kl. 11-18 |
| | | Sun. | kl. 12-18 |

MAX / Kauptúni 1
Garðabæ
Sími 412 2200
www.max.is



Verð kr. 265.000.-

Rainbow

Bjóðum nokkrar Rainbow á **186,000**
Eða gömul Rainbow upp í nýja tilboð 155,000

Eigum einnig notaðar yfirfarnar rainbow
með ábyrgð **verð 80.000 tilboð 58.000**
*meðan byrgðir endast.*

**Hrein fjárfesting ehf**
**Dalbraut 3 105 reykjavík • rainbow@rainbow.is**
**Sími verslun 567 7773 . kvöld og helgar 893 6337**
**www.rainbow.is**





PIPAR • SÍA • 90981

RÁÐSTEFNA OG SÝNING

Frá hönnun til útflutnings

**Útflutningsráð Íslands og Hönnunarmiðstöð Íslands** standa fyrir ráðstefnu fimmtudaginn **11. júní kl. 9:00–12:00** í húsakynnum Kaupþings að Borgartúni 19.

Á ráðstefnunni kynna fyrirtæki og hönnuðir afrakstur verkefnisins **Frá hönnun til útflutnings** og þann árangur sem verkefnið hefur skapað.

Auk þess mun hinn margverðlaunaði danski hönnuður, **Kasper Salto**, halda fyrirlestur um samstarf sitt við ýmis fyrirtæki.

Markmið verkefnisins „Frá hönnun til útflutnings" er að leiða saman fyrirtæki og hönnuði í vöruþróun til útflutnings. Samstarfinu er ætlað að efla þátt hönnunar innan fyrirtækja með það að leiðarljósi að skapa ný tækifæri í útflutningi og innleiða sýn hönnunar við þróun á útflutningsvöru og þjónustu.

| | **Dagskrá:** |
|---|---|
| 09:00 | Setning fundar |
| 09:05 | Þórey Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar |
| 09:10 | Björn H. Reynisson, verkefnisstjóri frá Útflutningsráði |
| 09:20-09:50 | Kynningar fyrirtækja og hönnuða |
| 09:50 | Kaffihlé |
| 10:10-10:50 | Kynningar fyrirtækja og hönnuða |
| 10:50 | Kasper Salto hönnuður heldur fyrirlestur um samstarf hönnuðar og fyrirtækja |
| 11:35 | Umræður |
| 11:55 | Ráðstefnulok |

**Fyrirtæki og hönnuðir sem tóku þátt í verkefninu:**

**Fossadalur ehf.** Snorri Valdimarsson **Villimey ehf.** Project **Glófi ehf.** Laufey Jónsdóttir **Saga Medica ehf.** Kristrún Hjartar **Flúrlampar ehf.** Batteríið ehf. **J&S gull ehf.** Pipar ehf. **Intelscan ehf.** Project

**KASPER SALTO 1967.** Í verkum Kaspers Salto má sjá danska húsgagnahönnun birtast í samspili við alþjóðlega iðnhönnun. Salto lauk námi frá Danmarks Designskole árið 1994 og hefur síðan starfað með stórfyrirtækjum á borð við Fritz Hansen, Botium o.fl. auk þess að starfa með Dansk Design Center og Bella Center. Salto hefur tekið þátt í fjölmörgum hönnunarsýningum og er margverðlaunaður fyrir hönnun sína. **www.kaspersalto.com**

Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre

ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
www.utflutningsrad.is




NOKKUR ORÐ
**Kjartan Guðmundsson**

# I love this game



Í upphafi tíunda áratugarins, þegar ég var ungur og afar mismyndarlegur maður (það fór eftir dagsforminu eins og gengur og gerist hjá frumgelgjum) fannst mér eins og allir fylgdust grannt með bandaríska körfuboltanum, NBA. Í það minnsta tilheyrðu nánast allir í mínu nánasta umhverfi þeim stóra hópi sem hreifst ótæpilega af þeim ótrúlegu tilþrifum sem Michael Jordan, Larry Bird, Charles Barkley, Isiah Thomas og ámóta kónar sýndu á völlunum þar vestra (að ógleymdum meistaranum sjálfum, Magic Johnson, sem er besti körfuknattleiksmaður allra tíma. Ég blæs á allar vangaveltur um annað). Einar Bollason fór á kostum í beinum útsendingum frá leikjum á Stöð 2 og allt var í blóma.

Svo um miðbik áratugarins hófu margar af helstu stórstjörnum heimsfótboltans að iðka grein sína í Englandi. Það er óhætt að segja að sprenging hafi orðið í áhuga á ensku deildinni á þessum tíma, þótt ekki hafi hann verið lítill fyrir. Áhuginn á NBA-deildinni dvínaði í réttu hlutfalli. Grunnskólabörn sem áður báru stolt derhúfur merktar Los Angeles Lakers og Chicago Bulls fóru að ganga í treyjum frá Liverpool og Arsenal, og meira að segja fundust örfáir, og finnast enn, sem studdu lið Manchester United. Ótrúlegt en satt.

Að sjálfsögðu hefur NBA-deildin alla tíð átt sína hörðu aðdáendur hér á landi. En ég kalla eftir viðlíka almennum áhuga og tíðkaðist hér í den. Núna er tíminn. Yfirstandandi úrslitakeppni er ein sú skemmtilegasta í áraraðir. Úrslitaeinvígi Lakers og Orlando Magic lofar sannarlega góðu. Það eina sem varpar skugga á gleðina er tímasetningin á leikjunum. Gera skipuleggjendurnir sér ekki grein fyrir því að það er fólk að fylgjast með uppi á Íslandi?

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# GARÐHÚS
# Á GAMLA VERÐINU

**Allar stærðir, takmarkað magn.**





**Síðustu húsin á gamla verðinu seld í dag**
TAKMARKAÐ MAGN

**Ný sending væntanleg í næstu viku!**

**Mest selda pallaolía á Íslandi**




**2.499**

**Jotun Treolje, 3 ltr**
Pallaolía á gagnvarið efni.
Gullbrún, græn.
7049123/33/37

# Skjólveggir á tilboði

allar stærðir, allar gerðir



**15%** afsláttur

**Aðeins í dag laugardag**

Pylsa og kók **99** kr



**í Skútuvogi**

Allt um skjólveggi í Sælureit bls. 6-13



HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl og eru háðar lagerstöðu.

# Hrakfallabálkar okkar hinir meiri

Í gær kom út annáll Guðna Th. Jóhannessonar um atburði liðins árs, Hrunið – Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar – stórt rit og mikið að lesmáli, 427 blaðsíður með orðskýringum, heimilda- og nafnaskrám. Þá hafði bók Ólafs Arnarsonar, Sofandi að feigðarósi, setið í efsta sæti sölulista í nokkrar vikur, en hún er smærri í broti, aðeins 247 blaðsíður með orðskýringum.

Í millitíðinni sendi Þorkell Sigurlaugsson frá sér ritið Ný framtíðarsýn – nýir stjórnarhættir við endurreisn atvinnulífsins. Bókin er 208 blaðsíður með nafnaskrá. Efni hennar lýtur að hugmyndum og kröfu – siðferðilegri hagkvæmniskröfu – um hvernig eigi að stjórna fyrirtækjum á nýrri öld, en höfundurinn nýtir nær helming ritsins til að tína til dæmi um þá glapstigu sem íslenskt atvinnulíf lenti á frá því um aldamótin.

### Skjót viðbrögð

Öll þessi rit eru uppgjör við hrunið, hvert með sínum hætti, alþýðleg rit byggð á akademískri hefð, þó á ólíkum grunni fræðimennsku: Guðni er sagnfræðingur, Ólafur viðskiptafræðimenntaður og Þorkell viðskiptafræðingur. Sagan sem þeir rekja hver með sínum hætti er ekki par glæsilegur vitnisburður.

Og er eitthvað nýtt í þessu, spurðu menn útgáfudagana þegar bækurnar komu á ritstjórnina. Var mönnum mögulegt í löngu máli að greina það eitthvað betur en þegar var komið í ljós í máli hundraða, á liðnum misserum? Þegar litið er til baka til liðinna missera sætir það undrum hversu mikil og áköf og ríkuleg opinber umræðan var um samfélagsmál. Oft vanstillt, lengi óupplýst samkvæmt eðli máls, því margt var á huldu og mörgu var leynt. Og hver sem hélt, reyndi að halda reiðu á öllum þráðum, varð að gera betur en hafa sig allan við: offlæði var í umræðunni og reyndi á þolgæði hins áhugasama. Og ekki er lát á.

Nú er það sannarlega nýnæmi að þrjú rit komi út með fárra vikna millibili sem taka til skoðunar nýliðna atburði, hildarleik íslenskra efnahagsmála. Bæði Guðni og Ólafur setja punkt á inngangsorð sín í apríl, verkum þeirra er ritstýrt gegnum kosningarnar. Tilgangur þeirra er að varpa ljósi á atburðina og skýra þá.

### Skörp árás og snögg

Ólafur gerir það á snaggaralegan hátt, minnst er lagt í það verk, heimilda er varla getið, sjónarhornið er þröngt og persóna Davíðs Oddssonar byrgir höfundi sýn til allra átta. Hann segist enda vilja skrifa grípandi sögu og þannig bókmenntir þurfa skúrk. Svo ágripskennd og gölluð sem bók hans er verður hún eins og treiler fyrir góða bíómynd. Stíll hans er talmálskenndur en þó ekki laus við stílbrögð. Bókinni er miður ritstýrt af útgefanda, nokkuð er um endurtekningar, jafnvel á kafla upp á nokkrar línur. Nástaða er víða í orðalagi og höfundurinn tekur stundum full hressilega upp í sig í dramatískum lýsingum og velur ekki alltaf orð réttrar merkingar: vígamóður gat Davíð Oddson ekki talist þessa daga.

Þá er það ljóður á verkinu að tveir langir kaflar eru nánast endursögn á verkum annarra: Ingimundar Friðrikssonar, Jóns Daníelssonar og Gylfa Zoëga. Hugsun í byggingu er losaraleg, þannig er í flókinni tímarás september og fram í október erfitt að átta sig á í hvaða röð atburðir gerast, jafnvel hvaða dagur er þegar dagur, kvöld og nótt renna saman. En það er í verkinu ekki óþægileg nærvera höfundar sem er skjótur til dóma og kemur því sem hann vill greina frá bærilega til skila.




ÓLAFUR ARNARSON




GUÐNI TH. JÓHANNESSON




ÞORKELL SIGURLAUGSSON

**BÓKMENNTIR**

**Sofandi að feigðarósi**
Ólafur Arnarson
JPV útgáfa
★★
Snarpt en flekkótt uppgjör.

**Hrunið**
Guðni Th. Jóhannesson
JPV útgáfa
★★★★★
Undirstöðurit til framtíðar

**Ný framtíðarsýn**
Þorkell Sigurlaugsson
Bókafélagið Ugla
★★★
Kennirit með dæmum um slæma breytni

### Metnaðarfullt verk

Guðni er af öðrum skóla. Verk hans er þaulhugsað í byggingu og nýtur hann þar reynslu sinnar frá fyrri verkum við að koma flókinni og snúinni atburðarás til skila á greinargóðan hátt. Hrunið hans er inngangsrit um þessa atburðarás alla, frábærlega niðurskipað, sanngjarnt í athugasemdum sem hann lætur falla og ber þannig kurteislega íróníska hneigð. Það er nákvæmt í niðurröðun og skýrt í öllum atriðum þótt á köflum verði textinn nokkuð upptalningasamur. Guðna virðist hafa verið það metnaðarmál að skila sem nákvæmustu yfirliti um þessa atburðarás þótt hann verði að þjappa og hafi örugglega klæjað í fingurna oft og mörgum sinnum til að taka útúrdúr og staldra við.

Svo ítarlegt sem rit hans er verður það nú grundvallarrit öllum almenningi um þessa mánuði til að geta fyllt í göt og bætt við nánari skýringum. Guðni vísar mjög víða til væntanlegra rannsókna og er þess ekki dulinn að hann er að gegna mikilvægu erindi í nákvæmri atburðaskrá frá degi til dags, klukkustund til klukkustundar. Heimildaskráin er ríkuleg og telur 1.459 heimildir. Ljóður er hversu margar þeirra eru í skjóli nafnleyndar og líka hitt að hann hefur ekki fengið fullan aðgang að gögnum í Seðlabanka. Þá eru tölvupóstur úr Stjórnarráði ekki staðfestur og vaknar sú spurning hvort ekki verði að gera gangskör að því að opna allar gáttir um þetta mál frá a-ö svo ríkulegur sem skaðinn er orðinn samfélaginu öllu. Hverjum þjónar sú leynd?

### Niðurstöður

Ritdómurum fagrita í sagnfræði verður vandi á höndum þegar til kemur, svo efnismikið er ritið: hæglega má grípa niður í ritið nánast hvar sem er og gera ítarlegri grein fyrir umræðuefnum. Tökum eitt: hverra hagsmuna gætti Skúli Helgason alþingismaður, þáverandi framkvæmdastjóri Samfylkingar, þegar hann tafði væntanlegan fund Reykjavíkurfélagsins sem um síðir var haldinn í Þjóðleikhúskjallaranum?

Þó Guðni dragi niðurstöður sínar saman í lok verks og þar reynist hlutur Geirs Haarde skarður er eins og hann víki sér undan því að meta hlut Ingibjargar til fullrar niðurstöðu. Af frásögn hans má ljóst vera að Ingibjörg hafði tapað forystu sinni í flokki og með þjóð snemma í þessari orrahríð. Ögurstund hennar var á fundi í Háskólabíó í beinni útsendingu og hin fleygu orð: Þið eruð ekki þjóðin.

Guðni hefur skilað glæsilegu verki og við getum þakkað að þar var réttur maður á réttum stað á réttum tíma. Þótt ritið mætti á tíðum vera ítarlegra er það ekki til lýta; sögulegar samsvaranir sem hann grípur til eru tilfallandi og hann einbeitir sér að hinu pólitíska sviði enda gögn um það sem á undan gekk erfiðari í greiningu. Vonandi á hann eftir að kanna enn betur hina smærri þætti málsins á næstu vikum, mánuðum og árum fyrst hann hefur tamið sér og numið atburðarásina svona vel. Því margt á eftir að koma fram.

### Gleymd uppskrift

Þannig dregur Þorkell fram mikilvæg skil í forsögunni sem Guðni tekur ekki með í reikninginn: 19. september 2003: „þegar stóra uppskiptingin og uppbrot viðskiptalífsins átti sér stað. Það voru Landsbanki og Íslandsbanki sem stóðu að uppstokkuninni. Íslandsbanki fékk hlut Eimskips í Flugleiðum, Íslandsbanka og Sjóvá Almennum, og þá keypti Íslandsbanki kjölfestuhlut í Straumi. Landsbankinn fékk flutningastarfsemi og sjávarútvegsstarfsemi Eimskips, þ.e. Brim sem innihélt meðal annars Útgerðarfélag Akureyringa, Harald Böðvarsson og Skagstrending, svo og Burðarás og eignarhlutinn í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Marel o.fl.“ Og Þorkell dregur ekki af sér: „Þessi viðburður á eftir að verða skráður í sögunni sem einna merkasti viðburður í sögu viðskiptalífsins hér á landi og eftir á að hyggja með ólíkindum að hann skyldi leyfður af Fjármálaeftirlitinu og stjórnvöldum.“(23)

### Yfirskyggðir staðir

Bók Þorkels rambar sérkennilega á milli þess að vera gagnrýnið sögulegt rit, sem talar í skýrum dæmum um einstaka viðburði í samtímasögunni sem hann grípur til líkt og af handahófi, og kenningayfirlit um stjórnun. Lesandi saknar þess að hann skuli ekki hafa gert meira úr þeim. Erindi hans er siðbót: en spyrja má hvort maður með hans tengsl og sögulega þekkingu hefði ekki átt að auka þann hlut verulega á kostnað kynningar hans á sögulegri þróun stjórnunar hér á landi og í fræðunum svo mörgu sem hann tæpir á, þótt örlög Eimskipafélags Íslands séu honum þyngri í sinni en margt annað. Sýnilega eru þau ýmsu dæmi sem hann rekur af stillingu þess eðlis að þau mætti hann rannsaka betur, og tala þá hreinna út um hvaða mistök voru gerð. Er það ekki eitt af mikilvægum verkefnum framtíðarinnar að greina þær hamfarir sem gengu yfir íslenskt viðskiptalíf á nýrri öld í matador-leik banka, eigenda þeirra og liðsheilda sem þeim fylgdu í hinu nýja goðaveldi Íslands?

### Endurskoðað námsefni

Lesandi þakkar í bókarlok að innan veggja viðskiptadeildanna skuli vera menn sem vilja bærilega siðað viðskiptalíf. Var það ekki Taleb sem stóð upp í haust og sagði brýna nauðsyn að tekið yrði til í kennslugögnum viðskiptadeildanna – það væri fyrst og fremst í bissness-akademíunni sem rót vandans lægi – þar væri enn verið að kenna mönnum hvernig á að svindla með gagnlegu lagaumhverfi? Hefur það verið gert í HÍ og HR, HA og HB? Ha? Í ljósi þeirra stóru orða sem fallið hafa að undanförnu um kunnáttuleysi hinna yngri íslensku bankamanna má spyrja hvort ekki sé kominn tími á að endurreisa Bankaskólann og taka menn í endurmenntun?

Þessi þrjú verk eru aðeins upphafið. Raunar má taka með til sögunnar bók Guðmundar Magnússonar og mónograf Óla Björns um FL. Væntanlegar eru greinar Einars Más Guðmundssonar, þýskt inngangsrit um Hrunið eftir Halldór Guðmundsson, hagfræðileg úttekt Ásgeirs Jónssonar á ensku og saga Ármanns Þorvaldssonar á ensku og íslensku. Þrjár íslenskar heimildarmyndir eru í burðarliðnum auk minnst tveggja erlendra. Enda ekki öll kurl komin til grafar og undir gráu öskulaginu logandi glóð sem getur blossað upp hvenær sem er.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

SYNGJUM SAMAN Í SUMAR
Gullfalleg og stórskemmtileg söngbók fyrir börn á öllum aldri
MÁL OG MENNING
www.forlagid.is
Bókinni fylgir geisladiskur með 47 lögum




2. PRENTUN KOMIN
1. Sæti
BARNABÆKUR 02.06.09
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu
Listmunauppboð í Galleríi Fold
fer fram mánudaginn 8. júní,
kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg
Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna



Kristján Davíðsson
LISTMUNASALA fold
Verkin verða sýnd í Galleríi Fold:
laugardag 11–17, sunnudag 12–17 og mánudag 10–17
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

Nýja Ísland kynnir:

# VIÐ BORGUM VIÐ EKKI! VIÐ BORGUM EKKI

Drepfyndinn og hárbeittur gamanleikur




## Frægasti farsi Dario Fo!

### Frumsýndur í kvöld!

**Sýningar**

Lau 6/6 kl. 20. Frums. Uppselt.
Mið. 10/6 kl. 20. Örfá sæti.
Fim. 11/6 kl. 20. Örfá sæti.
Fös. 12/6 kl. 20. Örfá sæti.
Lau. 13/6 kl. 20. Örfá sæti.
Sun. 14/6 kl. 20. Örfá sæti.
Fim. 18/6 kl. 20.

Leikstjóri: Þröstur Leó Gunnarsson.
Leikmynd: Stígur Steinþórsson
Leikarar: Halldór Gylfason, Ari Matthíasson, Jóhann G. Jóhannsson, ÞrúðurVilhjálmsdóttir og Maríanna Clara Lúthersdóttir

Borgarleikhúsið

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Miðasala er í Borgarleikhúsinu í síma 568-8000 eða midasala@borgarleikhus.is

# Leiðalýsing og skemmtun um landið í sumar

Handhægar bækur í ferðalagið um Ísland sem opna þér nýja áfangastaði og leiðir í alfaraleið og um óbyggðir. Og ekki sakar að bæta við leikjabókinni *10x10 leikir*.




3.990 kr.

101 Ísland




3.690 kr.

Ferðahandbók fjölskyldunnar




3.990 kr.

Íslensk fjöll




3.490 kr.

Kortabók




1.790 kr.

10x10 leikir

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
*Bóksali frá 1872*


# Perlur og ævintýri

Sögustund.is, heimasíða sem inniheldur lesið barnaefni, verður formlega tekin í notkun í dag. Heimasíðan er hugarfóstur leikkonunnar Kristjönu Skúladóttur og mun allur ágóði hennar fyrstu tvo mánuðina renna óskiptur til SOS-barnaþorpanna á Íslandi. „Ég hef gengið með þessa hugmynd nokkuð lengi og hún hefur svo með tímanum þróast í þessa átt. Eiginmaður minn sá um uppsetningu vefjarins, en ég safnaði saman sögunum og las inn, þetta er því hálfgert fjölskyldufyrirtæki," segir Kristjana um tilurðina. Á síðunni er meðal annars að finna gömul íslensk ævintýri í bland við Grimms-ævintýri auk annarra perlna og líkt og áður hefur komið fram mun allur ágóði af sögunum renna óskipt ur til SOS-barnaþorpanna. „Mér finnst hugmyndin að baki SOS-barnaþorpunum vera stórkostleg og mig langaði að leggja þeim lið. Þetta er brýnt málefni og þó að kreppi að hérna núna þá megum við ekki gleyma öðrum á meðan," segir Kristjana og tekur fram að von er á fleiri sögum inn á vefinn í framtíðinni. „Þetta er bara byrjunin, síðan mun vaxa og dafna í framtíðinni."

Vefsíðan opnar í dag á afmælisdegi SOS-barnaþorpanna og verður afmælishóf haldið í Ráðhúsi Reykjavíkur í tilefni dagsins. „Ég vona að undirtektirnar verði góðar því við viljum reyna að styrkja SOS eins og við mögulega getum," segir Kristjana að lokum. **- sm**



**KRISTJANA SKÚLADÓTTIR** opnar síðuna sögustund.is í tilefni afmælis SOS-barnaþorpanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SJÁLFSGAGNRÝNAR** Leikhópurinn Notaðar konur er ekki hræddur við að gera grín að sjálfum sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Notaðar konur

**Notaðar konur, eða Secondhand Women, standa fyrir sýningunni Money Transformance í Hafnarfjarðarleikhúsinu um helgina. Í hópnum eru Stefanía Thors frá Íslandi, Helena Kvint frá Danmörku, og Daniela Voráckova, Halka Trešnaková og Petra Lustigová frá Tékklandi.**

Sýningin er óhefðbundin og fjallar um peninga í sínum ýmsu myndum. „Svo gerum við líka grín að þessu. Frændi minn er Björgólfur Thor," segir Stefanía. Hún segir sýninguna fulla af húmor og byggja á persónulegri reynslu. Verkið er flutt á íslensku og ensku. Sýningin bregður upp mynd af mismun þeirra sem eru uppaldir í vestrinu og þeirra í austri.Sýningin er leikin á íslensku og ensku.

„Við ákváðum að gera þessa sýningu um peninga fyrir um tveimur árum. Svo skall kreppan á og þá fengum við enn frekari ástæðu til. Vinkona mín í Danmörku missti allan sparnaðinn sinn og ég missti líka pening," segir Stefanía. „Þær okkar frá Tékklandi áttu engan sparnað til að tala um. Þær eru ekkert að tapa á þessari kreppu, heldur er alltaf kreppa í Tékklandi. Þær eru ekki búnar að missa vinnuna, þær hafa aldrei verið ráðnar."

Hópurinn, sem á bækistöðvar í Tékklandi, er fyrsti leikkvennahópurinn þar eftir byltingu. Þær eru í fyrsta skipti á Íslandi, en halda héðan til Danmerkur og Svíþjóðar. **- kbs**




ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ
ALDAR AFMÆLI 2009
CENTENNIAL 100 ÁRS JUBILÆUM

## Norrænt bókband 2009

**Ný sýning í bókasal Þjóðmenningarhússins.**

Hér sýna 89 norrænir bókbindarar verk sín. Allir bundu þeir sömu bókina, Norðanvind, hver á sinn hátt. Í bókinni eru ljóð eftir 18 norræn skáld og grafískar teikningar eftir íslenska listamenn.

Sýningin er opin alla daga kl. 11 – 17. Henni lýkur 7. ágúst nk.

ALDARAFMÆLI 2009 ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ

The Culture House – Þjóðmenningarhúsið
*National Centre for Cultural Heritage*
Hverfisgata 15 • 101 Reykjavík (City Centre)
Tel: 545 1400 • www.thjodmenning.is

Opið daglega
kl. 11.00 – 17.00
Open daily between
11 am and 5 pm.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 06. júní 2009**

### Tónleikar

**17.00 Mótettukór Hallgrímskirkju** heldur tónleika í Stykkishólmskirkju þar sem flutt verða íslensk verk og Messa fyrir tvo kóra eftir Frank Martin.

**20.00 Trúbatrixur** verða á Edinborg við Aðalstræti á Ísafirði. Aðgangur er ókeypis.

**20.30** Hljómsveitin **Kati and the elephants** heldur tónleika á Hótel Héraði við Miðvang á Egilsstöðum. Aðgangur er ókeypis.



**21.00 Megas** og **Senuþjófarnir** verða á Kaffi Rósenberg við Klapparstíg.

**21.00 Hvanndalsbræður** verða á Græna hattinum í Hafnarstræti á Akureyri. Húsið opnar kl. 20.

**21.00 Djasstónleikar** í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Píanóleikarinn Ole Kock Hansen og bassaleikarinn Mads Vinding ásamt Jóhanni Hjörleifssyni og Birni Thoroddsen, leika dönsk, íslensk og sænsk þjóðlög í bland við þekkta ameríska standarda.

**22.00 Steed Lord** heldur tónleika á Jacobsen við Austurstræti.

**00.00 Seth Sharp** og **Dj Shaft** verða á Kaffi Zimsen við Hafnarstræti.

**00.00** Stóns tribute band verður á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu.

### Sýningar

**11.00 Hafið**, sumarsýning Íslenska bútasaumsfélagsins verður opnuð í Sjóminjasafninu Víkinni, Grandagarði 8. Opið daglega kl. 11-17.

**13.00 Nesstofa við Austurströnd** opnar á nýjan leik. Þar gefst gestum kostur á að kynnast byggingarsögu Nesstofu auk þess sem þar stendur yfir sýning um sögu Lækningaminjasafns. Opið alla daga í sumar kl. 13-17. Aðgangur er ókeypis.

**15.00** Í **Borgarbókasafni** við Tryggvagötu opnar sýning á verkum ungra myndasöguhöfunda auk þess sem veitt verða verðlaun í myndasögusamkeppni sem staðið hefur yfir. Opið mán.- fim. kl. 10-19, fös. kl. 11-19 og helgar kl. 13-17.



Sýningin **„Börn í 100 ár“** þar sem saga Íslands á 20. öld er sögð út frá sjónarhóli barna í landinu, hefur verið opnuð í Safnahúsi Borgarfjarðar við Bjarnarbraut í Borganesi. Opið alla daga kl. 13-18.

### Leikrit

**13.00** og **17.00 Leikfélag Fljótdalshéraðs** sýnir barnaleikritið **„Elvis - leiðin heim“** eftir Sigurð Ingólfsson í Bragganum (við hliðina á Sláturhúsinu menningarsetri) á Egilsstöðum. Ath. ekki tekið við kortum.

### Opnanir

**14.00 Laura Valentino** opnar sýningu á grafíkverkum unnum með sérstakri ljósmyndaaðgerð í sal Íslenskrar grafíkur við Tryggvagötu 17 (Hafnarmegin). Opið fim.-sun. kl. 14-18.

**15.00 Georg Óskar Manúelsson** opnar sýningu sína **„Lollipopp“** á Café Karólínu við Kaupvangsstræti á Akureyri. Opið mán.-fim. kl. 11.30-01.. föst. og lau. kl. 11.30-03 og sun. kl. 14.00-01.

### Tónlistarhátíð

**Nútímatónlistarhátíðin Frum** á Kjarvalsstöðum við Flókagötu. Nánari upplýsingar á www.listasafnreykjavikur.is.

**14.00 Dr. Hólmfríður Garðarsdóttir** flytur erindi um yrkisefni Federico García Lorca.

**20.00 Kristjana Helgadóttir** flautuleikari og **Matthias Engler** slagverksleikari flytja Trompe l'oreille, einleiksverk og dúó fyrir flautu og slagverk eftir Henze, Sciarrino, Kondo og Ambrosini.

### Síðustu forvöð

Sýningu **Sigrúnar Guðjónsdóttur** (Rúna) í DaLÍ gallery við Brekkugötu 9 á Akureyri, lýkur á sunnudag. Opið lau. og sun. kl. 14-17.

### Dansleikir

**Greifarnir** verða á Players við Bæjarlind í Kópavogi.

***Á móti sól*** verður í Félagsheimilinu á Grundarfirði.

**Tomcraft** verður á Nasa við Austurvöll ásamt **Exos** og **Dj A.t.l.**

**Striks**-ball verður í Officeraklúbbnum á Miðnesheiði í Reykjanesbæ.

### Bjartir dagar

Hátíðin **Bjartir dagar** stendur yfir í Hafnarfirði 28. maí til 7. júní. Dagskráin í heild og nánari upplýsingar á www.hafnarfjordur.is.



**14.00** og **16.00 Lýðveldisleikhúsið** sýnir ævintýraleikritið **„Út í kött“** fyrir börn á öllum aldri í Hafnarfjarðarleikhúsinu við Strandgötu 50.

**23.00** Dansleikur með **Pöpum** og **Egó** í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Húsið opnar kl. 23.

### Myndlist

Hjá **Suðsuðvestur** við Hafnargötu í Reykjanesbæ hefur verið opnuð sýning á verkum hollenska listamannsins Klaas Kloosterboer sem nefnist „Pulp Machineries“. Sýningin er opin um helgar kl. 14-17. Aðgangur ókeypis.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 07. júní 2009**

### Sýningar

**Heimilisiðnaðarfélag Íslands** stendur fyrir Heimilisiðnaðardegi í Árbæjarsafni við Kistuhyl milli kl. 13-17. Nemendasýning verður á Kornhúsloftinu og Faldafeykissýning í Líkn. Allir sem mælta á íslenskum búningi fá frítt inn.

### Tónlistarhátíð

**Nútímatónlistarhátíðin Frum** á Kjarvalsstöðum við Flókagötu. Nánari upplýsingar á www.listasafnreykjavikur.is



**20.00** Flutt verður verkið **„Hví varð ég til meðal spegla?“** eftir **George Crumb**. Flytjendur: Kristjana Helgadóttir flauta, Gunnhildur Einarsdóttir harpa, Borgar Magnason kontrabassi, Matthias Engler slagverk og sópransöngkonurnar Þóra Einarsdóttir, Hlín Pétursdóttir og Ragnheiður Árnadóttir. Upplestur: Guðrún Eva Mínervudóttir.

### Bjartir Dagar

**Hátíðin Bjartir dagar í Hafnarfirði.** Dagskráin í heild og nánari upplýsingar á www.hafnarfjordur.is.

**13.00** Líf og fjör verður við smábátahöfnina (Flensborgarhöfn við Óseyrarbryggju) milli kl. 13 og 16. Furðufiskasýning, Kappróður, Skemmtisigling, Sirkusskólinn, Leiktæki og margt fleira.

**18.00** Rokktónleikar verða á Thorsplani í miðbæ Hafnarfjarðar. Fram koma: **Mammút, We Made God, Vicky, Ten Steps Away, Thingtak, Foreign Monkeys, Cliff Clavin, Who Knew** og **Endless Dark**. Aðgangur er ókeypis.

**20.00 Íslenski saxófónkvartettinn** leikur barokk- og endurreisnartónlist eftir m.a. J.S. Bach, D. Scarlatti og G. Gabrieli í Hafnarfjarðarkirkju við Strandgötu. Aðgangur er ókeypis.

### Tónleikar

**15.00** Í **Íþróttahúsinu í Reykjahlíð** verða hátíðartónleikar í tilefni af Kórastefnu sem hefur verið á Mývatni síðustu daga.

**16.00 Mótettukór Hallgrímskirkju** heldur tónleika í Reykholtskirkju þar sem flutt verða íslensk verk ásamt Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin.

**16.00 Chrichan Larson** sellóleikari flytur verk eftir Bach og Zimmermann á stofutónleikum Gljúfrasteins, húsi skáldsins.

**20.00** Finnski kórinn **Canzonetta Nova** flytur **„Petite Messe Solenelle“** í Langholtskirkju við Sólheima. Einsöng með kórnum syngja Hulda Björk Garðarsdóttir, Sesselja Kristjánsdóttir, Garðar Thor Cortes, og Davíð Ólafsson. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Leikrit

**15.00 Leikfélag Fljótdalshéraðs** sýnir barnaleikritið **„Elvis - leiðin heim“** eftir Sigurð Ingólfsson í Bragganum (við hliðina á Sláturhúsinu menningarsetri) á Egilsstöðum. Ath. ekki tekið við kortum.



### Myndlist

Á Sveinssafni í Krísuvík hefur verið opnuð sýningin **„Huldufólk og talandi steinar í myndheimi Sveins Björnssonar“**. Sýningin verður opin fyrsta sunnudag í hverjum mánuði yfir sumartímann kl. 13.30-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**








**Staðalbúnaður**

- Saumlaust Fílon®-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Vatnsþolnar eldhúsplötur með saumlausum köntum
- Rafhemlar
- Fjórir stuðningsfætur
- Sveif lyftikerfis þægilega sett í mittishæð
- Grjótþolnar TPO-plötur að aftan og framan
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™-öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómaðri miðju
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Structurwood-plötum
- Áfastir rúmfætur
- Þykkir állistar umhverfis vagn eða rúm
- „Posi-Lock“-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Hurðarþrep með innbyggðu geymslurými
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Nefhjól sem leggst upp
- Varadekk, festing, felgulykill og vínylhlíf fyrir varadekk
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Gagnsær vínylgluggar
- Efri eldhússkápar velta ekki en sveiflast með fullri geymslugetu
- Djúpur postulínsvaskur
- 3 gashellur
- 9 kg LP-gaskútur og vínylhlíf fyrir gasgeymi
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- Þétt svampdýna með áklæði
- 53 l gasískápur
- 25 ampera straumbreytir með hleðslutæki
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Útiljós
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Fóðruð tjöld fyrir gluggum og rúmum
- Skrautkappi allan hringinn
- Truma®-gashitari

**Aðrar upplýsingar**

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2008 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Heildarlengd | 508 cm (10 fet) |
| Heildarbreidd | 226 cm |
| Hæð að innan | 203 cm |
| Eigin þyngd | 805 kg |
| Heildarþyngd | 1356 kg |

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

## > GEIMFARAR HJÁ LOUIS VUITTON

Lúxusvörufyrirtækið **Louis Vuitton** hefur iðulega notast við stjörnur í auglýsingaherferðum sínum. Um þessar mundir eru það geimfarar sem sitja fyrir á ljósmyndum **Annie Liebovitz,** þeir **Buzz Aldrin, Neil Armstrong** og **Jim Lovell.** Sjáið dýrðina á www.louisvuittonjourneys. com

# stíll

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



**Geggjað fjólublátt bikiní** í anda sjöunda áratugarins frá Myla. Fæst í Systrum, Laugavegi.



**Pæjugleraugu frá Christian Dior** fyrir kynþokkafulla ritarann sem blundar í okkur öllum. Fást hjá Gleraugnasmiðjunni.



**„Gladiator"-sandala** fyrir sumarið eins og Kate Moss er í. Fást í Gallerí Evu, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Einfalt og þægilegt*

Á sjöunda áratugnum varð Edie Sedgwick fræg fyrir klæðaburð sinn sem einkenndist af svörtum sokkabuxum, leikfimisbol, síðum antík eyrnalokkum og gömlum pelsum. Einfalt útlit sem krafðist ekki mikillar úthugsunar en var þrælflott á henni. Flestar viljum við einmitt geta litið vel út án þess að klæða okkur upp í flóknar múnderingar. Fötin eiga að klæða konuna en ekki konan fötin sagði einhver spekingur en mér finnst slíkt oft gleymast þegar ég sé tískuskvísur á öldurhúsum bæjarins. Það missir einhvern veginn marks að vera í ógurlega víðri og flippaðri flík í öllum regnbogans litum ef hún hylur algerlega persónuleika manneskjunnar sem er einhvers staðar inni í henni, og hver er tilgangurinn með að skarta dásamlega fögrum og viðkvæmum háhæluðum skóm úr fínustu skóbúðum borgarinnar til að vera í á dansgólfi þar sem enginn sér þá og þeir eru iðulega traðkaðir í spað? Best klæddu konur heims hafa í gegnum tíðina einmitt verið þær konur sem hafa kunnað að klæðast flíkum sem virkilega klæða þær og ýta undir þokka þeirra og persónuleika í stað þess að kaffæra hann.

En svo við snúum okkur aftur að hinni fallegu en ógæfusömu Sedgwick þá voru einföld leikfimisföt og einfaldir kjólar oftast uppistaðan í fataskápnum hennar. Undanfarin ár hafa leggings, ein þægilegasta flík sem hægt er að ganga í, tröllriðið öllu og mér sýnist ekkert lát vera þar á. Í sumar geta leggings aftur verið uppistaðan í garderóbunni og það er mesta furða að það sé ekki til American Apparel-búð hér í borginni til að nálgast þær allra bestu. Leggings skáka þröngum gallabuxum í þægindum og svo er hægt að klæða sig í rokkaðar útgáfur eins og þær sem eru úr leðurlíki eða jafnvel háglansaplasti. Það eina sem er klárlega ekki mjög töff er þegar konur voru farnar að nota leggings undir pils í stað sokkabuxna og svo jafnvel í flatbotna sandölum við. Leggings á í raun að nota eins og buxur og þá aðeins við stutta kjóla og síða toppa eða stuttermaboli. Háir hælar eða stígvél eru svo ómissandi við. Um þessar mundir er líka hægt að finna bráðsniðugar gallaleggings í verslunum eins og Zöru, Topshop og Gyllta kettinum sem eru í raun bara þægilegri og kynþokkafyllri útgáfa af gallabuxunum sjálfum.



**ULL** Græn stutt ullarkápa með stórum hnöppum hjá Yigal Azourel.



**DRAPPLITT** Kvenleg stutt ullarkápa frá Diane Von Furstenberg.

## KÁPUR Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM

# Flottar, hlýjar og kósí

Hönnuðir vestra sýndu frumlega takta þegar kom að kvenmannsyfirhöfnum fyrir næsta vetur. Snið voru gjarnan víð og dramatísk og litir notaðir óspart. Það er ljóst að næsta haust gengur næstum því hvaða litasamsetning eða snið sem er, nema kannski að þröngu einföldu sniðin séu alveg dottin út af tískukortinu. Mynstur, pelsar og pelskragar voru einnig vinsælir ásamt beltum í mittið og skemmtilegum smáatriðum eins og hliðarhnöppum og rennilásum. **- amb**



**MÓNÓKRÓM** Falleg svört/hvít kápa með rennilásum frá Matthew Williamson.



**SKEMMTILEG** Lífleg stutt kápa í svörtu og hvítu frá Diane Von Furstenberg.



**KÖFLÓTT** Smart rauðköflótt hneppt kápa frá Yigal Azourel.




# Stökktu til Mallorca

10. eða 24. júní - 2 vikur

frá kr. 64.990



Kr. 64.990

Netverð á mann, m.v. 2-4 í herbergi / stúdíó / íbúð í 14 nætur. Stökktu tilboð 10. júní. Aukalega m.v. brottför 24. júní kr. 5.000.

**2 vikur - allra síðustu sætin!**

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á síðustu sætunum til Mallorca 10. og 24. júní í 2 vikur. Þú bókar sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins í sumarfríinu á þessari einstöku sumarleyfisperlu á ótrúlegum kjörum.

Ath. bjóðum einnig frábær sértilboð á nokkrum af vinsælustu gististöðum okkar á Mallorca. Nánar á www.heimsferdir.is.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# fólk

folk@frettabladid.is

*„Ef það er eitthvað sem ég þoli alls ekki, þá er það rokkstjarna sem heldur að hún sé klár. Þær eru alltaf svo fjandi litlausar.“*

**IGGY POP**
**Lítur niður á hljómsveitir eins og Limp Bizkit og Smashing Pumpkins.**



*„Þú getur ekki keypt þér hamingju. Þú kaupir nógu stóra snekkju svo þú getir siglt beint upp að henni.“*

**JOHNNY DEPP**
**Finnur hamingjuna á einkaeyju í Karíbahafinu og risasnekkjunni sinni.**



*„Þessi orðrómur hjálpar ekki við að fá stefnumót. Ég er meira fyrir strákana. Ég verð upp með mér þegar stelpur reyna við mig og það er æsandi, en ég er fyrir stráka.“*

**KELLY CLARKSON**
**Þvertekur fyrir sögusagnir um að hún sé lesbía.**





**SKAKKAMANAGE** Nýjasta plata Skakkamanage er komin út í Evrópu.

## Útgáfa víða um Evrópu

**Útgáfufyrirtækið Kimi Records gaf út sínar fyrstu plötur á evrópskum markaði á föstudag þegar Murta St. Calunga með Benna Hemm Hemm og All Over the Face með Skakkamanage komu út á geisladiski og rafrænu formi. Í júlí koma svo þessar sömu plötur út á Bandaríkjamarkaði auk þess sem The Blood með Reykjavík! kemur út í Evrópu. Hún kemur svo út í ágúst á Bandaríkjamarkaði. Plata Sudden Weather Change, Stop! Handgrenade In The Name Of Crib Death 'nderstand?, kemur út á sömu mörkuðum í september.**



**ALSÆLAR Í BÆJARVINNU** Huld, Rannveigu og Stefaníu finnst æðislegt að vinna úti. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## VINNA FORRÉTTTINDI

**Unglinga- og bæjarvinnan er vel sótt í ár, enda hart í ári fyrir námsmenn á öllum aldri. Fréttablaðið skellti sér út í blíðuna og ræddi við nokkra starfskrafta Bæjarvinnu Seltjarnarness.**

„Það er ótrúlega góður mórall hérna og maður þekkir alla,“ segir Rannveig Anna Guðmundsdóttir. Hún, Huld Haraldsdóttir og Stefanía Dögg Jóhannesdóttir eru sérhæfðar í þökulagningu á Nesinu. „Við erum ótrúlega mörg í ár,“ segir Stefanía. „Vanalega erum við um 40 en í ár fengu 120 störf.“ Þær segjast heppnar að búa á Seltjarnarnesi en mörgum umsækjendum í Reykjavík var vísað frá og þær láta vel af starfinu. „Það er frábært að fá að vera úti, sérstaklega ef það er gott veður,“ segir Rannveig. En hvað hefðu þær gert á daginn ef þær hefðu ekki fengið bæjarvinnuna? „Við hefðum ekki verið með neina dagvinnu,“ segir Huld. „Ætli maður hefði ekki bara sofið út, farið í sund og gert ekki neitt. Það hefði verið ömurlegt,“ segir Stefanía. Eru krakkarnir þá almennt þakklátir fyrir að fá að slá og raka gras, tína rusl og legga þökur? Rannveig er fljót að svara og hinar taka undir: „Mjög þakklátir. Þetta er æðislegt.“

**- kbs**






# Opið hús

**í Menntaskólanum í Reykjavík fyrir 10. bekkinga og forráðamenn þeirra verður sunnudaginn 7. júní kl. 14-17.**

**Innritun í Menntaskólann í Reykjavík stendur yfir til 11. júní.**

**Nemendur sækja rafrænt um skólavist.**

**Á heimasíðu skólans, www.mr.is, má finna frekari upplýsingar um nám og starf í skólanum.**

*Reynslan sýnir að nám í Menntaskólanum í Reykjavík er traustur grunnur fyrir nám á háskólastigi.*

**Þar kynna kennarar og nemendur skólann.**

**Allir eru hjartanlega velkomnir.**

**Rektor**

**Nemendur velja um tvær meginnámsbrautir með fjölbreyttum kjörsviðum:**

**Málabraut**
*2 nýmáladeildir*
*2 fornmáladeildir*

**Náttúrufræðibraut**
*2 eðlisfræðideildir*
*2 náttúrufræðideildir*



*Menntaskólinn í Reykjavík, Lækjargötu 7, 101 Reykjavík*


## Kitty til liðs við Agent Fresco

„Ég er búin að vera að skipuleggja þetta síðustu fjóra mánuði,“ segir Kitty von Sometime, forsprakki Weird Girls Project, um tökur á tónlistarmyndbandi sem fer fram í dag fyrir hljómsveitina Agent Fresco.

Stelpurnar koma fram í myndbandinu sem er við lagið Eyes of a Cloud Catcher, en eins og í flestum verkefnum Weird Girls Project vita þær ekki hvar tökurnar munu fara fram né hvað verður gert á staðnum. „Meginatriðið í þessu eru óvænt viðbrögð stelpnanna,“ segir Kitty.

Kitty á von á sínu fyrsta barni með söngvaranum Daníel Ágústi Haraldssyni í byrjun september. Aðspurð segir hún það hafa lítil áhrif á vinnuna. „Mér líður vel og ég held að tökurnar á myndbandinu séu akkúrat á réttum tíma, nú þegar morgunógleðin er búin og áður en ég verð of þung á mér,“ segir Kitty, sem er búin að elda fyrir alla sem verða á tökustað, um 45 manns. „Ég gerði meðal annars kjúklingavængi, pitsur og kúskús. Þetta er liður í því að fá fólk til að vinna vel,“ bætir hún við og brosir.

**- ag**



**Í ERLENDUM TÍMARITUM** Fjallað hefur verið um Weird Girls Project víða, en Kitty fór nýverið í viðtal við hið virta tímarit Dazed and Confused sem ætlar að birta myndir frá tökustað í næsta blaði.


Fíton/SÍA
Risa frelsi!
Þú hefur aldrei upplifað annað eins
0 kr. innan kerfis, 5 vinir óháð kerfi,
1000 SMS og inneign fylgir
Kynntu þér málið á vodafone.is eða hringdu í 1414
Ekki sætta þig við neitt minna
Lifðu núna
vodafone
Fyrir 990 kr. færð þú 5 vini óháð kerfi og 500 kr. inneign.
Fyrir 1.990 kr. færð þú 1000 SMS óháð kerfi, 1.990 kr. inneign og hringir fyrir 0 kr. innan kerfis.
Fyrir 2.990 kr. færð þú 5 vini og 1000 SMS óháð kerfi, 2.500 kr. inneign og 0 kr. innan kerfis.

# Vill hitta drottninguna



**TEBOÐ Í HÖLLINNI** Britney Spears dreymir um að fara í teboð til drottningarinnar.

Britney Spears er nú stödd í London þar sem hún heldur átta tónleika í O2-höllinni. Dagskrá söngkonunnar er mjög stíf í kringum tónleikana, en hún vill helst ekki fara úr landi fyrr en hún hefur náð að hitta Elísabetu Englandsdrottningu.

Samkvæmt heimildum breska blaðsins The Sun hefur Britney, sem er 27 ára, mikið dálæti á konungsfjölskyldunni og dreymir um að fara í teboð í Buckinghamhöllinni til hinnar 83 ára drottningar með sonum sínum, Sean og Jayden.

# Risavaxin tónleikaferð

**Strákabandið Take That er að hefja stærstu tónleikaferð sögunnar í Bretlandi og á Írlandi. Sveitin spilar fyrir meira en milljón áheyrendur á tuttugu tónleikum á hinum ýmsu fótboltaleikvöngum.**

**Þetta er meiri fjöldi en hlýddi á tónleika Michaels Jackson árið 1988 og stórar tónleikaferðir sem U2 og Rolling Stones hafa farið í. Aðdáendur Take That hafa greitt um tíu milljarða króna í miðaverð til að sjá goðin sín. Fleiri þekktir flytjendur eru á leiðinni í tónleikaferðir um Bretland í sumar, þar á meðal Oasis, Michael Jackson, Britney Spears, Coldplay og Madonna.**

# Jói Hjartar teflir í Djúpavík

**Skáktrúboð Hrafns Jökulssonar er þekkt. Nú slær hann tvær flugur í einu höggi: Minnist bóndans þar sem hann var í sveit og stefnir snillingum í skákinni vestur.**



**GUÐMUNDUR HEITINN MEÐ ÞEIM BRÆÐRUM HRAFNI OG ILLUGA** Báðir voru þeir í sveit hjá Guðmundi í Stóru-Ávík og nú efnir Hrafn til minningarmóts um hann.

„Guðmundur í Stóru-Ávík var einstakur maður, sem öllum þótti vænt um. Hann var með allra skemmtilegustu mönnum sem ég hef kynnst,“ segir Hrafn Jökulsson, sem stendur að skákhátíð í Árneshreppi 19.-21. júní, sem helguð er minningu Guðmundar Jónssonar frá Stóru-Ávík. Guðmundur lést í vor, 63 ára að aldri.

Hrafn er löngu kunnur fyrir að koma skáklistinni rækilega á kortið aftur eftir mögur ár, (frá því æðið var og hét um og eftir heimsmeistaraeinvígi Spasskís og Fischers), með mótahaldi og þegar hann stýrði skákklúbbnum Hróknum frá stofnun til Íslandsmeistaratitla. Þótt Hrafn hafi nú um nokkurt skeið verið búsettur í Trékyllisvík norður á Ströndum er skáktrúboði hans hvergi nærri lokið. Minningarmótið sem haldið verður í Djúpavík verður öflugt og sjálfur Jóhann Hjartarson, stigahæsti meistari íslenskrar skáksögu, verður meðal keppenda. Og fleiri snillingar hafa boðað komu sína: Henrik Danielsen og Þröstur Þórhallsson, alþjóðameistararnir Arnar Gunnarsson og Björn Þorfinnsson, Róbert Harðarson FIDE-meistari og Gunnar Björnsson, forseti Skáksambandsins. Vonir standa til að Djúpavíkurmeistarinn 2008, Helgi Ólafsson, verði með, auk þess sem von er á áhugamönnum á öllum aldri og úr öllum áttum. Hrafn bendir á að mótið sé öllum opið og þátttaka ókeypis og hvetur menn eindregið til að skrá sig.

Hrafn var í sveit hjá Guðmundi og rifjaði þau ár upp í bókinni Þar sem vegurinn endar. „Þótt Guðmundur gæti verið harður húsbóndi var gleðin alltaf örstutt undan,“ segir Hrafn. „Það var oft teflt í Stóru-Ávík og Guðmundur var snjall skákmaður. Það hefði verið honum að skapi að efna til skákveislu og skemmtunar, og ég vona að sem allra flestir heimsæki okkur í landsins fegurstu sveit af þessu tilefni.“

jakob@frettabladid.is

# Bleikjan hverfur úr íslenskum ám

„Bleikjan er að hverfa og verður horfin eftir nokkur ár. Þetta er skelfilegt,“ segir einhver helsti stangveiðifrömuður landsins – Gunnar Bender, ritstjóri Sportveiðiblaðsins.

Sportveiðiblaðið var að koma út, stútfullt af athyglisverðu efni fyrir sportveiðimenn. Gunnar ritar inngangsorð og þar segir hann sjálfa bleikjuna í hættu. Hann fullyrðir að hún verði horfin með öllu eftir nokkur ár. Og vert er að gefa því gaum sem Gunnar hefur um þetta að segja en hann hefur nú verið forfallinn stangveiðimaður í 33 ár og hefur ritstýrt Sportveiðiblaðinu í 28 ár. „Það er sótt að bleikjunni úr öllum áttum. Það er þessi flundruviðbjóður [sem étur seiðin] sem er kominn í margar ár og svo hlýindin sem hafa mikil áhrif á bleikjuna,“ segir Gunnar og nefnir sláandi tölur máli sínu til stuðnings. Bleikjuveiðin hefur verið að detta niður á undanförnum árum.



GUNNAR BENDER

Gunnar talar um hrun. Það telur Gunnar Bender það ekki verða til mikillar hjálpar að í kreppunni eru litlar líkur taldar á því að veiðimenn sleppi bráð sinni eins og færst hefur í vöxt á undanförnum árum. „Vonandi verður stóra fisknum sleppt. En þessi litli – hann verður allur drepinn. Þetta hef ég verið að heyra.“

Í nýju Sportveiðiblaði, sem kemur út tvisvar á ári og er prentað í fjögur þúsund eintökum, er söngvarinn Pálmi Gunnarsson fyrirferðarmikill bæði í grein um veiði á Grænlandi og svo er langt viðtal við hann.



**BLEIKJAN AÐ HVERFA** Gunnar segir að nú á krepputímum sé ekki líklegt að bleikjunni verði sleppt.

- jbg




PIPAR • SÍA • 90972

Kristjana Samper

Listsýning

Ljósafossstöð við Sog

Sýningin verður opnuð laugardaginn 6. júní kl. 15.
Verið velkomin. Opið alla eftirmiðdaga í sumar.

Búrfellsstöð
Kynning á stöðinni og orkumálum.
Gestamóttakan opnuð laugardaginn 6. júní.
Opið alla eftirmiðdaga í sumar.

Fyrrum íbúar við Sog og Búrfell hittast í stöðvunum og rifja upp gamla tíma kl. 14.
Allir áhugasamir velkomnir.

Nánari upplýsingar um opnunartíma og sýningar í stöðvum í sumar eru á www.landsvirkjun.is og í síma 515 9000.

Landsvirkjun
Árangur fyrir alla




VÆNTANLEG Á NÆSTU DÖGUM







SJÁÐU FLEIRA

# VANDAÐIR LYKLAR AÐ FRÁBÆRU FRÍI
# Ómissandi og ódýrar ferðabækur










FINNDU MEIRA










NJÓTTU BETUR

**KYNNSTU LANDINU ÞÍNU BETUR – UPPGÖTVAÐU PERLUR ÍSLANDS**

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

# Ótakmörkuð erlend tónlist

**Lagaúrvalið á síðunni Tónlist.is hefur verið aukið úr 50 þúsund lögum í 2.500.000 lög eftir að samningar náðust við erlenda útgáfurisa.**



ENGILBERT HAFSTEINSSON Framkvæmdastjóri D3 er hæstánægður með samningana sem hafa náðst við erlendu útgáfurisana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tónlist.is hefur náð samningum við erlendu útgáfurisana Universal, SonyBMG, Warner og EMI, auk smærri aðila sem felur í sér að loksins geta Íslendingar sótt sér erlenda tónlist á Netinu með löglegum hætti.

„Við erum mjög spenntir enda tveggja ára vinna að baki. Við erum allir orðnir gráhærðir og skeggjaðir en loksins er þetta komið og það er nett spennufall,“ segir Engilbert Hafsteinsson, framkvæmdastjóri D3, sem rekur Tónlist.is.

Breytingin felur í sér að notendur síðunnar geta nú valið um að hlaða erlendri tónlist niður til eignar, t.d. fyllt á iPod, eða greitt eitt áskriftargjald og hlustað á tónlist í tölvunni eða í farsímanum. Núna geta notendur sem sagt dreift tónlistinni um hina ýmsu miðla án þess að greiða oftar en einu sinni fyrir hana. „Á gamla mátann þurfti að kaupa tónlistina kannski fimm sinnum en núna geta menn keypt hana einu sinni óvarða og gert það sem þeir vilja við hana. Við erum eiginlega með þeim fyrstu í heiminum sem erum að bjóða upp á svona,“ segir Engilbert. Borgi menn til dæmis 2.700 króna áskriftargjald á mánuði geta þeir fengið ótakmarkaðan aðgang að innlendu og erlendu efni og gert hvað sem þeir vilja við það. „Fyrir andvirði eins geisladisks geturðu fengið þá alla,“ segir Engilbert.

Erlend útgáfufyrirtæki hafa hingað til viljað læsa tónlist sinni til að henni yrði ekki dreift út um allt. Sú hugmyndafræði virðist nú vera að syngja sitt síðasta og má segja að menn hafi játað sig sigraða í baráttunni við netverja sem dreifa tónlist á ólöglegan hátt á Netinu.

Engilbert telur að draga muni úr ólöglegu niðurhali á erlendri tónlist með breytingunum. „Svarið við ólöglegu niðurhali er að vera með nógu gott aðgengi á sanngjörnu verði.“ Bætir hann við að meira öryggi felist í því að kaupa tónlist á löglegan hátt. Bæði séu vírusar úr sögunni og gæðin oftast töluvert betri.

Yfir fimmtíu þúsund notendur eru skráðir hjá Tónlist.is. Tvöföldun varð í sölu á síðunni á milli áranna 2007 og 2008. „Við erum hvergi nærri hættir og vefurinn er í stöðugri þróun,“ segir Engilbert.

freyr@frettabladid.is

# Semja um Conan eða Leno

Óvíst er hvort nýr kvöldþáttur Conans O´Brien verði sýndur á Skjá einum. Hugsanlega verður í staðinn sýndur nýr þáttur forvera hans í Tonight Show, Jay Leno, sem nefnist einfaldlega The Jay Leno Show.

„Við erum í samningaviðræðum við NBC. Það kemur í ljós í haust hvort það verður Conan eða Leno,“ segir Kristjana Thors Brynjólfsdóttir, dagskrárstjóri Skjás eins. „Við viljum fá að vita meira um hvernig Leno-þátturinn verður og líka hvernig Conan verður. Leno fer ekki í loftið fyrr en í haust en hann verður með Jaywalking og sumt af þessu sem hefur verið í þættinum hans.“



CONAN O´BRIEN Óvíst er hvort nýr kvöldþáttur Conans O´Brien verði sýndur á Skjá einum í haust.

Að sögn Kristjönu hefur Skjár einn fengið fjölda fyrirspurna, bæði frá Leno- og Conan-aðdáendum, sem vilja fá sinn mann á Skjáinn. „Þeir sem vilja halda í það gamla geta fengið það í Leno en þeir sem vilja tilbreytinguna hafa verið að bíða eftir Conan,“ segir hún. „En við getum ekki verið með báða og verðum því að velja annan hvorn.“ Hvorki Conan né Leno verða því á Skjá einum í sumar. Í staðinn verður sýndur þátturinn Penn & Teller: Bullshit þar sem háðfuglarnir Penn og Teller reyna að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum. - fb





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 8D - 10:30D | 12 |
| MANAGEMENT | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| ADVENTURELAND | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) -5:50(3D) | L |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| HANNAH MONTANA | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| STAR TREK XI | kl. 8 - 10:30 | 10 |
| STAR TREK XI | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 2 - 4 | L |
| BEVERLY HILLS CHIHUAHUA m/ísl.tali | kl. 1:30 | L |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl.tali | kl. 1:30 | L |
| NEW IN TOWN | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER Forsýning | kl. 10 | 12 |
| MANAGEMENT | kl. 6 - 8:10 - 10:20 | 10 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 6:10 - 8 | L |
| ADVENTURELAND | kl. 8:10 - 10:20 | 12 |
| CORALINE 3D m/ísl.tali | kl. 2(3D) - 4(3D) | L |
| CORALINE 3D m/ensku tali | kl. 6(3D) | L |
| HANNAH MONTANA | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| LOFTLEIÐIR | kl. 3:30D síð sýningarhelgi | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 1:30D | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE HANGOVER Forsýning | kl. 10 | 12 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 6 - 8 | L |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| HANNAH MONTANA | kl. 4 - 6 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 4 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HANGOVER Forsýning | kl. 10 | 12 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 8 | L |
| HANNA MONTANA | kl. 4 | L |
| STAR TREK XI | kl. 5:40 | 7 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl.tali | kl. 4 - 6 | L |
| LAST HOUSE ON THE LEFT | kl. 8 | 16 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 10 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR SALVATION | kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:20 | 14 |
| THE HANGOVER Forsýning | kl. 10 | 12 |
| GOTT SILFUR GULLI BETRA | kl. 8 | L |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 5:30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3 | L |

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU
SparBíó 850kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU

NÝTT Í BÍÓ!







SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TERMINATOR: SALVATION LÚXUS | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 1 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10.50* | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 1 - 3.20 - 10.20 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 1 | L |

* Aðeins laugardag

AUKAKRÓNUR 5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 3.30 - 6 - 9 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| THE BOAT THAT ROCKED | kl. 10 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 - 6 - 8 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 2.30 - 5.30 - 8.30 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| BOAT THAT ROCKED | kl. 3 - 8 | 12 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 5.40 - 10.40 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| TERMINATOR: SALVATION | kl. 3.40 - 5.50 - 8- 10.10 | 12 |
| NIGHT AT THE MUSEUM 2 | kl. 3.40 - 10.15 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 5.30 - 8 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HOME | kl. 5.30 | L |
| TERMINATOR SALVATION | kl. 5.45, 8 og 10.15-POWER | 14 |
| CORALINE 3D - Ísl.tal | kl. 1.30(850kr.) og 3.30 | L |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 1.30(550kr.), 3.45 og 8 | L |
| ANGELS & DEMONS | kl. 4, 7 og 10 | 14 |
| MÚMÍNÁLFARNIR | kl. 2(550kr.) - Ísl. tal | L |
| 17 AGAIN | kl. 10 | L |

SparBíó SAMbio.is SAMBÍÓIN




CORALINE ísl tali digital þrívídd kl. 1:30 í Álfabakka og kl. 2 í kringlunni

HANNAH MONTANA ísl tali kl. 1.30 í Álfabakka og í Kringlunni

STÍGVÉLAÐI KÖTTUR ísl tali kl. 2 í Álf. og 1.30 í Kringl. kl. 4 á self, ak.

CHIHUAHUA M/ÍSL TALI kl. 1.30 í Álfabakka

MONSTERS VS ALIENS M/ÍSL TALI kl. 1.30 í Álfabakka

TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ






S·K·Í·F·A·N
Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is




## TÓNLIST



















## DVD







**100 BESTU PLÖTUR Íslandssögunnar**

Fást í Skífunni

## TÖLVULEIKIR






## > Sundkeppni lokið á Smáþjóðaleikunum

Íslenska sundfólkið var í miklum ham á Smáþjóðaleikunum á Kýpur en keppni í sundi lauk í gær. Afraksturinn var 17 gullverðlaun, 12 silfurverðlaun og 6 bronsverðlaun. Þá settu íslensku keppendurnir aragrúa leikjameta ásamt því að setja fimm Íslandsmet. Að auki jafnaði Ragnheiður Ragnarsdóttir Íslandsmet sitt í 50 metra skriðsundi í fyrradag. Hrafnhildur Lúthersdóttir (mynd) sló Íslandsmetið í 200 metra bringusundi.



**sport**
sport@frettabladid.is

**KRISTINN JAKOBSSON:** DÆMIR LANDSLEIK KASAKSTANS OG ENGLANDS Í DAG

## *Englendingarnir eru mesta áskorunin*

Kristinn Jakobsson mun í dag takast á við sitt stærsta verkefni á ferlinum að eigin sögn þegar hann dæmir leik Kasakstans og Englands í undankeppni HM 2010.

„Ég held að maður fái varla að dæma hjá frægara liði en enska landsliðinu," sagði Kristinn í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er því virkilega spennandi verkefni."

Hann segist þó nálgast leikinn eins og flesta aðra. „Það verða án nokkurs vafa ellefu leikmenn í hvoru liði," sagði hann í léttum dúr. „En undirbúningurinn er búinn að vera mjög góður. Við erum fjórir saman í för og höfum dæmt nokkuð marga leiki saman. Við þekkjumst því nokkuð vel og erum vel einbeittir fyrir verkefnið."

Hann segist engar áhyggjur hafa af því að stórstjörnurnar frá Englandi láti sér fátt finnast um dómara frá Íslandi þar sem tímabilið er nýhafið.

„Mitt tímabil hefur talið tólf mánuði undanfarin 2-3 ár. Þeir vita að við erum vel undirbúnir og verðugir að takast á við þetta verkefni."



Umræða um dómara frá löndum með sumardeildir komst af stað á ný eftir að Norðmaðurinn Tom Henning Øvrebø var harkalega gagnrýndur eftir að hann dæmdi síðari undanúrslitaleik Chelsea og Barcelona í Meistaradeildinni.

„Mér fannst sú umræða öll á mjög lágu plani. Dómarar í Evrópu eru með lengra tímabil en aðrir og það á líka við um dómara frá Norðurlöndunum. Við á Íslandi erum búnir að dæma 1-2 leiki í viku síðan um áramótin og erum þannig alveg fram í desember. Dómarar standa sig einfaldlega misjafnlega."

Hann segist þó vera stressaður fyrir þennan leik, rétt eins og alla aðra. „Ég tel að ég myndi lenda í vandræðum ef stressið væri ekki til staðar. Ég er með fiðrildi í maganum fyrir hvern einasta leik. Þessi leikur verður vissulega stór á mælikvarða íslenskra dómara og það er engin spurning að þetta er stærsta verkefnið sem ég hef tekist á við. Þegar öllu er á botninn hvolft eru ellefu leikmenn í hvoru liði – flóknara er það ekki."



**BIRGIR LEIFUR** Komst í gegnum niðurskurðinn á Opna velska.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Birgir Leifur Hafþórsson:

## Komst í gegnum niðurskurð

**GOLF** Atvinnukylfinginn Birgir Leifur Hafþórsson úr GKG lék sinn annan hring á Opna velska mótinu í golfi í gær og komst í gegnum niðurskurðinn.

Birgir Leifur lék á tveimur höggum yfir pari Celtic Manor vallarins og það dugði til en grunninn að árangrinum lagði hann í fyrradag þegar hann lék fyrsta hringinn á tveimur höggum undir pari. Hann var því samanlagt á pari.

Útlitið var ekki gott um tíma á hringnum hjá Birgi Leifi í gær þar sem hann var um tíma á fjórum höggum yfir pari en hann bjargaði sér fyrir horn með því að fá tvo fugla á síðustu fjórum holunum.

Meðal annarra kylfinga sem komust í gegnum niðurskurðinn í gær voru gömlu refirnir Colin Montgomerie frá Skotlandi og Thomas Björn frá Danmörku. - óþ



**CAPELLO** Lætur vel heyra í sér ef til þarf.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Fabio Capello:

## Engar afsakanir teknar gildar

**FÓTBOLTI** Fabio Capello, landsliðsþjálfari Englands, var ákveðinn á blaðamannafundi fyrir leikinn gegn Kasakstan í undankeppni HM 2010 í dag og sagði að engar afsakanir yrðu teknar gildar, aðeins sigur og ekkert múður.

„Ef leikmennirnir eru þreyttir og vilja fara í sumarfrí, þá er það engin afsökun. Þeir verða bara að mæta tilbúnir í leikinn og við verðum að taka öll stigin sem í boði eru. Þetta er ekkert flókið," sagði Capello ákveðinn í gær.

Englendingar eru fyrir leiki dagsins í toppsæti 6. riðils með fullt hús stiga en Króatar eru í öðru sæti, fimm stigum á eftir þeim. - óþ

# Hefur ekki afskrifað annað sætið

**Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari hefur trú á því að íslenska landsliðið geti gert Hollandi skráveifu. Hann segist vera að vinna í því að fá leikmenn til þess að trúa því líka. Hann hefur ekki gefið upp vonina um að ná öðru sæti riðilsins og trúir því að hagstæð úrslit í dag muni hjálpa liðinu mikið í framhaldinu.**

**FÓTBOLTI** Ísland tekur á móti einu besta landsliði heims, Hollandi, á Laugardalsvelli í kvöld. Það velkist enginn í vafa um að það verður við ramman reip að draga gegn flinkum og skæðum Hollendingum en þrátt fyrir það er landsliðsþjálfarinn, Ólafur Jóhannesson, tiltölulega bjartsýnn.

„Ég er bjartsýnn fyrir alla leiki en eðlilega gerum við okkur grein fyrir því að við erum að mæta hörkuliði. Miði er samt alltaf möguleiki og ég held að það sé möguleiki núna," sagði Ólafur nokkuð sannfærandi.

**Trúi að þeir muni vanmeta okkur**

„Hollendingar geta tryggt sér sæti á HM með sigri á okkur og leggja þar af leiðandi kannski aðeins meira upp úr leiknum. Að sama skapi vonast ég til þess að þeir muni vanmeta okkur. Tímabilið er búið hjá þeim og kannski eru þeir aðeins búnir að stimpla sig út úr fótboltanum.

Ég hef trú á því að þeir vanmeti okkur og það er styrkur fyrir okkur. Í kjölfarið er ágætis lag fyrir okkur að gera einhverja hluti í þessum leik," sagði Ólafur en verður ekki erfitt fyrir hann að fá menn til þess að trúa á sigur gegn liðinu sem er í öðru sæti styrkleikalista FIFA?

„Jú, að sjálfsögðu. Ég hef sagt við leikmennina að þeir verði að trúa, ef trúin er engin þá vinnum við ekki leiki. Við höfum verið að vinna í því að menn hafi trú á því sem þeir eru að gera því við þjálfararnir trúum því að það sé hægt að vinna þessi lið. Til að það gangi eftir þarf ansi mikið að ganga upp en af hverju getur það ekki gerst eins og hvað annað?" spurði Ólafur sposkur á svip.

**Verð að smita menn af þeirri trú að þeir geti unnið**

„Það er draumur allra leikmanna að spila á móti svona sterkum liðum og það ætti að gefa mönnum kraft. Það er síðan ekki verra að eygja smá möguleika eins og ég tel okkur hafa. Það sem ég get gert er að smita menn af þeirri trú sem ég hef að það sé hægt að gera góða hluti í þessum leik."



**YFIRVEGAÐUR** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari sést hér ásamt Kristjáni Erni Sigurðssyni á landsliðsæfingu fyrr í vikunni. Ólafur segir að Ísland verði að fá eitthvað út úr leiknum í dag.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þó svo að margir telji leikinn fyrir fram tapaðan er ljóst að mikið er undir fyrir íslenska liðið, en stig í þessum leik gæti reynst mikilvægt þegar upp er staðið í baráttunni um annað sæti riðilsins.

„Ég hef ekki afskrifað annað sætið. Á meðan það er enn möguleiki leggjum við okkur fram. Ég tel mjög mikilvægt að fá fínan leik og fín úrslit í þessum leik upp á framhaldið. Við höfum lent í leiðindaleikjum gegn Skotum þar sem við vorum spældir að uppskera ekki neitt en við töldum okkur eiga meira skilið en við fengum. Góð úrslit myndu gefa leikmönnum mikið og hjálpa okkur í framhaldinu."

**Sóknarleikurinn er hausverkur**

Flestir geta verið sammála um að spilamennska landsliðsins hafi batnað mikið undir stjórn Ólafs en úrslitin hafa látið á sér standa. Varnarleikurinn hefur oftast verið ágætur en sóknarleikurinn hefur valdið vonbrigðum og oftar en ekki verið langt frá því að vera nógu beittur.

„Það er rétt og það er það sem við höfum verið að fá menn til að trúa og þora, að koma hærra á völlinn. Það hefur verið basl á því, það verður að segjast eins og er," sagði Ólafur, sem er þokkalega sáttur við gengið undir hans stjórn.

„Ég get vel viðurkennt að ég var svekktur eftir Skotaleikinn. Þeir skora úr hornum sem við eigum ekki að gefa en auðvitað gera menn mistök í fótbolta. Auðvitað voru þessir Skotaleikir vonbrigði. Við vinnum Makedóna og gerum jafntefli við Noreg, það var gott. Ég hef ekki verið að svekkja mig of mikið á þessu enda þýðir það ekki," sagði Ólafur, sem dregur ekki dul á mikilvægi þess að fá eitthvað út úr leiknum.

**Verðum að fá eitthvað úr þessum leik**

„Við verðum að fá eitthvað út úr þessum leik. Það er bara staðreynd. Ef við fáum stig út úr þessum leik og skoðum hina leikina þá gæti verið kominn fínn möguleiki aftur. Það er enn möguleiki til staðar," sagði Ólafur en hvernig ætlar hann að spila í dag?

„Við getum ekki farið og sett pressu á Hollendingana því þá munu þeir sundurspila okkur. Eins og ég hef margoft sagt erum við á heimavelli og ég er að velta fyrir mér hvort við eigum ekki að fara ofar á völlinn en síðast þegar við duttum allt of langt til baka. Við munum reyna að fara hærra, en meirihluta leiksins verðum við aftarlega að verjast."

henry@frettabladid.is



**Í LYKILHLUTVERKI** Það mun mikið mæða á þeim Eiði Smára Guðjohnsen og Hermanni Hreiðarssyni í dag.-
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skóaðu þig upp!

## skór á alla fjölskylduna



# Afnemum VSK
## af öllum skóm

BE WILD! FOOTWEAR · DreamTeam · VAGABOND · ecco
aze · STUDIO London · FILANTO · bullboxer · viking Guaranteed waterproof footwear
true · Reebok · grisport · LATIBÆR · Barbie · DORA
melania · Sanita · Waterland · SPIDERMAN

Gildir til 7. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

Eyjólfur Sverrisson um tapið gegn Dönum í gær:

# Tökum margt gott út úr leiknum

**FÓTBOLTI** Eyjólfur Sverrisson stýrði U-21 árs landsliði Íslands í sínum fyrsta leik í gær þegar liðið tapaði naumlega, 3-2, gegn Dönum ytra en um vináttulandsleik var að ræða. Eyjólfur var ánægður með margt í leik íslenska liðsins þrátt fyrir tapið.

„Ég var bara mjög sáttur með margt í leik íslenska liðsins og við tókum margt gott út úr leiknum. Við vorum ef til vill of passífir í fyrri hálfleik og lentum þarna 2-0 undir og mér fannst við bera of mikla virðingu fyrir þeim. En komum sterkir til baka eftir það og náðum að setja pressu á þá og jöfnum leikinn í 2-2. Eftir það fengum við góð upphlaup og vorum í raun líklegri en þeir til þess að skora en þetta féll þeirra megin,“ segir Eyjólfur.

Eyjólfur er ánægður með að vera kominn aftur með U-21 árs liðið en þetta er í annað skiptið sem hann þjálfar liðið.

„Þetta er bara mjög skemmtilegt verkefni og þetta eru góðir strákar sem vilja bæta sig og ég mun gera mitt besta til þess að hjálpa þeim að taka framförum,“ segir Eyjólfur en leikurinn gegn Dönum í gær var liður í undirbúningi liðsins fyrir undankeppni EM. **- óþ**



**EYJÓLFUR** Ánægður með íslensku strákana í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Föst leikatriði eru lykillinn

**Hermann Hreiðarsson og Grétar Rafn Steinsson eru klárir fyrir draumaleik gegn stórstjörnum Hollands. Hafa trú á að Ísland geti náð hagstæðum úrslitum.**

**FÓTBOLTI** Varnarmennirnir Hermann Hreiðarsson og Grétar Rafn Steinsson ætla að reyna sitt allra besta til þess að gera Hollendingum lífið leitt á Laugardalsvelli í dag þegar liðin mætast í undankeppni HM 2010. Þeir félagar hafa fulla trú á því að Ísland geti náð jákvæðum úrslitum í leiknum.

„Þetta er heldur betur verðugt verkefni og það verður gaman að mæta þessum körlum aftur. Við áttuðum okkur hins vegar alveg á því eftir að hafa mætt þeim í Hollandi í fyrri leiknum, að við komum alveg til með að fá okkar færi ef við spilum eins og menn. Þeir eru náttúrulega mjög góðir í því að halda boltanum innan liðs síns, en þeir áttu samt í miklum erfiðleikum með að komast í gegnum okkur og við ætlum að gera þeim erfitt fyrir aftur,“ segir Hermann.

Hermann segir íslenska liðið vera hungrað í fleiri stig í riðlunum og að nú sé ákveðinn stöðugleiki kominn í liðið.

„Við erum náttúrulega hundsvekktir með að hafa ekki fengið neitt stig úr Skotlandsleiknum, þar sem við vorum síst lakari aðilinn og fengum nóg af færum til þess að fá eitthvað út úr þeim. Við höfum annars verið nokkuð stöðugir í leikjum okkar í riðlinum og við munum berjast áfram um annað sætið í riðlinum. Það verður frábært að spila þennan leik,“ segir fyrirliðinn.



**TILBÚNIR Í SLAGINN** Hermann Hreiðarsson, Grétar Rafn Steinsson og Arnór Smárason á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Íslendingar líkamlega sterkari

Grétar Rafn tekur í sama streng og Hermann og getur ekki beðið eftir að mæta Hollendingum en hann missti af fyrri leik liðanna í Hollandi vegna meiðsla sem hann hlaut á síðustu æfingu fyrir leik.

„Þetta er algjör draumaleikur og tilhlökkunin er mikil. Þeir gætu eflaust stillt upp fremur til fjórum liðum sem væru öll á heimsmælikvarða þannig að þetta verður vissulega erfitt. Við vitum samt alveg að við getum náð góðum úrslitum gegn stórum þjóðum, sérstaklega á heimavelli. Við erum líkamlega sterkari en þeir og þurfum að vera fastir fyrir og þéttir varnarlega. Svo verðum við einfaldlega að nýta þau færi sem við fáum, þá sérstaklega úr föstum leikatriðum. Föst leikatriði eru lykillinn að góðum úrslitum hjá okkur í þessum leik,“ segir Grétar Rafn.

omar@frettabladid.is


Samiðn
SAMBAND IÐNFÉLAGA

**Golfmót Samiðnar 13. júní**

Samiðnargolfmótið verður haldið á Golfvellinum í Öndverðarnesi laugardaginn 13. júní. Sérstök athygli er vakin á því að mótið er jafnframt innanfélagsmót aðildarfélaga Samiðnar og er það opið öllum félagsmönnum Samiðnar og fjölskyldum þeirra. Ræst verður út frá kl. 8:30 - 11. Vallargjaldið er kr. 3000 og er innifalið samloka og drykkur.

Skráning er í síma 535 6000 eða í tölvupóstfangið skrifstofa@samidn.is www.samidn.is



ECCO GOLFSKÓR
Ný endursending af 2009 golflínunni komin í Ecco búðina

30% afsláttur af nýju línunni til 22. júní
Griptu tækifærið og fáðu þér golfskó á frábæru verði

ACE 3825353357 Stærðir: 36-43 Verð nú: 17.995 Verð í Evrópu: 27.840
ACE 3825355605 Stærðir: 36-42 Verð nú: 17.995 Verð í Evrópu: 27.840
CASUAL COOL 3855355608 Stærðir: 36-41 Verð nú: 15.995 Verð í Evrópu: 26.100
CASUAL PITCH 3883355601 Stærðir: 36-41 Verð nú: 17.995 Verð í Evrópu: 27.840
CASUAL COOL II 3948455619 Stærðir: 39-47 Verð nú: 19.995 Verð í Evrópu: 31.320
FLEXOR GTX 3840453859 Stærðir: 42-45 Verð nú: 23.995 Verð í Evrópu: 32.590
CLASSIC GTX 39354 51052 Stærðir: 41-45 Verð nú: 19.995 Verð í Evrópu: 29.580
CASUAL COOL II 3940453582 Stærðir: 39-47 Verð nú: 15.995 Verð í Evrópu: 24.360
CASUAL COOL II 3948453376 Stærðir: 39-47 Verð nú: 19.995 Verð í Evrópu: 31.320

*Verð í Evrópu miðast við gengi á evru 174 | Verð nú eru verð með 30% afslætti

ecco KRINGLAN the most comfortable place on earth ecco


Bert van Marwijk, landsliðsþjálfari Hollands, á von á erfiðum leik gegn Íslandi:

# Við höfum fengið viðvörun

**FÓTBOLTI** Hollendingar tóku síðustu æfingu fyrir landsleikinn gegn Íslandi á Laugardalsvellinum í gærkvöld og eftir stutta og snarpa æfingu vellinum var blaðamannafundur. Leikmenn Hollands veittu þó ekki viðtöl þar heldur eingungis landsliðsþjálfarinn Bert van Marwijk.

Marwijk var ekki með neinar orðlengingar á fundinum og svaraði spurningum íslenskra fjölmiðla stutt og skorinort. Hann á von á erfiðum leik á Laugardalsvelli í dag og segir eldri úrslit sem Íslendingar hafa náð á undanförnum árum vera viðvörun fyrir hollenska liðið.

„Við vitum að Íslendingar gerðu jafntefli gegn Spánverjum fyrir einu og hálfu ári. Þeir gerðu svo jafntefli gegn Noregi í þessarri undankeppni auk þess sem þeir unnu Makedóna. Þannig að við höfum fengið viðvörun. Við munum gera allt okkar til þess að vinna leikinn,“ segir Marwijk en sigur í leiknum tryggir Hollendingum endanlega farseðilinn á lokakeppni HM í Suður-Afríku.

Landsliðsþjálfarinn hollenski býst við því að Íslendingar muni liggja til baka, en þó reyna að sækja meira en þeir gerðu í Rotterdam í fyrri leik liðanna.

„Ég hugsa að þeir muni nálgast leikinn með svipuðum hætti og þeir gerðu gegn Skotum og Makedónum á heimavelli. Þeir freistast örugglega til þess að spila meiri sóknarleik en þeir gerðu í fyrri leiknum í Hollandi og ég vona reyndar að þeir færi sig framar á völlinn,“ segir Marwijk en þrátt fyrir að Hollendingar hafi verið mun meira með boltann í fyrri leik liðanna og unnið verðskuldað 2-0 þá áttu þeir í nokkrum vandræðum með að komast í gegnum þéttan varnarmúr Íslendinga í leiknum.

